

Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina

**Dr. Margrét Sigrún Sigurðardóttir
Tómas Young**

Maí 2011

Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina

- Samráðsvettvangur skapandi greina
- Íslandsstofa
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Utanríkisráðuneyti
- Fjármálaráðuneyti
- Iðnaðarráðuneyti
- Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Ágrip

Þegar fjallað er um nýjar atvinnugreinar skipta skilgreiningar miklu máli. Skilgreining skapandi atvinnugreina hefur áhrif á það hvað fellur í þeirra flokk og mismunandi nálgun getur því haft áhrif á niðurstöðurnar. Í þessari skýrslu er alþjóðleg skilgreining Unesco og breska menningarmálaráðuneytisins (e. *Department of Culture, Media and Sport*) notuð. Byggt er á gögnum frá Fjársýslu ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og virðisaukaskattsskrám frá tímabilinu 2005–2009. Gallinn við að nota gögn úr virðisaukaskattsskrám er sá að mörg fög innan skapandi greina eru undaþegin virðisaukaskatti og koma því ekki fram í heildarniðurstöðum. Hluti upplýsinganna kemur þó fram í gögnum frá opinberum aðilum. Það á sérstaklega við um myndlist og rekstur leikhúsa, dans- og óperusýningar og gerir það að verkum að tölur um þessar greinar eru lægri en raunveruleg velta. Hagræn kortlagning sem þessi nær jafnframt ekki að fanga heildarvirði skapandi greina. Til að mynda er hér ekki gerð grein fyrir menningarlegu gildi né gildi skapandi greina fyrir ferðamennsku.

Helstu niðurstöður eru að skapandi greinar hér á landi veltu 189¹ milljörðum árið 2009. Hlutur hins opinbera er um 12,5% af heildarveltu greinanna. Ársverk sama ár voru 9371. Útflutningstekjur skapandi greina voru um 24 milljarðar árið 2009 eða um 3% af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar. Velta skapandi greina hefur haldist nokkuð stöðug þrátt fyrir efnahagslega lægð í öðrum atvinnugreinum og ársverkum hefur fjölgað. Skapandi greinar hafa ótvírætt hagrænt gildi, en einnig er vert að minna á að þær hafa jafnframt menningarlegt gildi, auka áhuga á ferðamennsku og bæta lífsgæði landsmanna.

Hér á eftir fylgja nokkrir áhugaverðir punktar um hagrænt umfang skapandi greina sem og næstu skref:

- 20% af rúmlega sjö þúsund fyrirtækjum og einyrkjum í skapandi greinum stóðu undir rúmlega 95% af heildarveltunni.
- Útflutningur skapandi greina var um 24 milljarðar eða um 3% af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar. Vaxtamöguleikar eru fyrir hendi með bættri þekkingu og rekstrarskilyrðum.
- Mesti vöxtur útflutningstekna undanfarið hefur verið í útgáfu á tölvuleikjum en það er sambærilegt við þróun erlendis.
- Hlutur hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, er um 12,5% af heildarveltu skapandi greina.
- Velta skapandi greina hefur haldist nokkuð stöðug þrátt fyrir efnahagslega lægð í öðrum atvinnugreinum og störfum hefur fjölgað.
- Vöxtur innan skapandi greina hefur verið mestur í útgáfu á tölvuleikjum en hér á landi hefur velta þeirra sexfaldast á árunum 2005–2009. Sömu þróun er að finna erlendis og fylgir hún vexti tölvu og netnotkunar. Nánast öll velta í útgáfu á tölvuleikjum telst til útflutnings.
- Velta ríkisins í menningar- og fjölmiðlamálum hefur nokkurn veginn staðið í stað en séraflatekjur ríkisluta hækkað hlutfallslega.
- Starfsfólki leikhúsanna hefur fækkað á sama tíma og mikil fjölgun hefur átt sér stað í aðsókn að uppfærslum leikhúsanna.
- Afleiðingar efnahagshrunsins má sjá í tölunum en arkitektar fylgja byggingariðnaðinum sem hefur verið í mikilli lægð frá árinu 2008. Á verðlagi hvers árs má sjá að velta í „starfsemi arkitekta“ hefur farið niður fyrir helming þess sem var fyrir hrún.

1 Þessi tala er tveimur milljörðum lægri en tölur frá 1. desember 2010, en þar voru framlög ríkis og sveitarfélaga ofreiknuð sem þessu nemur.

- Í skýrslum frá Norðurlöndum og Evrópu hefur verið bent á að mest aukning hagvaxtar sé í skapandi greinum, sem er ört vaxandi atvinnuvegur.

Næstu skref

- Á næstu mánuðum verður unnin úttekt á stoðkerfi skapandi greina á vegum iðnaðarráðuneytisins, og mun það gefa skýrari mynd af rekstrarskilyrðum fyrirtækja og einyrkja í skapandi greinum.
- Nauðsynlegt er að rannsaka virðisauka skapandi greina því virðisaukatölur gefa mun betri mynd en veltutölur af framlagi skapandi greina til samfélagsins.
- Nauðsynlegt er að rannsaka mun betur þann hluta skapandi greina sem ekki ber virðisauka því aðeins þannig er hægt að gefa viðhlítandi mynd af greinunum í heild.
- Jafnframt þarf að rannsaka vinnumarkað skapandi greinanna.
- Koma þarf gagnasöfnun um skapandi greinar í fastan farveg svo að upplýsingar um þróun greinanna séu aðgengilegar fyrir stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Efnisyfirlit

Myndayfirlit	10
Formáli	12
Inngangur	14

Hluti I 17

Hvað eru skapandi greinar?	17
Virði skapandi greina	19
Aðferðir og gögn	20
Skilgreining Unesco á skapandi greinum	20
Gögn	22
Velta og virðisauki	24
Skipulag skapandi greina	25
Menntun og þekking í skapandi greinum	25
Menningarneysla	26
Skapandi greinar á Íslandi	28
Heildarvelta í skapandi greinum	28
Störf í skapandi greinum	30
Skipting skapandi greina	31
Útflutningur	32
Alþjóðlegur samanburður	35
Evrópa	35
Norðurlöndin	36
Bretland	37
Næstu skref	37

Hluti II 39

Fyrirvarar	39
Áhugaverð atriði	40
Velta í menningarmálum hjá ríki	41
Ársverk í menningarmálum hjá ríki	41
Velta í menningarmálum hjá sveitarfélögum	42
Ársverk í menningarmálum hjá sveitarfélögum	42
Hlutur hins opinbera	42

Velta, launakostnaður, fjöldi ársverka og útflutningstekjur 43

A – Menningar- og náttúruarfleifð 43

91.02.0 Starfsemi safna	43
91.03.0 Rekstur sögulegra staða og bygginga og áþekkra ferðamannastaða	44
91.04.0 Starfsemi grasagarða, dýragarða og þjóðgarða	44

B – Sviðslistir og hátíðarhöld 46

32.20.0 Hljóðfærasmíði	46
47.63.0 Smásala á tónlistar- og myndupptökum í sérverslunum	47
59.20.0 Hljóðupptaka og tónlistarútgáfa	47
90.01.0 Sviðslistir	47
90.02.0 Þjónusta við sviðslistir	48
90.04.0 Rekstur húsnæðis og aðstöðu fyrir menningarstarfsemi	48

Viðbótargögn 49

Tónlist	49
Tónleikahald á Íslandi	49

Plötusala	50
Fjöldi tónlistarmanna	51
Efnahagsleg áhrif íslenskra tónleikahátíða	52
Leikhús	53

C – Sjónlistir og handverk 58

13.10.0 Forvinnsla og spuni á textíltrefjum	58
13.20.0 Textílvafnaður	59
13.91.0 Framleiðsla á hekludum og prjónuðum dúk	59
13.92.0 Framleiðsla á tilbúinni spunavöru annarri en fatnaði	60
13.93.0 Framleiðsla á gólfteppum og mottum	60
14.11.0 Framleiðsla á leðurfatnaði	61
14.12.0 Vinnufatagerð	61
14.13.0 Framleiðsla á öðrum yfirfatnaði	61
14.19.0 Framleiðsla á öðrum fatnaði og fylgihlutum	62
14.31.0 Framleiðsla á sokkum og sokkavörum	62
14.39.0 Framleiðsla á öðrum prjónuðum og hekludum fatnaði	62
15.11.0 Sútun leðurs; sútun og litun á loðskinni	63
15.12.0 Framleiðsla á ferðatöskum, handtöskum og áþekktum vörum; reiðtygjum og skyldum vörum	63
15.20.0 Framleiðsla á skófatnaði	64
17.23.0 Framleiðsla á skrifpappír og skrifstofuvörum úr pappír og pappa	64
47.51.0 Smásala á textílvörum í sérvörslunum	65
47.71.0 Smásala á fatnaði í sérvörslunum	65
74.20.0 Ljósmyndþjónusta	65
90.03.0 Listsköpun	66

Viðbótargögn 68

Myndlist	68
----------	----

D – Bækur og fjölmiðlun 69

18.11.0 Prentun dagblaða	69
18.12.0 Önnur prentun	69
18.13.0 Undirbúningur fyrir prentun	70
18.14.0 Bókband og tengd þjónusta	70
47.61.0 Smásala á bókum í sérvörslunum	71
47.62.0 Smásala á dagblöðum og ritföngum í sérvörslunum	71
58.11.0 Bókaútgáfa	71
58.13.0 Dagblaðaútgáfa	71
58.14.0 Tímaritaútgáfa	72
58.19.0 Önnur útgáfustarfsemi	72
63.91.0 Starfsemi fréttastofa	72
91.01.0 Starfsemi bóka- og skjalasafna	73

Viðbótargögn 74

Bókmenntir	74
------------	----

E – Hljóð, mynd og gagnvirk miðlun 76

18.20.0 Fjölföldun upptekins efnis	76
58.21.0 Útgáfa tölvuleikja	77
58.29.0 Önnur hugbúnaðarútgáfa	77
59.11.0 Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni	77
59.12.0 Starfsemi á sviði eftirvinnslutækni	78
59.13.0 Dreifing á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni	78

- 59.14.0 Kvikmyndasýningar 78
- 60.10.0 Útvarpsútsending og dagskrárgerð 79
- 60.20.0 Sjónvarpsútsendingar og dagskrárgerð 79
- 61.20.0 Þráðlaus fjarskipti 79
- 61.30.0 Gervihnattafjarskipti 80
- 62.02.0 Ráðgjafarstarfsemi á sviði upplýsingatækni 80
- 63.12.0 Vefgáttir 81
- 73.12.0 Auglýsingamiðlun 81
- 77.40.0 Leiga á hugverkum og skyldum eignum sem ekki njóta höfundarréttar 81

Viðbótargögn 83

- Kvikmyndir 83
- Aðgangseyrir að íslenskum kvikmyndum 83
- Kvikmyndahús 84

F – Hönnun og aðrar skapandi þjónustugreinar 85

- 71.11.0 Starfsemi arkitekta 85
- 73.11.0 Auglýsingastofur 85
- 74.10.0 Sérhæfð hönnun 86

Viðbótarupplýsingar 87

- Hönnun 87
- Auglýsingastarfsemi 87

G – Ferðaþjónusta 88

- 55.10.0 Hótel og gistiheimili 88
- 55.20.0 Orlofsdvalarstaðir og annars konar gístiaðstaða 88
- 55.30.0 Tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi 89
- 79.11.0 Ferðaskrifstofur 89
- 79.12.0 Ferðaskipuleggjendur 89

H – Tómsundur 91

- 93.21.0 Starfsemi skemmti- og þemagarða 91
- 93.29.0 Önnur ótalin skemmtun og tómsundastarf 91

Alhliðagreinar 92

Menntun og þjálfun 92

- 72.20.0 Rannsóknir og þróunarstarf í félags- og hugvísindum 92
- 85.41.0 Fræðslustarfsemi á viðbótarstigi 92
- 85.42.0 Fræðslustarfsemi á háskólastigi 92
- 85.52.0 Listnám 93

Gagnavarsla og viðhald 93

- 74.30.0 Þýðingar- og túlkunarþjónusta 94
- 84.12.0 Stjórnýssla á sviði heilbrigðisþjónustu, mennta- og menningarmála og félagsmála, þó ekki almannatryggingar 94

Búnaður og stuðningsvörur 95

- 26.30.0 Framleiðsla fjarskiptabúnaðar 95
- 46.51.0 Heildverslun með tölvur, jaðartæki fyrir tölvur og hugbúnað 95
- 46.52.0 Heildverslun með rafeinda- og fjarskiptabúnað og tengda hluti 96
- 47.41.0 Smásala á tölvum, jaðarbúnaði og hugbúnaði í sérverslunum 96

- 47.42.0 Smásala á fjarskiptabúnaði í sérvslunum 96
47.43.0 Smásala á hljóð- og myndbandsbúnaði í sérvslunum 97
70.21.0 Almannatengsl 97

Styrkir og stuðningsumhverfi 99

- Viðburðir tengdir skapandi greinum 99
Kynningarmiðstöðvar skapandi greina 99
ÚTÓN (Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar) 99
Íslensk tónverkamiðstöð 100
Kvikmyndamiðstöð 100
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar 100
Hönnunarmiðstöð Íslands 100
Icelandic Gaming Industry 101
Leiklistarsamband Íslands 101
Bókmenntasjóður 102
Styrkir og sjóðir 102
Listamannalaun 102
Kvikmyndasjóður 103
Endurgreiðslur vegna framleiðslu kvikmyndaefnis 103
Tónlistarsjóður 103
Reykjavík Loftbrú 104
Launasjóður fræðirithöfunda 104
Safnasjóður 104
Aðrir sjóðir 104

Viðaukar 106

- Viðauki 1 – Gögn frá Fjársýslu ríkisins 106
Viðauki 2 – Gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 114
Viðauki 3 – Gögn úr virðisaukaskattskrá 116
Virðisaukaskattskyld velta skapandi greina 117
Launakostnaður skapandi greina samkvæmt virðisaukaskattskyldri starfsemi 119
Ársverk skapandi greina samkvæmt virðisaukaskattskyldri starfsemi 121
Útflutningstekjur skapandi greina í virðisaukaskattskyldri starfsemi 123

Heimildaskrá 125

Myndayfirlit

- Mynd 1 The Creative industries – a stylised typology 18
Mynd 2 Kjarna- og stoðgreinar skapandi greina 22
Mynd 3 Neysluútgjöld – tómstundir og menning 26
Mynd 4 Neysluútgjöld – tómstundir og menning. Hlutfall af heildarútgjöldum heimila 27
Mynd 5 Rannsókn á útgjöldum heimilanna 27
Mynd 6 Heildarvelta skapandi greina 28
Mynd 7 Heildarvelta skapandi greina á verðlagi ársins 2010 29
Mynd 8 Hlutfall virðisaukaskattskyldrar veltu skapandi greina af heildarveltu allra atvinnugreina á Íslandi 29
Mynd 9 Ársverk í skapandi greinum (sveitarfélög undanskilin) 30
Mynd 10 Hlutfall ársverka af heildarvinnuafla í völdum greinum 31
Mynd 11 Virðisaukaskattskyld velta kjarna- og stoðgreina skapandi greina 32

Mynd 12	Heildarútflutningur skapandi greina 2005–2009	33
Mynd 13	Samanburður á útflutningstekjum	33
Mynd 14	Hlutfall útflutningstekna skapandi greina af heildarútflutningi	34
Mynd 15	Útflutningur skapandi greina eftir atvinnugreinaflokkum	34
Mynd 16	Helstu útflutningsgreinar skapandi greina í Bretlandi árið 2007	35
Mynd 17	Gestir safna 1995–2006	45
Mynd 18	Tónleikahald eftir tegund og landshlutum 1995–2008	49
Mynd 19	Tónleikahald eftir landshlutum 2008	50
Mynd 20	Söluandvirði hljóðrita í heildsölu 1994–2009	50
Mynd 21	Söluandvirði hljóðrita í Svíþjóð 2000–2008	51
Mynd 22	Félög íslenskra tónlistarmanna	51
Mynd 23	Félagatal Félags íslenskra hljómlistarmanna eftir deildum 1996–2009	52
Mynd 24	Fjöldi sýninga í leikhúsum 2000–2010	54
Mynd 25	Fjöldi leikhúsagesta hjá atvinnuleikhópum og áhugaleikfélögum	55
Mynd 26	Fjöldi leikhúsagesta í leikferðum leikhúsa og atvinnuleikhópa innanlands	55
Mynd 27	Fjöldi leikhúsagesta í leikferðum leikhúsa og atvinnuleikhópa erlendis	56
Mynd 28	Fjöldi leikhússtarfsmanna 1996–2010	56
Mynd 29	Tekjur og gjöld leikhúsa 1996–2008	57
Mynd 30	Fjöldi félagsmanna í sviðlistum	57
Mynd 31	Félagatal Sambands íslenskra myndlistarmanna eftir aðildarfélögum 1996–2009	68
Mynd 32	Sýningar innlendra myndlistarmanna	68
Mynd 33	Útgefnar bækur á Íslandi	74
Mynd 34	Fjöldi félaga í Rithöfundarsambandi Íslands	75
Mynd 35	Félög kvikmyndargerðarmanna	83
Mynd 36	Framleiddar langar leiknar íslenskar kvikmyndir 1977–2009	83
Mynd 37	Heildarfjöldi gesta kvikmyndahúsa	84
Mynd 38	Andvirði af innlendum og erlendum löngum leiknum kvikmyndum 1996–2009	84
Mynd 39	Félagatal í hönnun	87
Mynd 40	Auglýsingatekjur eftir flokkum fjölmiðla 2005–2009	87
Mynd 41	Samantekt á virðisaukaskattskyldri veltu skapandi greina	98

Formáli

„Það eru örlög Íslendinga að vera skapandi þjóð.

Þeir voru rifnir upp úr heimkynnum sínum í árdaga og settir niður hér svo að segja á óþekktri reikistjörnu og þurftu að hafa fyrir því að búa allt til upp á nýtt. Taka upp úr töskum hugans: trú, siði, skáldskap, ættfræði, örnefni... Þeir eru ásamt Færeyingum einasta dæmið í nútíma um þjóð sem hefur komið að ónumdu landi. Fyrir bragðið geta Færeingar ekki hætt að dansa og Íslendingum er áskapað að tjá sig og skapa.“ (*Pétur Gunnarsson, Fréttablaðið, 5. mars 2010, Hinn árlegi héraðsbrestur*)

1. desember 2010 vitnaði ég í þessi orð Péturs um leið og tölulegar niðurstöður kortlagningar á hagrænum áhrifum skapandi greina voru kynntar. Orð Péturs eiga vel við þegar fjallað er um aðdragandann að þessu verkefni. Á Íslandi hefur lengi verið frjór jarðvegur fyrir skapandi greinar. Listamenn hafa náð framúrskarandi árangri á alþjóðavettvangi og margt sem búið er til á Íslandi sem lýtur að hugverki og sköpun vekur eftirtekt og hlýtur viðurkenningu. Hagræn áhrif þessarar starfsemi hafa hins vegar aldrei áður verið tekin saman og því hafa oft vaðið uppi villandi fullyrðingar um að listamenn séu afætur á samfélaginu og að starfssemi þeirra geti ekki talist til verðmætasköpunar. Menning og listir skapa verðmæti í víðum skilningi en hér var aðeins leitast við að leggja mat á þau efnahagslegu verðmæti sem skapast út frá þeirri skilgreiningu sem Unesco hefur gefið út á skapandi greinum sem atvinnuvegi.

Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt og ritað um vöxt skapandi greina í heiminum. Í Grænbók Norrænu Nýsköpunarmiðstöðvarinnar, sem gefin var út í lok árs 2007, var talað um hraðan vöxt í skapandi greinum og að í þeim fælist vaxtarsproti sem gefa bæri gaum. Í Grænbók sem kom út á vegum Evrópu-sambandsins í apríl 2010 var atvinnuvegurinn skilgreindur sem „Culture and Creative Industries (CCI)“ og jafnframt talað um að stefnumótandi aðilar þyrftu að veita þessari atvinnugrein meiri athygli og skilning.

Umræðan á Íslandi þróaðist í eðlilegu samhengi við þetta. Fólk fór að gefa samlegð skapandi greina meiri gaum og einnig keðjuverkandi áhrifum leikja-gerðar, kvikmyndaframleiðslu, ritstarfa, sviðslista, tónlistar, hönnunar og myndlistar. Auður Edda Jökulsdóttir, menningarfulltrúi utanríkisráðuneytisins, átti heiðurinn af því að stefna forstöðumönnum kynningarmiðstöðva í öllum greinum saman snemma árs 2009. Í framhaldinu þróaðist samtal á milli greinanna sem leiddi til þess að samráð myndaðist og sameiginleg verkefni komust á laggirnar. Fyrsta samstarfsverkefnið var árleg ráðstefna, You are in Control, sem var haldin í fyrsta skipti undir sameiginlegum formerkjum í september 2009. Í framhaldinu var blásið til stefnumótunar í samstarfi við Samtök iðnaðarins til að rýna í það sem sameinar okkur. Stefnumótunarfundurinn fór fram á Hótel Keflavík í byrjun desember 2009 með um 30 manna hópi úr sviðslistum, hönnun, leikjum, bókmenntum, kvikmyndum, tónlist og myndlist. Niðurstaða þeirrar vinnu var að brýnt væri að kortleggja umfang og hagræn áhrif skapandi greina á Íslandi. Upp úr þessu varð til samráðsvettvangur sem átti frumkvæði að verkefninu og samdi við fimm ráðuneyti og Íslandsstofu um að fjármagna kortlagninguna. Colin Mercer leiddi verkið til að byrja með en hann hafði vakið athygli margra okkar á Norrænu menningarþingi í Berlín sem haldið var í nóvember 2009. Hann hélt einnig erindi á stefnumótunarfundinum í Keflavík. Í febrúar 2010 hófst hann handa við að skilgreina verkefnið og leggja línurnar um aðferðir og nálgun. Samið var við Colin Mercer um að leiða verkið

Í samstarfi við Margréti Sigrúnu Sigurðardóttur lektor við viðskiptaskor Háskóla Íslands. Tómas Young rannsakandi var ráðinn aðstoðarmaður þeirra. Colin heltist úr lestinni vegna veikinda í október sl. Margrét Sigrún Sigurðardóttir tók við stjórn verkefnisins og hafa hún og Tómas Young skrifað skýrsluna sem fylgir þeim tölulegu niðurstöðum sem kynntar voru 1. desember sl.

Fyrir hönd samráðsvettvangs skapandi greina vil ég þakka ráðherrum og þeim starfsmönnum ráðuneyta sem hafa komið að þessu verkefni en þetta eru mennta- og menningarmálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, efnahags- og viðskiptaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Ég þakka Íslandsstofu fyrir þeirra góða stuðning við verkefnið. Þá vil ég þakka Samtökum iðnaðarins fyrir þeirra aðstoð og framlag til verkefnisins. Að lokum vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem hafa lagt hönd á plóg við að veita upplýsingar og veitt rannsakendum liðsinni ekki síst starfsfólki Hagstofu Íslands, Fjársýslu ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Með þessu sameiginlega átaki okkar hafa skapandi greinar verið dregnar fram í dagsljósið í nýju samhengi. Skapandi greinar er atvinnuvegur sem veltir að minnsta kosti 189 milljörðum króna á ári og skapar upp undir 10.000 störf. Með þessar upplýsingar í farteskinu vitum við að skapandi greinar eru einn stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar og verðskuldar athygli og skilning stefnumótandi aðila. Þetta er atvinnuvegur sem bæði getur og vill koma að uppbyggingu Íslands og vill gera það í góðu samstarfi við opinbera aðila. Ánægjuleg skref hafa þegar verið tekin varðandi áframhaldandi vinnu. Starfshópur sem settur var á laggirnar í janúar sl. mun brátt skila tillögum til ríkisstjórnarinnar og fljótlega fer af stað rannsókn á stoðkerfi við íslenskt atvinnulíf og hvernig það þjónar skapandi greinum. Það er brýnt að vel verði haldið utan um áframhaldandi mælingar og stefnumótun skoðuð í samhengi við þann styrk sem hlýst af því að Íslendingar eru skapandi þjóð og allar skapandi greinar eru mikilvægir hlekkir í þeirri keðju.

2. maí 2011

Fyrir hönd Samráðsvettvangs skapandi greina
Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri ÚTÓN

Inngangur

Skapandi greinar hafa á undanförunum árum vakið aukinn áhuga stjórnvalda og fræðimanna um allan heim og þá ekki síst í norrænu samhengi. Íslendingar hafa tekið þátt í nokkrum verkefnum á vegum Norræna nýsköpunarsjóðsins um skapandi greinar en niðurstaða þeirra verkefna hefur alltaf verið á sama veg – það skortir tölur frá Íslandi þetta er ekki síst áberandi í Grænbók sem Norræna Nýsköpunarmiðstöðin gaf út árið 2007, en þar segir:

The lack of consistency and coordination in data gathering and intelligence development across the Nordic Region presents makes effective policy difficult, not least because it leaves the scale, scope and impact of the sector open to question. For instance, it is very unfortunate that Iceland has not undertaken any systematic overall sector mapping at a national level; and it is disappointing that pan-Nordic methodologies are not currently under development (Fleming, 2007).

Með þeirri kortlagningu skapandi greina sem sett er fram í þessari skýrslu er hinsvegar brotið blað. Í fyrsta skipti er umfang skapandi greina á Íslandi kortlagt og til verður yfirlit sem myndar grundvöll fyrir upplýstari ákvarðanatöku um málefni skapandi greina á Íslandi. Hér er þó ekki um að ræða fullkomið yfirlit. Virðisaukatölur hefðu til að mynda gefið mun betri mynd af framlagi skapandi greina til samfélagsins en veltutölur. Til viðbótar því er hluti þess sem við skilgreinum sem skapandi greinar undanþeginn virðisaukaskatti og því ekki inni í heildarniðurstöðum. Engu að síður eru hér vísbendingar um mikilvægi skapandi greina í hagrænu samhengi, forsmekkur sem vonandi leiðir til þess að nákvæmari talna um skapandi greinar verði leitað.

Ítreka skal að þessar fyrstu tölur um skapandi greinar gefa langt í frá endanlega mynd af greinum. Ákveðnar greinar vantar, skráningar eru ónákvæmar innan atvinnugreinaflokka og skilgreining á skapandi greinum getur valdið því að fyrirtæki sem telja sig starfa innan skapandi greina detta út af listanum eða öfugt. Þessar tölur gefa óneitanlega vísbendingu og varpa ljósi á atvinnugrein sem ekki hefur áður verið sérstaklega haldið á lofti sem mikilvægum hluta hagkerfisins. Það er von okkar sem unnum að verkefninu að upplýsingar um veltu skapandi greina á Íslandi gefi hvoru tveggja stjórnvöldum og þeim sem starfa innan skapandi greina betra tækifæri til ákvarðanatöku, markmiðssetninga og áætlanagerðar. Auk þess staðfestir kortlagningin sess skapandi greina sem mikilvægan hluta af hagkerfinu, það er – alvöru vinnu.

Við höfum, í kortlagningarvinnunni, notað ramma sem Colin Mercer, breskur sérfræðingur, skilgreindi fyrir verkefnið á vormánuðum 2010. Á haustmánuðum sama árs náðust samningar við Hagstofu Íslands um afhendingu gagna úr virðisaukaskattsskrám. Á sama tíma tókum við sem skrifum þessa skýrslu við ábyrgð á verkefninu vegna veikinda Colins Mercer. Áfram var unnið með ramma sem skilgreindur var í upphafi en það kom í okkar hlut að setja hann í fræðilegt og hagrænt samhengi. Sú vinna birtist hér í þessari skýrslu.

Rétt er að taka fram að í þeim tölum sem hér eru birtar hafa framlög hins opinbera til menningarmála verið leiðrétt en þau voru ranglega talin í þeim gögnum sem birt voru 1. desember 2009. Á sama tíma er rétt að taka fram að framlög til Listaháskóla Íslands falla í flokkinn menntamál en ekki undir menningu. Þannig er ekki útilokað að fleiri flokkar sem falla undir skilgreiningu Unesco falli í aðra flokka sem ekki eru taldir hér.

Fyrsti hluti skýrslunnar fjallar almennt um skapandi greinar í fræðilegu samhengi; þ.e. hvað skapandi greinar eru. Þá er fjallað um virði skapandi greina, aðferð og gögn, veltu og virðisauka, skipulag skapandi greina, menntun og þekking í skapandi greinum, menningarneyslu, skapandi greinar á Íslandi, heildarveltu og störf innan skapandi greina, skiptingu skapandi greina, útflutning, alþjóðlegan samanburð og að lokum er rætt um næstu skref.

Í öðrum hluta eru birtar tölur fyrir hvern geira skapandi greina fyrir sig. Ekki er fjallað sérstaklega um tölur í undirgreinum en almennir fyrirvarar settir um gögnin. Til dæmis að í myndlist og sviðslistum er stór hluti rekstrar undanþeginn virðisaukaskatti og gefur því takmarkaða mynd af veltu í þeim greinum. Í viðaukum er að finna upplýsingar um útgjöld og tekjur ríkis í menningarmálum, skýrt er hvernig Samband íslenskra sveitarfélaga heldur utan um gögn um menningu og upplýsingar frá Hagstofu Íslands um veltu, launakostnað, fjölda ársverka og útflutningstekjur eftir Ísat-atvinnugreinaflokkun.

Þó við tvö sem þetta ritum höfum borið hitann og þungan af þessu verkefni á fjöldi annarra þakkir skildar. Samráðsvettvangur skapandi greina: Anna Hildur Hildibrandsdóttir, Ása Richardsdóttir, Erla Bjarney Árnadóttir, Dorothee Kirch, Halla Helgadóttir, Laufey Guðjónsdóttir, Sigfríður Björnsdóttir, Þorgerður Agla Magnúsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir, forseti Bandalags íslenskra listamanna, hafa allar veitt okkur mikinn stuðning. Til viðbótar viljum við þakka fulltrúum ráðuneytanna og Íslandsstofu fyrir þeirra aðkomu. Dr. Gauti Sigbórsson, Dr. Gylfi Magnússon og Kristín Atladóttir lásu yfir fyrsta hluta skýrslunnar og komu með ómetanlegar ráðleggingar. Við flytjum þeim öllum bestu þakkir.

Ennfremur viljum við þakka Stefáni Jansen hjá Hagstofu Íslands, Pétri Jónssyni og Ragnheiði Gunnarsdóttur hjá Fjársýslu ríkisins, Jóhannesi Á. Jóhannessyni hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Davíð Lúðvíkssyni og Bjarna Má Gylfasyni hjá Samtökum iðnaðarins, Hjálvari Gíslasyni hjá Datamarket.is, Klöru Dögg Steingrímsdóttur og Bjargey Önnu Guðbrandsdóttur kærlega fyrir þeirra aðkomu. Að lokum viljum við þakka Þórdísi Gísladóttur fyrir prófarkalestur og Birnu Geirfinnsdóttur fyrir hönnun og uppsetningu á skýrslunni.

Reykjavík 3. maí 2011

Dr. Margrét Sigrún Sigurðardóttir
Tómas Young

HLUTI I

Hvað eru skapandi greinar?

Þegar unnið er að verkefni sem þessu um hagræna kortlagningu skapandi greina er mikilvægt að gera nákvæma grein fyrir hvað er átt við með hugtakinu skapandi greinar, enda skiptir það meginmáli um niðurstöðuna hvað falli undir skilgreininguna og þar með hver mæling á umfangi verður.

Til þess að taka afstöðu til skilgreiningar og ákvörðunar um hana eru nokkur hugtök sem ekki verður komist hjá að velta upp en það eru hugtökin menning (e. *culture*), sköpun (e. *creativity*) og atvinnugreinar eða iðnaður (e. *industry*). Þessi hugtök gegna lykilhlutverkum þegar fjallað hefur verið um menningu og listir í hagrænu samhengi (Throsby, 2008). Á íslensku eru hugtökin menning og listir nátengd og í almennri umræðu oftast ekki tengd við þann hluta sköpunar sem notið hefur ríkisstyrkja. Áherslan á hlutverk opinberra aðila hefur einnig verið nátengd áherslu menningarhagfræði á réttlætingu þess að styðja við menningu og listir vegna menningarlegs gildis (Towse, 2003). Fyrirnefnd áhersla á opinberan stuðning við listir hefur þó á undanförunum árum vikið fyrir áherslu á listir og sköpun sem atvinnugreinar eða iðnað, á ensku „industries“. Með þessari breyttu orðanotkun hefur áherslan færst frá umræðu um innihald og menningarlegt gildi yfir á framleiðslu og hagræn áhrif. Á íslensku hefur orðið iðnaður takmarkaðri merkingu en enska orðið „industry“ og því hefur skapast sú hefð á íslensku að tala um skapandi atvinnugreinar eða skapandi greinar. Með áherslu á orðið greinar fremur en iðnað er byggt á því að hugtakið atvinnugrein hefur í almennu tali víðtækari skírskotun í orðræðu sem tengist til dæmis lögum, reglum, menntun og hagsmunasamtökum á meðan orðið iðnaður vísar nánast eingöngu í framleiðsluhlutann. Þá er styttingin í skapandi greinar, ágæt vísun í orð eins og listgreinar, og því tamari þeim greinum sem falla undir skapandi greinar.

Orðið sköpun er sambærilegt enska orðinu ‘creativity’, en orðið sköpun hefur þó að vissu leyti víðari skírskotun en ‘creativity’, þar sem við tengjum orðið ekki síður við nýsköpun en listsköpun. Í grunninn vísar sköpun til þess að búa til en til viðbótar við það fylgir orðinu einnig skírskotun í frumleika og í tilfelli orðsins nýsköpun til frumleika sem leiðir til markaðsforskots. Í samhenginu skapandi greinar er vísunin fyrst og fremst í listrænan skilning orðsins.


Hugmyndin um „Creative industries“ sem við höfum valið að kalla skapandi greinar er fremur ný af nálinni og kom fyrst upp í Ástralíu árið 1996 (Potts og Cunningham, 2008) í tengslum við opinbera stefnumótun. Hugtakið var fyrst notað í opinberri umræðu í Bretlandi árið 1998. Eftir að Verkamannaflokkurinn komst til valda setti hann menningu, íþróttir og fjölmiðla undir eitt ráðuneyti (Department of Culture, Media and Sport) og tók að líta á skapandi greinar sem hluta atvinnulífsins og mikilvægan þátt í þjóðarframleiðslu, einkum í ljósi vaxandi mikilvægis stafrænna miðla, tölvuforrita og tölvuleikja (Garnham, 2005).

Þessi tiltölulega nýja áhersla á skapandi greinar fremur en listir og menningu þýðir þó ekki að þar með sé mikilvægi umræðu um menningu og listir úr sögunni, en menning og listir í þeirri hefðbundnu áherslu sem lýst var hér að framan eru mikilvægur hluti skapandi greina (Throsby, 2008). Þannig er kortlagningu á skapandi greinum ætlað að fanga hvoru tveggja framlög ríkis og sveitarfélaga til menningar og lista sem og einkarekstur í hagnaðarskyni.

Hvað fellur svo undir skapandi greinar? Nokkrar mismunandi leiðir hafa verið farnar að því að skilgreina hvaða þættir samfélagsins tilheyra skapandi greinum. Þeir sem fjalla um skapandi greinar fræðilega hafa mjög mismundi áherslur. Hesmondhalgh (2002) byggir skilgreiningu sína á innihaldi sem hefur táknræna merkingu. Erfitt getur þó verið að meta hvar þessi táknræna merking er til staðar og hvar ekki og hefur höfundarréttur verið notaður sem útgangspunktur í skilgreiningum á skapandi greinum (til að mynda hjá WIPO – World Intellectual Property Organization)(Throsby, 2008). Aðrar þekktar skilgreiningar eru til dæmis skilgreining Caves (2000) sem byggir á því að kjarnastarfsemi byggir á menningarlegum, listrænum eða afþreyingarlegum gildum. Throsby (2001) byggir skilgreiningu sína á því hversu mikilvægt tjáningargildi (e. *expressive value*) vörunnar er í hverju tilviki...„Sammiðjahringjum“ Throsbys er þannig oft stillt upp á mynd þar sem listir og menning eru í innsta hringnum með mest tjáningargildi. Eftir því sem utar dregur minnkar það gildi.

Mynd 1

The Creative industries – a stylised typology.
Heimild: Work Foundation, 2007



Taka þarf tillit til þess hvort rætt er um skapandi greinar út frá vinnuafli eða framleiðslu. Á svipuðum tíma og Caves setti fram skilgreiningu sína á skapandi greinum, sem byggir á framleiðslu, setti Florida fram skilgreiningu á skapandi vinnuafli (e. *creative class*). Florida fjallaði einkum um mikilvægi skapandi vinnuafli í vexti og viðgangi borga eða landsvæða (Florida, 2002). Nokkur gagnrýni hefur komið fram á framsetningu Florida meðal annars á að skilgreiningin á skapandi vinnuafli sé allt um lykjandi og að of stór hluti vinnuafli teljist til þess (Cunningham, 2010; McGuigan, 2009). Cunningham leggur þó engu að síður til að byggt verði á vinnuafllsskilgreiningu í umfjöllun um skapandi greinar, enda séu afurðir skapandi vinnuafli oft en ekki faldar

inni á milli í greinum sem myndu ekki falla undir skapandi greinar ef byggt væri á framleiðsluskilgreiningu. Á þetta sérstaklega við um hönnun en hennar þáttur í almennri framleiðslu er oft vanmetinn og í framleiðsludrífinni skilgreiningu á skapandi greinum myndi afraksturinn af hönnun þeirra sem vinna t.d. hjá fyrirtækjunum Össur eða Marel ekki teljast með þó hönnunin hafi engu að síður skilað fyrirtækjunum óbeinum tekjum. Sú nálgun að fjalla um skapandi greinar í víðara samhengi stuðningsgreina og framleiðslu er nefnd „skapandi þríeytingin“ (e. *creative trident*) (Cunningham, 2011).

Ólíkar skilgreiningar á skapandi greinum skila mjög ólíkum niðurstöðum um stærð þeirra. Í grein um skilgreiningar á skapandi greinum sýnir Throsby (2008) til að mynda fram á að WIPO skili hærri niðurstöðum en aðrar skilgreiningar.

Hér er byggt á hugmyndafræði í anda skapandi þríeytingar. Kortlagning á hagrænu umfangi er þó alltaf háð aðgengi að gögnum og hér á landi hefur aðgengi að gögnum um skapandi greinar verið mjög ábótavant. Ekki var möguleiki á að fá gögn um ársverk nema í gegnum staðgreiðsluskrá eftir Ísat- atvinnugreinaflokkun en þar er skilgreint út frá framleiðslu. Fjársýsla ríkisins gat útvegað rannsakendum gögn um fjölda ársverka í menningarmálum og fjölmiðlun en Samband íslenskra sveitarfélaga kvaðst ekki halda utan um slík gögn. Það var því ljóst að ekki yrði unnt að byggja kortlagningu á skapandi greinum á Íslandi á vinnumarkaðsgögnum líkt og gert hefur verið Ástralíu.

Kortlagning skapandi greina á Íslandi er því framleiðsluskilgreind og byggir á Ísat atvinnugreinaflokkun. Nokkuð misræmi er milli landa um hvaða atvinnugreinar falla innan skapandi greina en misræmið hefur veruleg áhrif á það hver útkoma kortlagningar verður. Í tengslum við endurskilgreiningu á tölfræði um menningu og listir ákvað Unesco að fara í skilgreiningarvinnu á því hvað fælist í skapandi greinum eða því sem Unesco kallar „Cultural and Creative industries“. Í þeirri vinnu var að nokkru lítið til þeirrar skilgreiningar sem breska menningarmálaráðuneytið setti fram (Department of Culture, Media and Sports, 2010a, 2010b; Work Foundation, 2007). Með tilkomu skilgreiningar Unesco (2010) og þeim ramma sem settur er um kortlagningu skapandi greina hefur vonandi orðið til rammi sem almennt verður notaður í kortlagningu skapandi greina héðan í frá. Þar sem ramminn var gefinn út árið 2010 má áætla að Ísland verði eitt fyrsta landið til þess að birta tölur byggðar á þessum ramma. Til viðbótar skilgreiningu Unesco höfum við hér lítið til DCMS (e. *Department of Culture, Media and Sport*) um vigtun á þeim greinum innan rammans sem ekki teljast til kjarnagreina skapandi greina (umræðu um vigtunina má sjá í viðauka 3).

Virði skapandi greina

Markmið þessarar kortlagningar skapandi greina er að gefa vísbendingu um hagrænt umfang þeirra. Það er þó ekki eina virði skapandi greina. Með því að leggja hagrænt mat á umfangið er ekki gert lítið úr menningarlegu virði þeirra.

Hætta er á að með því að fanga hagrænt umfang verði áhersla opinberra aðila í framhaldinu á þær greinar sem mestu skila þjóðarþúinu, t.d. í útflutnings- tekjum á kostnað þeirra sem minna skila fjárhagslega. Slík áhersla bæri þó vitni um skammsýni, enda tengjast skapandi greinar mjög innbyrðis og mikilvægi klassískrar tónlistarmenntunar verður ekki eingöngu metið í arði af klassískri tónlist heldur hefur hún einnig áhrif í popptónlist, kvikmyndum og jafnvel tölvuleikjum.

Hagrænni kortlagningu á skapandi greinum er ekki ætlað að draga úr menningarlegu gildi skapandi greina heldur einfaldlega að áætla með tölu- legum hætti umfang og hagræna stærð. Kortlagning sem þessi er mikilvægur liður í því að sýna að skapandi greinar séu mikilvægur hlekkur í hagkerfi landsins, að þær skapi fjölda manns vinnu og velti miklum fjármunum og að þeir opinberu fjármunir sem lagðir eru til lista og menningar leiði ekki eingöngu til menningarlegra verðmæta heldur einnig til atvinnusköpunar. Það er ekki bara bein velta skapandi greina sem hefur hagrænt gildi heldur hafa skapandi greinar jafnframt áhrif á aðrar atvinnugreinar, til að mynda með því að stuðla að nýsköpun í öðrum greinum (UNCTAD, 2010). Kortlagning sem þessi mun þó aldrei ná að fanga heildarvirði skapandi greina fyrir vöxt og viðhald annarra atvinnugreina á Íslandi. Auk þess eru skapandi greinar talinn mikilvægur þáttur í að auka lífsgæði íbúa (Landry, 2000).

Umræðan um áhrif skapandi greina á aðrar greinar hagkerfisins hefur fengið byr undir báða vængi með umræðunni um upplifunarhagkerfið (e. *experience economy*). Hugmyndin um upplifunarhagkerfið (Pine og Gilmore 1998) byggir á því að í neyslu okkar sækjumst við ekki eingöngu eftir vörunni eða þjónustunni og þeirri þörf sem hún uppfyllir, heldur sækjumst við í auknum mæli eftir upplifun. Upplifunin er í miklum mæli sótt til skapandi greina – ekki síst í ferðaþjónustu (Richard og Wilson, 2006). Það er því ljóst að skapandi greinar hafa virði umfram hagrænt og menningarlegt virði greinanna sjálfra. Felst virði þeirra í því að þær búa öðrum greinum inntak, meðal annars ferðaþjónustu, með því að laða ferðamenn að viðburðum og stofnunum. Þetta sést til að mynda í upplýsingum um erlenda ferðamenn á Iceland Airwaves-hátíðinni en helstu niðurstöður rannsóknar sem framkvæmd var á hátíðinni árið 2010 sýna að erlendir gestir hátíðarinnar verja rúmum 300 milljónum króna á meðan dvöl þeirra stendur, en þá er ferðakostnaður til landsins undanskilinn. Það má því gróflega áætla að viðburðurinn skili um 400–500 milljónum króna í þjóðarbúið (sjá nánar í hluta II) (Tómas Young, 2008, 2010a).

Þrátt fyrir mikilvægi skapandi greina í ferðamennsku verður að fara varlega í að styðja við bakið á skapandi greinum eingöngu í þeim tilgangi að stuðla að aukinni ferðamennsku. Til þess að skapandi greinar laði raunverulega að ferðamenn má ekki skyggja á trúverðugleika þeirra sem verður því aðeins til að starfsemi skapandi greina sé rekin á þeirra eigin forsendum (Pine og Gilmore, 1998; Richard og Wilson, 2006; Hera Brá Gunnarsdóttir, 2010; Getz, 1989). Rannsóknir hafa sýnt að ferðamenn eru fljótir að sjá í gegnum svo kallaðar ferðamanngildir þar sem afþreying er sett fram eingöngu í þeim tilgangi að laða að erlenda ferðamenn (MacCannell, 1999). Viðburðir sem skipulagðir eru af heilum hug og fanga hvoru tveggja innlenda og erlenda áhorfendur ganga vel en forsendan er að innlend listsköpun að fá að blómstra á eigin forsendum.

Aðferðir og gögn

Í þessum kafla verður fjallað um skilgreiningu Unesco á skapandi greinum og hvernig gögn voru fengin fyrir þessa flokka á Íslandi og takmarkanir þeirra.

Skilgreining Unesco á skapandi greinum

Í þessari kortlagningu á skapandi greinum er stuðst við FCS-rammann (e. *Framework for Cultural Statistics*) frá Unesco (2010). Ramminn byggist á nokkrum yfirflokkum sem sýndir eru á mynd 2. Flokkarnir innihalda allir atvinnugreinar, athafnir, venjur sem eiga það sameiginlegt að flokkast undir menningu og skapandi greinar. Flokkarnir eru:

- A: Menningar- og náttúruarfleifð
- B: Sviðslistir og hátíðarhöld
- C: Sjónræn list og handverk
- D: Bækur og fjölmiðlun
- E: Hljóð, mynd og gagnvirkir miðlar
- F: Hönnun og skapandi þjónustugreinar
- G: Óáþreifanleg menningararfleifð

Framsetning þessara flokka er nátengd þrjú greiningarkerfinu í skilgreiningu á skapandi greinum, en er ólík að því leyti að hún byggir á atvinnugreinaflokkum, og þar með framleiðsluskilgreiningu fremur en verkefna- eða vinnuafllsskilgreiningu. Flokkarnir teljast allir til menningar og skapandi greina og standa einnig fyrir þau kjarnasvið sem Unesco hvetur lönd til að safna saman gögnum um. Listinn yfir svið sem teljast til menningar sýnir breidd menningargeirans en sýnir einnig á hverju ramminn er byggður. Hver flokkur er útskýrður nánar í öðrum hluta þessarar skýrslu, þar sem ýmis gögn um skapandi greinar eru flokkuð eftir undirflokkum og skýrð. Í hverjum atvinnugreinaflokki kemur fram velta, launakostnaður, fjöldi ársverka og útflutningstekjur í hverjum atvinnugreinaflokki.

Að auki teljast þrjú alhliðasvið (e. *transversal domains*) eða greinar sem tekið er tillit til í rammaum en þau gegna lykilhlutverki í hringrás menningar allt frá uppruna og framleiðslu hennar þar til henni er miðlað til fólks. Sviðin kallast alhliðasvið því þau tengjast öllum fyrrgreindum kjarnasviðum. Þau eru:


- Menntun og þjálfun
- Gagnavarsla og varðveisla
- Búnaður og stuðningsvörur

Þessi þrjú svið, auk ferðaþjónustu eru aðeins talin með að hluta til. Með öðrum orðum er velta þeirra vigtuð niður í samræmi við staðla breska menningarmálaráðuneytisins (Department of Culture, Media and Sport, 2010). Þessi þættir eru taldir með vegna mikilvægis þeirra í vexti og viðgangi skapandi greina, en greinarnar teljast þó ekki í heild sinni til skapandi greina.

Til að forðast tvítalningu getur hver starfsemi aðeins fallið í einn flokk, jafnvel þó að komi upp tilvik þar sem starfsemi gæti réttilega fallið í fleiri flokka. Til dæmis fellur tónlist bæði undir „Sviðslistir og hátíðarhöld“ og „Hljóð, mynd og gagnvirka miðlun“ þar sem hún er flutt á sviði (sviðslistir) og er hljóðrituð (Hljóð, mynd og gagnvirk miðlun). Hins vegar forgangsraðar FCS-rammi Unesco uppruna innihaldsins frekar en því formi sem það getur birst í menningarlegum skilningi. Að auki er ekki hægt að aðgreina marga flokka frá annarri starfsemi vegna tölfræðilegra flokkana þeirra. Þetta á sérstaklega við innan sviðslista þar sem Ísat flokkur númer 90.01 sem heitir „Sviðslistir“ inniheldur gögn um tónlistarmenn, leikara, dansara og fyrirlesara.

Mynd 2

Kjarna- og stoðgreinar skapandi greina



Gögn

Við kortlagningu atvinnugreina er ekki aðeins mikilvægt að athuga stöðu þeirra í hagkerfinu, heldur er einnig mikilvægt að kanna hvernig þeim reiðir af yfir lengri tíma. Þannig kom ekki til greina að gera eingöngu stöðumælingu á skapandi greinum á Íslandi heldur var frá upphafi lögð áhersla á að byggja gagngrunn sem næði einhver ár aftur í tímann og auðvelt yrði að nýta frekar í framtíðinni. Kostnaðarsamt hefði verið að safna frumgögnum á hverju ári og því var byggt á gögnum frá opinberum aðilum. Með þeim hætti er mögulegt að horfa nokkur ár aftur í tímann, sem og viðhalda gagnasöfnun. Við það missum við þó nokkra stjórn á því hvernig gögnum er safnað og í ákveðnum tilfellum verða gögn ónákvæmari meðal annars vegna þess að gögnum er ekki safnað um ákveðna hluta skapandi greina. Gögnin gefa engu að síður góða vísbendingu um umfang skapandi greina undanfarin ár.

Hagstofa Íslands safnar upplýsingum um fjölda ársverka með vinnumarkaðskönnun (Hagstofa Íslands, 2011e) og í gegnum staðgreiðsluskrá. Upplýsingar Hagstofunnar um veltu eru fengnar í gegnum virðisaukaskattsskýrslur. Þar sem margar skapandi greinar eru fámennar er óvíst að upplýsingar um fjölda ársverka innan þeirra rati inn í vinnumarkaðskönnun. Því var þörf á nákvæmari gögnum en vinnumarkaðskönnun getur boðið upp á og sú leið farin að skoða gögn um virðisaukaskattsskylda veltu og fjölda ársverka í gegnum staðgreiðsluskrá.

Að svo stöddu eru það einu gögnin um einkarekstur í skapandi greinum og því besta mögulega heimildin um skapandi greinar á Íslandi þrátt fyrir annmarka sem lýst verður nánar hér á eftir.

Til viðbótar við virðisaukaskattsskylda veltu byggir skýrslan á gögnum frá Fjársýslu ríkisins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hér er byggt á þeim liðum sem ríki og sveitarfélög flokka til menningarmála og fjölmiðlunar en ýmis atriði sem Unesco flokkar sem skapandi greinar eru þar ekki undir. Í ljósi

framtíðargagnaöflunar er hins vegar vænlegra að byggja á gögnum sem aðgengileg eru á árlegum grundvelli án viðamikilla gagnaöflunar.

Frá Fjársýslu ríkisins fengust upplýsingar um allan rekstur ríkisins sem fellur undir menningarmál og fjölmiðlun samkvæmt skilgreiningum ríkisins (sjá viðauka 1). Veltutölur í skýrslunni eru samantekt á öllum útgjöldum stofnanna á vegum ríkisins. Að auki eru séraflategjur taldar fram. Þessar tölur voru fengnar úr bókhaldslyklum hins opinbera og teljast því áreiðanleg heimild um útgjöld ríkisins. Lyklarnir eru skilgreindir þannig að ef hluti starfsemi stofnunar fellur undir menningu og listir, svo sem málverkaleiga, kemur það fram í gögnunum þó að eiginleg starfsemi stofnunar falli ekki undir skapandi greinar. Til viðbótar bókhaldsgögnum fengust upplýsingar um ársverk sem falla undir sömu bókhaldslykla hjá ríkinu.

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fengust upplýsingar um tekjur og gjöld sveitarfélaga til menningarmála. Undanskilin í gögnunum eru ársverk en Samband íslenskra sveitarfélaga heldur ekki sérstaklega utan um ársverk í hverjum málaflakki og því var nákvæm útlitun á gögnunum ófánleg.

Eins og áður segir er meginuppistaða gagna um skapandi greinar fengin úr virðisaukaskattsskrám. Þær veita ekki tæmandi upplýsingar um greinarnar vegna þess að margar undirgreinar þeirra svo sem myndlist, sýningar íslenskra kvikmynda og stór hluti leikhúsreksturs er ekki virðisaukaskattsskyldur og því er ekki öll velta sem þeim tilheyrir í gögnunum, veltutölur eru því lægri en raunveruleg velta.

Sá galli er einnig á gögnum um virðisaukaskattsskylda veltu að nokkur misbrestur er á því að fyrirtæki og einstaklingar séu skráðir í rétta atvinnugreinaflokk. Oft getur verið erfitt að velja skráningarflokk fyrir fyrirtæki sem eru í blönduðum rekstri eða þá að fyrirtæki hefja rekstur í ákveðnum flokki og þróast með árunum yfir í annan flokk. Að auki eru fyrirtæki oft ranglega skráð í flokka en svo virðist vera að enginn aðili hafi beinna hagsmuna að gæta af að skráning sé rétt frá upphafi.

Innan lítilla greina geta skráningarvandamál verið það mikil að hætta er á að upplýsingar um einstaka atvinnugreinaflokk gefi mjög ranga mynd, annað hvort þar sem fyrirtæki sem ekki eiga heima í geiranum eru skráð þar undir og eða að fyrirtæki vantar.

Það er mat okkar að þrátt fyrir takmarkanir þess að skoða virðisaukaskattsskylda veltu væri það nákvæmasta mögulega leiðin. Þó að ákveðnar greinar séu ekki fangaðar sem skyldi í gögnunum gefa veltutölur vísbendingu um hlutfall af heildar virðisaukaskattsskyldri veltu í þjóðfélaginu. Til að lágmarka þá skekkju sem myndast vegna misskráninga fyrirtækja og einyrkja í atvinnugreinaflokkum voru gögnin hreinsuð.

Í fyrstu atrennu var farið yfir lista allra fyrirtækja og einyrkja sem skráðir voru í þá atvinnugreinaflokk sem tengjast skapandi greinum og talið höfðu fram virðisaukaskattsskylda veltu árið 2009. Þessum lista var skipt í fimm flokka eftir stærð en að öðru leyti innihélt listinn ekki upplýsingar um veltu hvers rekstraraðila. Flokkarnir skiptust þannig að flokkur 1 innihélt stærstu fyrirtækin og skýrir um 95% af veltu heildarinnar. Flokkur 2 skýrir um 3,5% af veltu en velta í flokkum 3–5 er það sem eftir stendur. Byggt á þessum hlutföllum var farið yfir öll fyrirtæki skráð í flokka 1 og 2. Í tilfellum þekktra fyrirtækja var

staðfest að þau væru í réttum flokki en leit gerð að öðrum fyrirtækjum á Netinu. Ef leit skilaði ekki upplýsingum um starfsemi fyrirtækja var hringt í viðkomandi fyrirtæki og upplýsinga aflað um starfsemi þeirra. Yfirfarnir listar voru svo sendir á hagsmunafélög innan skapandi greina þar sem farið var yfir þá í leit að aðilum sem vantaði í þeirra greinum. Alls var farið yfir um 2900 fyrirtæki. 89 fyrirtæki voru tekin út af listanum eða flutt á milli atvinnugreinaflokka og 90 fyrirtækjum var bætt á listann.

Þegar hreinsunarvinnu var lokið var listinn sendur aftur til Hagstofu Íslands sem sótti gögn fyrir viðkomandi fyrirtæki í virðisaukaskattsgagnagrunn og sendi rannsakendum til baka, eftir atvinnugreinaflokkum, en án auðkenna fyrirtækja.

Yfirfarni listi er þó eingöngu frá árinu 2009 og því er mögulegt að einhver fyrirtæki á listanum hafi skipt um kennitölu og þar með er ekki útilokað að einhverjar rangskráningar sé enn að finna í þeim flokkum sem yfirfarnir voru. Við teljum þó að í flestum tilfellum sé sú skekkja innan viðunandi marka þar sem líklegast verður að teljast að fyrirtækin væru rangskráð í flokk sem eftir sem áður félli undir skilgreiningu á skapandi greinum. Ætla má að rangskráningar séu einnig vandamál erlendis en vegna smæðar íslenska markaðarins geta einstakar rangskráningar þó haft meiri áhrif en í stærri hagkerfum.

Velta og virðisauki

Gögn úr virðisaukaskattsskrám eru veltutölur en ekki virðisaukatölur. Það þýðir að hver króna getur verið margtalin í gögnunum. Dæmi um þetta er fjármögnun ríkisins á Kvikmyndamiðstöð sem úthlutar fjármagni til kvikmyndagerðar: Kvikmyndagerðamaður fær úthlutun úr Kvikmyndasjóði, telur hana í rekstrargögnum sínum en greiðir jafnframt tónlistarmanni til þess að semja tónlist fyrir myndina. Tónlistarmaðurinn telur þá upphæð sem hann fær fram í rekstrarreikningi sínum en notar hluta af þeirri upphæði til þess að greiða hljóðfæraleikurum fyrir að spila tónlistina. Þeir telja þá upphæð aftur fram í sínum rekstrarreikningi. Þannig er krónan sem upphaflega kom frá ríkinu margtalin. Þetta vekur óneitanlega spurningar um það hvort upplýsingar um veltu séu ekki óréttmæt lýsing á skapandi greinum. Þessi vandi er þó ekki einungis til staðar í skapandi greinum og engin sérstök ástæða til að ætla að samanburður sem byggir á veltu ýki eða dragi úr vægi skapandi greina í samanburði við aðrar atvinnugreinar.

Velta veitir því góða innsýn í umfang skapandi greina. Í hvert skipti sem sama krónan er talin er hún að skapa vinnu en árið 2009 voru ársverk innan skapandi greina rúmlega níu þúsund talsins á Íslandi. Áætlað hefur verið í Evrópu sé virðisauki skapandi greina tæplega 40% af veltu þeirra (Fesel og Sönderman, 2007). Þetta eru áætlaðar tölur og óvíst hvort hægt sé heimfæra þær á gögn um skapandi greinar hér á landi.

Upplýsingar um veltu eru mikilvægt fyrsta skref í hagrænni skoðun á skapandi greinum en engu að síður hlýtur það að vera markmið þeirra sem standa að rekstri í skapandi greinum á Íslandi að í framtíðinni verði allt kapp lagt á að reikna út virðisauka skapandi greina því aðeins með virðisaukaútreikningum verður samanburður við aðrar atvinnugreinar raunhæfur. Með virðisaukaútreikningum hverfa vandamál vegna tvítalningar þar sem aðeins er lögð saman verðmætaaukning (virðisauki) sem verður til innan hvers fyrirtækis.

Skipulag skapandi greina

Skapandi greinar einkennast af því að mjög mörg lítil fyrirtæki eiga í samkeppni við fá stór fyrirtæki sem oftast en ekki starfa á fleiri en einu sviði innan geirans og í alþjóðlegu samhengi (Fesel og Sönderman, 2007; Scott, 2000; UNCTAD, 2010). Þó að ekki séu til nákvæmar tölur um stærð einstakra fyrirtækja í greinunum kom þó fram að þrátt fyrir að 7266 fyrirtæki og einyrkjar hafi verið skráð í þá atvinnugreinaflokk sem tilheyra skapandi greinum samkvæmt skilgreiningu Unesco þá stóðu 20% af þessum rúmlega sjö þúsund fyrirtækjum og einyrkjum undir rúmlega 95% af heildarveltunni. Þetta gefur vísbendingu um að jafnvel á Íslandi sé staðan sú sama, það er að mörg minni fyrirtæki keppi við fá stærri fyrirtæki á sama markaði jafnvel þó að þessi stærri fyrirtæki séu ekki stór í alþjóðlegum skilningi. Til þess að skoða samansöfnun (e. *concentration*) í skapandi greinum þarf þó aðgang að „panel“-gögnum fyrir hvern atvinnugreinaflokk fyrir sig, slík gögn sýna hverja skipulagsheild fyrir sig í tímaröð en þau eru ekki aðgengileg að svo stöddu.

Innan skapandi greina skiptir þessi stærðarmunur máli en í tónlistargeiranum í Bandaríkjunum gegndu lítil fyrirtæki því hlutverki að koma nýrri tónlist inn á markaðinn (Peterson og Berger, 1975) og í Bretlandi hefur verið sýnt fram á að litlu fyrirtækin leggja áherslu á listræna hlutann fremur en viðskiptin sem skýrir ef til vill stærðarmuninn (Margrét Sigrún Sigurðardóttir, 2010). Þessi aðgreining segir ekki til um arðsemi fyrirtækja en gefur vísbendingu um veltu þeirra og þar með hagræn umsvif. Þessi stærðarmunur fyrirtækja í skapandi greinum gerir það að verkum að þó að stærri fyrirtæki, til dæmis í tölvuleikjum, eigi ekki margt sameiginlegt með litlum fyrirtækjum í öðrum greinum eigi minni fyrirtæki, til dæmis í tónlistar-, tölvuleikja- og bókaútgáfu, meira sameiginlegt innbyrðis en með stóru fyrirtækjunum (UNCTAD, 2010).

Menntun og þekking í skapandi greinum

Árið 2009 vann Anne Bamford skýrslu um listmenntun á Íslandi. Þar kemur fram að þó að listgreinamenntun sé ágæt er menntun grunnskólanema ábótavant þannig að nemendur fá ekki þjálfun í að fjalla um listir á gagnrýninn hátt. Þetta verður að teljast mjög slæmt í ljósi þess að gagnrýnin umræða um list er mikilvæg forsenda fyrir þróun listsköpunar og upplýstir leikmenn gegna þar lykilhlutverki (Becker, 1984).

Í umræðu um stefnumótun um skapandi greinar hefur komið fram að mikilvægt sé að Listaháskóli Íslands komist undir eitt þak og fái þannig uppfyllt markmið sitt um að sameina listkennslu á háskólastigi á Íslandi. Þá hefur Listaháskóli Íslands lagt fram tillögur um meistaranám í öllum helstu kennslugreinum til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Í skýrslunni *Creative Directions*, sem unnin var fyrir Norrænu nýsköpunar-miðstöðina um opinbera stefnumótun fyrir skapandi greinar kemur skýrt fram að það sem stendur skapandi greinum helst fyrir þrifum er skortur á viðskiptaþekkingu eða vilja til samstarfs við þá sem hana hafa (Power og Janson, 2006). Í lokaritgerð Hönnu Gísladóttur (2009) var staðfest að þekkingarleysi á framleiðsluferlinu hefur háð íslenskum fatahönnuðum. Vanþekking í viðskiptum er talin ein ástæða þess að erfitt getur reynst að fjármagna fyrirtæki í skapandi greinum en fjárfestar nefna að einstaklingar sem reka fyrirtæki í skapandi greinum eigi oft erfitt með fjárhagsáætlanagerð sem og að greina á milli þess hvenær þeir þurfi á styrk eða fjárfestingu að halda (Nielsen, Power og Margrét Sigrún Sigurðardóttir, 2009). Útflutningssskrifstofa íslenskrar tónlistar hefur undanfarin ár unnið að því að bæta fræðslustarf tónlistarmanna með

mánaðarlegum fræðslukvöldum um efni tengd rekstri í tónlistarútgáfu og ýmsu öðru sem tengist því að koma tónlist á framfæri og hafa þessi námskeið einnig verið sótt af fulltrúum annarra skapandi greina (Tómas Young, 2010b). Aðrar kynningarmiðstöðvar skapandi greina s.s. Hönnunarmiðstöð og Opni listaháskólinn hafa einnig staðið fyrir fyrirlestrum í þeim tilgangi að fræða fólk um innviði og þróun greinanna. Endurmenntun starfsfólks í skapandi greinum er mikilvægt verkefni og eitt af áhersluatriðum samráðsvettvangs skapandi greina.


Menningarneysla

Hagstofa Íslands rannsakar reglulega útgjöld heimilanna í landinu. Í rannsóknunum er kannað hversu miklu heimilin verja í mat og drykk, áfengi og tóbak, föt og skó, húsnæði, hita og rafmagn og þar fram eftir götunum. Í rannsóknunum er einnig kannað hversu miklu heimilin verja í tómstundir og menningu.

Á mynd 3 má sjá að hvert heimili landinu varði að meðaltali 646 þúsund krónum á ársgrundvelli í tómstundir og menningu á árunum 2007–2009 (á verðlagi ársins 2009) (Hagstofa Íslands, 2011d). Árið 2009 voru 126.100 heimili í landinu samkvæmt vef Hagstofunnar sem þýðir að heimilin vörðu samtals 78,5 milljörðum króna í tómstundir og menningu.

Mynd 3

Neysluútgjöld – tómstundir og menning




Til tómstunda og menningar flokkast: Sjónvörp, myndbönd, tölvur, tæki til tómstundaiðkunar, tómstundavörur, leikföng, íþróttir, fjölmiðlun, happdrætti, blöð, bækur, ritföng og pakkaferðir.

Þó að mynd 3 virðist gefa þá mynd að auki útgjöld fari í tómstundir og menningu hefur hlutfall heimilisútgjalda sem fara í málflokkinn farið lækkandi. Á mynd 4 má sjá hlutfall neysluútgjalda til tómstunda og menningar af heildarútgjöldum heimilanna.

Mynd 4

Neysluútgjöld – tómstundir og menning. Hlutfall af heildarútgjöldum heimila




Á árunum 2007–2009 varði hvert heimili að meðaltali 11,8% útgjalda sinna til tómsunda og menningarmála en það mældist mest á árunum 2000–2002 þegar 14,4% af heildarútgjöldum heimila var varið í tómsundir og menningarmál.

Á mynd 5 má sjá stærðarröðun helstu útgjaldaflokka heimilanna. Flokkurinn Tómsundir og menning er að jafnaði fjórði stærsti útgjaldaflókur heimilanna. Á árunum 2001–2003 og 2005–2007 var flokkurinn þó þriðji stærsti útgjaldaflókurinn en það er í góðu samræmi við veltutölur um skapandi greinar en á mynd 5 þar sem glögg sést að árin 2005 og 2007 skera sig að ákveðnu leyti úr.

Mynd 5

Rannsókn á útgjöldum heimilanna



Varast ber að draga af víðtækar ályktanir af áætluðum útgjöldum til tómsunda og menningar en margir þættir eru teknir inn sem ekki tengjast skapandi greinum eins og þær eru skilgreindar hér.

Samkvæmt menningarvog sem Félagvísindastofnun framkvæmdi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2009 (Andrea Dofradóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Guðlaug Júlía Sturludóttir og Friðrik H. Jónsson, 2010) kemur fram að menningarneysla er mest á höfuðborgarsvæðinu og meðal háskólamenntaðra. Þá neyta konur meiri menningar en karlmenn. Þrjú af hverjum fjórum höfðu sótt kvikmyndahús og um 60% svarenda í könnuninni höfðu sótt leikhús, óperu eða söngleik og tónleika. Um 50% höfðu sótt listasafn eða myndlistarsýningar og rúmlega 60% höfðu sótt sögustaði svo sem Þingvelli, Skálholt eða Reykholt. Þá höfðu um 55% farið á menningar- eða útihátíð og þar af höfðu rúmlega 70% þeirra sótt bæjarhátíð svo sem Fiskidaginn á Dalvík. Að lokum kemur fram að rúmlega 80% höfðu lesið sér bók til ánægju.

Skapandi greinar á Íslandi

Hér hefur verið fjallað almennt um skapandi greinar en í næstu köflum verður gerð grein fyrir veltu í skapandi greinum á Íslandi á fimm ára tímabili frá 2005 til 2009. Þessi tími hefur verið mikill umbrotatími í íslensku efnahagslífi og sjást merki þess á tölunum. Í fyrsta lagi þarf að fara mjög varlega í að draga ályktanir um þróun af tölum sem eru á verðlagi hvers árs enda hefur verðbólga á tímabilum verið mjög mikil. Þá hafa verið nokkrar sviptingar í rekstri fyrirtækja sem áhrif hafa á tölurnar en þetta kemur þó skýrar fram í tölum um undirgreinar skapandi greina sem sjá má í hluta II.

Heildarvelta í skapandi greinum

Helstu niðurstöður þessarar kortlagningar sýna að heildarvelta greinanna var 189 ma.kr. árið 2009. Þar af var hluti ríkis og sveitarfélaga um 12,5% eða um 24 ma.kr. eins og sést á mynd 6. Á myndinni er hlutur hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, neðst á myndinni enda byggir virðisaukaskattsskyld velta skapandi greina að einhverju leyti á því opinbera fjármagni sem veitt er til greinanna.

Mynd 6


Heildarvelta skapandi greina



Hér má sjá að á verðlagi hvers árs virðist hafa verið vöxtur í skapandi greinum á Íslandi, en á mynd 7 má sjá að á verðlagi ársins 2010 var árið 2007 stærsta ár skapandi greina og að árið 2009 var velta heldur minni en árið 2005.

Mynd 7


Heildarvelta skapandi greina á verðlagi ársins 2010



Einar og sér segja veltutölur einstakra greina þó lítið. Til þess að skilja umfang skapandi greina þurfum við að setja þær í samhengi við aðrar greinar atvinnulífsins. Hér er það gert með því að reikna aðeins hlutfall virðisaukaskattsskyldrar veltu skapandi greina af heildarvirðisaukaskattsveltu allra atvinnugreina á Íslandi en aftur er rétt að taka fram að ekki er öll atvinnustarfsemi virðisaukaskattsskyld.

Mynd 8

Hlutfall virðisaukaskattsskyldrar veltu skapandi greina af heildarveltu allra atvinnugreina á Íslandi?



Eins og sjá má á mynd 8 er þessi velta talsvert meiri en í landbúnaði og fiskveiðum samanlagt en rétt er að taka fram að í þeim flokkum er engin afurðaframleiðsla meðtalin. Þá er virðisaukaskattsskyld velta skapandi greina hærrí en í byggingarstarfsemi en hún er ein þeirra greina sem verst hefur farið út úr hruni bankakerfisins á Íslandi. Velta í skapandi greinum árið 2009 er mjög sambærileg við framleiðslu málma en sá flokkur hefur vaxið mjög frá 2007

2 Þetta er ekki tæmandi listi yfir allar atvinnugreinar á Íslandi og gefur því ekki vísbendingu um stærðarröðun atvinnugreina hér á landi.

og ekki sér fyrir endann á þeim vexti. Matvæla- og drykkjavöruiðnaður veltir talsvert meiru en fyrrnefndar greinar en í þeirri tölu er fiskvinnsla og framleiðsla mjólkurafurða meðtalin. Það skal tekið fram að mynd 8 sýnir eingöngu lítið brot atvinnugreina á Íslandi. Stórar greinar, svo sem smásala og heildverslun eru til að mynda ekki á myndinni. Með öðrum orðum: myndin gefur ekki vísbendingu um stærðarröðun atvinnugreina á Íslandi.


Störf í skapandi greinum

Þó velta gefi ágæta vísbendingu um umfang greinar er hún ekki nauðsynlega vísbending um atvinnustig. Í samræmi við umræðu um mikilvægi þess að fjölga störfum er því mikilvægt að henda reiður á hversu margir starfa innan skapandi greina.

Mælikvarði á störf er hér ársverk en með þeim er ekki átt við fjölda þeirra sem starfa í greininni en á bak við hvert ársverk geta legið eitt eða fleiri hlutastörf. Þannig eru ársverk ekki mælikvarði á hversu margir einstaklingar vinna í skapandi greinum. Þeir sem sinna störfum í skapandi greinum að hluta geta verið fleiri en ársverkin segja til um en staðfest hefur verið að algengt er að þeir sem starfa í skapandi greinum hafa ekki efni á því að vinna fulla vinnu við listsköpun heldur framfleyti sér með annarri vinnu (Becker, 1984).

Mynd 9


Ársverk í skapandi greinum (sveitarfélög undanskilin)



Ársverk í skapandi greinum voru um 9.400 talsins árið 2009 og voru flest árið 2008 eða rúmlega 10.000 talsins. Stöðug aukning var í fjölda ársverka skapandi greina á árabílinu 2005–2008. Fjöldi ársverka minnkaði milli áráanna 2008 og 2009 en fór þó ekki niður í það hlutfall sem var árið 2005.

Mynd 10

Hlutfall ársverka af heildarvinnuafli í völdum greinum



Óhjákvæmilegt er að ræða þá fjölgun sem orðið hefur á ársverkum í samhengi við að ekki hefur orðið veltuaukning í greinum. Þetta gæti verið vísbending um að laun hafi lækkað í skapandi greinum, en þó er ekki útilokað að aðrar ástæður, svo sem önnur hagræðing í rekstri sé hluti skýringarinnar.

Almennt vega laun þungt í vinnuafsfrekum skapandi greinum. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að laun í skapandi greinum eru lág. Þetta stafar meðal annars af því að nýttar listamanna af listinni eru ekki einvörðungu þær tekjur sem afurðin gefur heldur metur listamaðurinn vinnuna við verkefnið sem nýttar og er því tilbúin til þess að þiggja lægri laun fremur en sleppa verkefni sem ekki stendur fyllilega undir sér (Cowen og Tabarrok, 2000). Framboð af fólki sem vill starfa í skapandi greinum er jafnframt meira en eftirspurn eftir afurðum og því lækka laun (Abbing, 2002). Ekki er þó útilokað að ofurlaun örfárra stórstjarna (Borghans og Groot, 1998) hafi þau áhrif að listamenn sætta sig við lægri laun í upphafi í þeirri von að verða síðar stórstirni.

Skipting skapandi greina

Hér hefur verið fjallað um skapandi greinar í heild sinni en hlutur hvers undirflokks samkvæmt skilgreiningu Unesco er mjög mismunandi frá 285 milljónum upp í tæplega 70 milljarða. Eins og áður hefur komið fram ber þó að fara varlega í túlkun á veltu einstakra flokka þar sem mjög misjafnt er eftir greinum hversu margir atvinnugreinaflokkar eru undanþegnir virðisaukaskatti. Tölurnar eru þó vísbending um stærð hvers flokks fyrir sig.

Mynd 11

Virðisaukaskattsskyld velta kjarna- og stoðgreina skapandi greina árið 2009

Svið skapandi greina						Stoðsvið	
A. Menningar og náttúruarfleið 285 m.kr.	B. Sviðslistir og hátíðarhöld 8.349 m.kr.	C. Sjónræn list og handverk 4.440 m.kr.	D. Bókaútgáfa og fjölmiðlun 69.658 m.kr.	E. Hljóð, mynd og gagnvirk miðlun 42.693 m.kr.	F. Hönnun og aðrar skapandi þjónustugreinar 14.178 m.kr.	G. Ferðaþjónusta 17.869 m.kr.	H. Tímstundir 921 m.kr.
Óáþreifanleg menningararfleið						Óáþreifanleg menningararfleið	
Menntun og þjálfun 73 m.kr.						Menntun og þjálfun	
Gagnvarsla og viðhald 838 m.kr.						Gagnvarsla og viðhald	
Búnaður og stuðningsvörur 6.125 m.kr.						Búnaður og stuðningsvörur	

Nánari útlitun á þessari skiptingu er að finna í hluta II.

Útflutningur

Þó að ekki hafi verið mögulegt að þessu sinni að reikna út virðisauka skapandi greina veita virðisaukaskattsskýrslur hugmynd um útflutningstekjur. Í tölunum er þó ekki útflutningur á þjónustu sem er ekki virðisaukaskattsskyldur. Óvíst er að útflutningur á slíkri þjónustu sé mikill innan skapandi greina en það væri helst tekjur af tónleikum og listsýningum erlendis. Eins koma gjalddeyrstekjur af menningarneyslu ferðamanna, eins og til dæmis heimsóknir á minjasöfn og Iceland Airwaves-tónlistarhátíðina, ekki inn hér.

Gögn um útflutningstekjur hafa hér verið vigtuð niður á sama hátt og gögnin um veltu að tveimur flokkum undanskildum en það er „Smásala á textílvörum“ og „Smásala á fatnaði í sérverslunum“. Ástæða þess að þessir tveir flokkar eru ekki vigtaðir niður er að útflutningstekjur af smásölu eru ekki fengnar af vöru sem flutt er inn erlendis frá heldur er um að ræða sölu á vöru sem framleidd eða hönnuð er hérlendis. Fyrirtæki sem framleiða eigin hönnun eru í einhverjum tilfellum flokkuð sem smásölufyrirtæki ef sala þeirra fer fyrst og fremst fram í gegnum eigin verslun. Þannig er fyrirtækið Nikita flokkað sem smásölufyrirtæki í fatnaði en það selur hönnun sína um allan heim. Rök fyrir því að vigta niður smásölu í fatnaði og textíl í veltuútreikningum eru hinsvegar þau að mikil hluti veltunnar er tilkominn vegna innflutnings á fatnaði og sölu á honum sem ekki tengist innlendri sköpun.

Á mynd 12 má sjá heildarútflutningstekjur skapandi greina. Árið 2009 voru þær um 24 milljarðar á verðlagi ársins 2009 eða rúmir 25 milljarðar á verðlagi ársins 2010 en útflutningur hefur stöðugt vaxið á tímabilinu eins og sést á myndinni.

Mynd 12

Heildarútflytningur skapandi greina 2005–2009




Hér má sjá að vöxtur virðist hafa komið fram jafnt og þétt fram til ársins 2008 en minniháttar samdráttur hefur orðið á milli árunna 2008 og 2009.

Sem fyrr er ágætt að hafa samanburð. Á mynd 13 má sjá samanburð á útflytningstekjum nokkurra helstu atvinnugreina landsins. Á myndinni má sjá að árið 2009 voru útflytningstekjur sjávarafurða um 208 milljarðar, afurðir orkufreks iðnaðar um 187 milljarðar, skapandi greinar um 22 milljarðar og landbúnaðarafurðir um 8 milljarðar³ en þess skal geta að eldisfiskur er meðtalinn í gögnum um landbúnaðarafurðir.

Mynd 13

Samanburður á útflytningstekjum




Hér má sjá að vöxtur hefur orðið í öllum greinunum en skýrist hann að hluta til með breytingum á gengi íslensku krónunnar. Vegna eðlis breytinganna verða áhrif breytinga á krónunni meiri í þeim greinum þar sem útflytningur er meiri. Það skýrir þó ekki nema að hluta til þá hækkun sem orðið hefur í orkufrekum iðnaði.

Á mynd 14 má sjá að hlutfall útflytningstekna skapandi greina af heildarútflytningi landsins, þ.e. útflytningi á vöru og þjónustu. Árið 2009 var hann um 3% en var mestur árið 2008 þegar hann var 3,34%.

3 Útflytningstekjur skapandi greina er sambland af útflytningi á vörum og þjónustu en aðrar greinar í þessari upptalningu innihalda aðeins gögn um vöruútflytning.

Mynd 14


Hlutfall útflutningstekna skapandi greina af heildarútflutningi



Hér höfum við valið að setja eingöngu fram útflutningstekjur tíu stærstu atvinnugreinaflokka sem teljast til skapandi greina samkvæmt skilgreiningu Unesco. Yfirlit yfir útflutningstekjur allra atvinnugreinaflokka má finna í viðauka 3.

Mynd 15

Útflutningur skapandi greina eftir atvinnugreinaflokum




Eins og sjá má hafa útflutningstekjur aukist frá árinu 2005, ekki síst árin 2008 og 2009. Einnhvern hluta þeirrar aukningar má rekja til gengisfalls íslensku krónunnar en þó ekki hafi verið um raunverulega framleiðsluaukningu að ræða heldur hærra virði útflutnings í íslenskum krónum skilar það sér til íslenska

hagkerfisins að því gefnu að skapandi greinar séu ekki illa skuldbettaðar í erlendum gjaldmiðlum.

Sjá má að útflutningstekjur af fatnaði í smásölu taka kipp árið 2007 þegar gengi íslensku krónunnar fór að síga, en örlítið bakslag er þó í vextinum árið 2009. Mesti vöxtur útflutningstekna hefur verið í útgáfu á tölvuleikjum en það er sambærilegt við þróun erlendis. Eins og sjá má á mynd 16 er stærsta skapandi útflutningsgreinin í Bretlandi tölvuleikir, hugbúnaður og rafræn útgáfa (Department of Culture, Media and Sports, 2011).

Mynd 16

Helstu skapandi útflutningsgreinar í Bretlandi árið 2007



Alþjóðlegur samanburður

Eins og fjallað var um í formála hefur komið fram í norrænu samhengi að mikil vöxtun hefur verið á gögnum um skapandi greinar á Íslandi og því erfitt að bera stöðu skapandi greina á Íslandi saman við stöðu þeirra erlendis. Þetta hefur að einhverju leyti breyst með tilkomu þessarar kortlagningar en þó ekki að öllu leyti þar sem algengast er að virðisauki skapandi greina sé skoðaður fremur en velta. Við það bætist að ekki hefur enn náðst víðtæk samstaða um skilgreiningar (sjá kaflann „Hvað eru skapandi greinar?“). Hér er fjallað um aðgengilegar tölur um skapandi greinar erlendis.

Evrópa

Skýrslan 'The Economy of Culture' frá árinu 2006 er mikilvægasta Evrópu-sambandskýrslan um umfang menningar í Evrópu. Í rannsókninni sem greint er frá í skýrslunni er notast við aðferðarfræði sem þróuð var af World Intellectual Property Organisation (WIPO) í nánú samstarfi við menntamálaráðuneyti Finnlands. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að:

- Árið 2003 var velta menningar og skapandi greina yfir 654 milljarðar evra en það er um 2,6% af vergri þjóðarframleiðslu Evrópusambandsins.
- Heildarvöxtur virðisauka greinarinnar var áætlaður um 19,7% á árunum 1999–2003 sem er 12,3% hærrí en vöxtur efnahagskerfisins.
- Árið 2004 störfuðu um 5,8 milljónir manna í greininni eða um 3,1% af

heildarvinnuafli ESB. Greinin státar af vel menntuðu fólki en um 46,8% þeirra sem starfa innan hennar hafa hlotið gráðu af einhverju tagi. Borið saman við heildarvinnuaflið þá þykir það hátt hlutfall þar sem aðeins 25,7% af því hefur hlotið gráðu.

Upplýsingar um skapandi greinar í Evrópu verða þó aldrei nákvæmari en þær upplýsingar sem til eru um löndin.

Norðurlöndin

Á Norðurlöndum er vöntun á nægilegum opinberum tölfræðigögnum um skapandi greinar. Í þeim greinum sem eru til gögn er aðferðafræðin og flokkunarkerfin sem eru notuð til að reikna út virði þeirra mjög mismunandi sem gerir það að verkum að trúverðugleiki gagnanna minnkar og kemur í veg fyrir að gögnin séu nothæf til samanburðar við önnur lönd.

Til eru ýmsar skýrslur um stöðu skapandi greina á Norðurlöndum en eins og fyrr segir eru notaðar mismunandi skilgreiningar og aðferðafræði í rannsóknunum. Nefna má nokkur dæmi:

Í Svíþjóð var skrifuð skýrsla um upplifunarhagkerfið sem sýnir að í því starfa um 280.000 manns og virðisaukinn er um 5% af vergri þjóðarframleiðslu landsins. Í skýrslunni kemur einnig fram að geirinn samanstendur að stórum hluta af litlum fyrirtækjum þar sem um 98,5% af fyrirtækjunum eru með færri en 20 starfsmenn. Hér þarf þó að ítreka að skilgreining upplifunarhagkerfisins er mun víðtækari en skilgreining á skapandi greinum.

Árið 2005 gerði Viðskiptaháskólinn í Kaupmannahöfn rannsóknir á skapandi greinum, til dæmis á tölvuleikja-, hönnunar-, tísku-, kvikmynda- og tónlistar-útgáfugeirum landsins. Rannsóknirnar lýsa skapandi greinum, til að mynda vexti þeirra og þróun. Þær sýna til dæmis að til að ná árangri í tónlist er eina leiðin að treysta á stærri markaði en heimamarkaðinn, hvernig listræn velgengni (sérstaklega í kvikmyndageiranum) er ekki endilega beintengd fjárhagslegri velgengni, hvernig velta (í tískugeiranum) hefur minnkað en útflutningur aukist, sem sýnir vaxtarmöguleika á erlendum mörkuðum og hvernig leikjageirinn samanstendur af fimm þökkalega stórum og um 20 minni fyrirtækjum. Þessum rannsóknum hefur þó ekki verið viðhaldið og gögn um stöðu þessara greina í dag því ekki fánleg.

Í Noregi er kortlagning á skapandi greinum framkvæmd að beiðni verzlunar- og iðnaðarráðuneytis landsins. Niðurstöður kortlagningar á skapandi greinum í Noregi sýna að greinarnar eru um 3,5% af vergri þjóðarframleiðslu og sama hlutfall af heildarvinnuafli á meginlandi Noregs á árunum 1996–2001. Í Ósló eru um 37% þeirra sem starfa í skapandi greinum og um 33% fyrirtækja í skapandi greinum eru staðsett í borginni.

Í Finnlandi var gerð rannsókn árið 2007 þar sem helstu niðurstöður voru að velta í menningu og skapandi greinum var tæplega 7 milljarðar evra. Vöxtur var um 16% frá árinu 2000. Virðisauki nam um 2,4 milljörðum evra og hafði aukist um 15% frá árinu 2000. Heildarvirðisauki greinarinnar var um 1,5% af vergri þjóðarframleiðslu landsins árið 2005 og fjöldi fyrirtækja í greininni jókst um 10% frá árinu 2000 en á þessum tíma eflidist efnahagur landsins um 6%.

Árið 2005 setti mennta- og menningarmálaráðuneyti Finnlands á laggirnar vinnuhóp sem átti að meta efnahagsleg áhrif menningar. Verkefni vinnuhópsins

var að bæta aðgengi og umfjöllun um tölfræðilegar upplýsingar um efnahagslegt framlag menningar fyrir opinberar stefnumótunarákvarðanir í gegnum samstarf mismunandi ráðuneyta, Hagstofu Finnlands og fleiri aðila sem tengjast málefnum. Helsta tillaga vinnuhópsins var að þróa kerfi reikninga (e. accounts) fyrir menningargeira landsins. Kerfið, sem nefnt var „Hliðar-reikningar fyrir menningu í hagreikningum landsins“ (e. Satellite Account for Culture) sbr. hliðarreikningar fyrir ferðaþjónustu (e. Tourism Satellite Accounts), myndi tengjast þjóðarreikningum. Tillagan fól í sér byggja á þeim og vinnumarkaðskönnun landsins.

Bretland

Í Bretlandi hafa kerfisbundnar athuganir á skapandi greinum verið stundaðar hvað lengst og til er aragrúi skýrslna um hin ýmsu svæði og borgir þar í landi. Í þessum skýrslum kemur meðal annars fram að:

- Skapandi greinar eru um 7,3% af heildarefnahagi landsins (álíka stórt og fjármálageiri landsins).
- Í greininni starfa um milljón manns og um 800 þúsund til viðbótar starfa í skapandi störfum sem þó teljast ekki beint til skapandi atvinnugreina.

Nýjasta tölfræði um skapandi greinar í Bretlandi var birt í desember 2010 (Department of Culture, Media and Sport, 2010a). Skapandi greinar lögðu til 5,6% af vergri þjóðarframleiðslu landsins árið 2008. Útflutningur þjónustu tengdri skapandi greinum var samtals 17,3 milljarðar punda árið 2008 sem er um 4,1% af útflutningi vara og þjónustu í Bretlandi.

Áætlað er að árið 2008 hafi verið 182.100 fyrirtæki í skapandi greinum en það eru um 8,7% allra fyrirtækja í Bretlandi.

Hugbúnaður og rafræn útgáfa leggja mest til þjóðarframleiðslunnar af öllum skapandi greinum eða um 2,5% árið 2008.

Erfitt er að bera þessar tölur saman innbyrðis sem og við íslenskar tölur. Undantekning af þessu eru þó vinnumarkaðstölurnar en þrátt fyrir ólíkar skilgreiningar á skapandi greinum gefa hlutfallstölur um störf í skapandi greinum sem hlutfall af vinnumarkaðnum þó einhverjar hugmynd um mikilvægi skapandi greina.

Árið 2006 störfuðu hér á landi um 4,8% vinnuafli í skapandi greinum en til samanburðar var þetta hlutfall 5,7% á Nýja Sjálandi, 7% í Bretlandi og 5,2% í Ástralíu (Cunningham, 2011). Hlutfallið jókst í öllum þessum löndum fram til ársins 2006 en nýrri tölur eru ekki aðgengilegar.

Næstu skref

Nú er ráðgerð stofnun samtaka skapandi greina en samráðsvettvangur skapandi greina hefur verið til sem óformlegur vettvangur frá því í desember árið 2009. Samráðsvettvangur skapandi greina er mikilvægur liður í því ferli að benda á mikilvægi skapandi greina í íslensku samfélagi. Samráðsvettvangurinn er einstakt fyrirbæri en þó að opinber og akademísk áhersla hafi verið lögð á skapandi greinar í hagrænu samhengi þá er ekki hefð fyrir því að greinarnar vinni saman með formlegum hætti. Það að formgera samráðsvettvanginn í samtök skapandi greina er því í raun einstakt tækifæri til þess að hlúa að skapandi greinum á Íslandi og fullnýta þau samlegðaráhrif sem verða á milli greinanna.

Í kjölfar fyrstu niðurstaðna úr kortlagningarverkefninu, sem birtar voru í desember 2010 var settur á laggirnar starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um stuðning hins opinbera við skapandi greinar. Hópurinn skipa fulltrúar fimm ráðuneyta, Íslandstofu og Samráðsvettvangs skapandi greina. Verkefni hópsins er að meta hvernig hægt sé að bæta starfsumhverfi skapandi greina og nýta þau tækifæri sem til staðar eru, efla rannsóknir, menntun og stefnumótun og styðja við útflutningsstarfssemi. Gert er að ráð fyrir að tillögur hópsins liggi fyrir í maí 2011.

Veltutölur gefa mikilvæga fyrstu mynd af skapandi greinum en mikilvægt er þó að virðisaukatölur fyrir skapandi greinar verði tiltækar sem fyrst. Þá þarf að koma gagnasöfnun um skapandi greinar í fastan farveg svo að upplýsingar um þróun greinanna séu aðgengilegar fyrir stjórnvöld og hagsmunaaðila. Enn fremur er mikilvægt að tryggja vettvang fyrir frekari rannsóknir en það að hafa tölur um skapandi greinar er eitt og sér ekki nægjanlegt til þess að efla þekkingu í greinum heldur þarf að vaka yfir þróun þeirra, setja þær í samhengi og vinna áfram í túlkun.

Upplýsingar um umfang skapandi greina og ekki síst um hversu mörg störf skapandi greinar skapa ætti að vera þarfar upplýsingar í atvinnustefnu ríkisins. Einnig ber að hafa í huga að skapandi greinar auka lífsgæði þeirra sem búa á svæðinu. Skapandi greinar eru uppspretta innihalds fyrir ferðamennsku en sköpun innihaldsins má þó ekki vera einvörðungu á þeim forsendum að laða að ferðamenn, enda sjá ferðamenn fljótt í gegnum svokallaðar ferðamannagildir.

Taka þarf tillit til þess að í ákveðnum skapandi greinum gæti skort þekkingu sem til þarf til þess að uppfylla möguleika sína. Stefnumörkun um uppbyggingu til framtíðar þarf að fela í sér tillögur um aukna menntun og þjálfun á þeim sviðum sem hana skortir. Í þessu samhengi þarf þó að kortleggja betur þekkingargöt í skapandi greinum en þær upplýsingar koma ekki fram hér.

Í þeim upplýsingum sem til eru um útflutning skapandi greina er ljóst að vaxtarmöguleikar eru fyrir hendi. Vöxtur í veltu hefur mestur verið í tölvuleikjum en einnig í hljóðupptökum og tónlistarútgáfu, sviðslistum og rekstri húsnæðis og aðstöðu fyrir menningarstarfsemi. Þó að þessar greinar vegi ekki þungt í útflutningi í samanburði við sjávarafurðir og orkufrekan iðnað eru vaxtamöguleikar fyrir hendi með bættri þekkingu og rekstrarskilyrðum. Atvinnustefna varðandi skapandi greinar þarf því að búa þannig að fyrirtækjum í skapandi greinum að þau sjái hag í því að starfa á Íslandi þó að tekjur af rekstri þeirra komi að mestu leyti erlendis frá. Þetta á sérstaklega við tölvuleiki, kvikmyndagerð og tónlist. Þekktir íslenskir tónlistarmenn eru með allan sinn rekstur erlendis. Skoða þarf hvernig mætti gera Ísland meira aðlaðandi fyrir tónlistarmenn, til dæmis með skattaendurgreiðslum sambærilegum og þeim í kvikmyndaiðnaðinum. Þá má sjá að útflutningstekjur af fatahönnun hafa vaxið þrátt fyrir að fyrirtæki á borð við Nikita selji framleiðslu sína í gegnum dótturfyrirtæki erlendis sem aðeins greiða þóknun til móðurfyrirtækis en það er sú þóknun sem kemur fram í útflutningstölum um skapandi greinar.

HLUTI II

Í þessum hluta skýrslunnar verða tölur um undirgreinar skapandi greina birtar eins og þær koma frá ríki, sveitarfélögum og úr virðisaukaskattsskrá.

Fyrst er hlutur ríkis og sveitarfélaga í menningarmálum birtur. Í kjölfarið er hverjum kjarnaflakki skapandi greina lýst samkvæmt skilgreiningu Unesco. Í hverjum kjarnaflakki er gerð grein fyrir þeim atvinnugreinaflokkum sem teljast til skapandi greina. Í hverjum atvinnugreinaflokkum eru upplýsingar um virðisaukaskattsskylda veltu flokksins, launakostnað, fjölda ársverka og útflutningstekjur. Auk þess kemur fram hver vigtun hvers flokks er. Hér ber að hafa í huga sem fyrr að veltutölurnar eiga aðeins við um virðisaukaskattsskylda veltu þeirra fyrirtækja og einyrkja sem skráðir eru í atvinnugreinaflokkana.

Í lok hvers kafla um hvern kjarnaflakki eru að finna viðbótarupplýsingar um flokkinn. Stór hluti upplýsingana er um veltu greinanna sem undanþegin er samkvæmt 2. gr. laga um virðisaukaskatt og eru því settar fram til að varpa enn fremur skýrara ljósi á umfang og stærð hvers flokks. Allar myndir í viðbótarupplýsingum eru byggðar á gögnum sem finna má á vef Hagstofu Íslands nema annað sé tekið fram.

Þá eru settar fram sambærilegar upplýsingar um stoðsvið og alhliðagreinar skapandi greina.

Að lokum er fjallað stuttlega um stuðningsumhverfi skapandi greina. Skoðaðir eru helstu styrkir og sjóðir sem aðilum í skapandi greinum standa til boða. Þá er umfjöllun um kynningarmiðstöðvar í skapandi greinum. Þar sem gögn eru hér sett fram án nánari útskýringa er mikilvægt að lesa yfir þá fyrirvara sem settir eru við gögnin.

Fyrirvarar

Rétt er að setja nokkra fyrirvara við þær tölur og töflur sem fylgja hér á eftir. Í fyrsta lagi fangar virðisaukaskattsskyld velta ekki allar þær greinar sem falla undir skapandi greinar samkvæmt skilgreiningu Unesco. Þannig eru tölur í ákveðnum flokkum lægri en raunveruleg velta. Undir lýsingu á hverjum atvinnugreinaflokkum kemur fram hvaða atriði það eru sem ekki eru virðisaukaskattsskyld. Þetta er í einhverjum tilvikum kjarni þess starfs sem við teljum falla undir atvinnugreinaflokkinn, til að mynda í sjónlistum og sviðslistum. Í samtali við Leiklistarsambandið kom til að mynda fram að eini hlutinn sem þau töldu að væri virðisaukaskattsskyldur væri sælgætissala og leikur í sjónvarpsauglýsingum.

Í öðru lagi; rangskráningar í atvinnugreinaflokkum voru leiðréttar út frá árinu 2009. Það kemur ekki í veg fyrir að fyrirtæki sem skipt hafa um kennitölu eða hætt fyrir 2009 séu rangskráð árin 2005–2008. Slíkar sviptingar eru mögulega meiri í íslenskum tölum en í gögnum frá stærri þjóðum þar sem hvert einstakt fyrirtæki vegur þungt. Gögnin verða því aldrei nákvæmari en skráning í atvinnugreinaflokkum sem og þær upplýsingar sem fyrirtækin setja fram við virðisaukaútreikninga.

Í litlum flokkum geta einstakir atburðir einnig skipt miklu máli. Þannig gæti velta hafa verið mun meiri eitt ár vegna húsnæðisframkvæmda eða viðhalds. Þær upplýsingar höfum við hinsvegar ekki tiltækar og því eru sviptingar á milli ára í einstökum flokkum óútskýrðar. Tölur í einhverjum flokkum virðast mjög

ótrúverðugar en til að mynda er samdráttur í grasa- og dýragörðum frá árinu 2005 mikill. Þessum tölum bera að taka með miklum fyrirvara.

Að lokum viljum við minna á að tölur eru settar fram á verðlagi hvers árs og að verðbólga var mikil á þessum árum svo hækkun á veltu ber ekki nauðsynlega vitni um raunverulegan vöxt.

Áhugaverð atriði

Í köflunum hér á eftir eru tölulegar niðurstöður kortlagningarinnar settar fram hvoru tveggja fyrir hið opinbera sem og fyrir hvern atvinnugreinaflokk í virðisaukaskattsgögnum. Tölurnar eru ekki ræddar sérstaklega en hér verður gerð grein fyrir nokkrum áhugaverðum atriðum sem þar koma fram.

Þegar opinberu tölurnar eru skoðaðar er áhugavert að sjá að þó að velta ríkisins í menningar- og fjölmiðlamálum hafi nokkurn veginn staðið í stað hafa séraflatekjur hækkað hlutfallslega. Á sama tíma hefur ársverkum fjölgað um rúmlega 100 á tímabilinu. Þá kemur fram að tónlistarmenntun er stærsti útgjaldaliður sveitarfélaga til menningarmála (allt að þriðjungur).

Í flokknum „Hljóðupptaka og tónlistarútgáfa“ og í dagskrárgerðarflokkunum (60.10.0 og 60.20.0) koma fram sveiflur á milli ára þar sem velta fer úr nokkrum hundruð milljónum króna í nokkra milljarða og öfugt. Þessar sveiflur eru óútskýrðar en ekki er loku fyrir það skotið að flutningar fyrirtækja á milli atvinnugreinaflokka t.d. við kennitöluskipti gætu átt hér hluta að máli vegna misbresta í skráningu fyrirtækja í atvinnugreinaflokka hjá Ríkisskattstjóra.

Þrátt fyrir sveiflur í flokknum „Hljóðupptaka og tónlistarútgáfa“ má sjá að sá samdráttur sem orðið hefur í alþjóðlegri tónlistarútgáfu virðist ekki hafa átt sér stað hér á landi, þ.e. tónlistarútgáfa hefur ekki hrunið. Þess má þó geta að sala erlendar tónlistar hefur dregist verulega saman á meðan sala á íslenskri tónlist hefur aukist (sjá mynd 20).

Vert að vekja athygli á því að aðeins lítil hluti rekstrar í leikhúsi, dans og óperusýningum er virðisaukaskattsskyldur. Þetta gerir að verkum að tölur um virðisaukaskattsskylda veltu sviðslista er lægri en raunveruleg velta. Hins vegar er velta t.d. Þjóðleikhússins, Borgarleikhússins og Íslenska dansflokksins inni í veltu hins opinbera svo einhver dæmi séu nefnd. Þrátt fyrir að tölurnar séu takmarkaðar að þessu leyti er áhugavert að sjá að samdráttur hefur orðið í flokknum „Þjónusta við sviðslistir“ og starfsfólki leikhúsanna hefur fækkað á sama tíma og mikil fjölgun hefur átt sér stað í aðsókn að uppfærslum leikhúsanna.

Í flokknum „Útgáfa á tölvuleikjum“ hefur veltan rúmlega sexfaldast á tímabilinu 2005–2009. Þá er áhugavert að nánast öll veltan í flokknum telst til útflutnings og stendur undir rúmlega helmingi útflutningstekna allra skapandi greina.

Mikil aukning hefur verið í veltu flokksins „Vefgáttir“ en það er í samræmi við alþjóðlega þróun á notkun netsins. Nokkuð stöðug aukning er í veltu í flokknum „Leiga á hugverkum og skyldum eignum sem ekki njóta höfundarréttar“.

Starfsemi arkitekta er vigtuð niður í samræmi við aðferðarfræði DCMS en þó má setja spurningarmerki við það hlutfall sem byggt er á en arkitekta hér eru ekki í verkstjórnun á samahátt og starfsbræður þeirra erlendis. Í tölunum má

jafnframt sjá afleiðingu efnahagshrunsins en arkitektar fylgja byggingar-
iðnaðinum sem hefur verið í mikill lægð frá árinu 2008. Á verðlagi hvers árs má
sjá að velta í greininni hefur farið niður fyrir helming þess sem var fyrir hrún.

Eins og í arkitektúr gætir áhrifa kreppunnar í auglýsingum en þar hefur orðið
verulegur samdráttur frá árinu 2007.

Ólíkt arkitektúr og auglýsingum hefur hinsvegar orðið nokkur vöxtur
í útflutningi sérhæfðrar hönnunnar.

Velta í menningarmálum hjá ríki

Velta í menningarmálum hjá ríki (eignakaup, launakostnaður, annar kostnaður
og tilfærslur) árið 2009 var um 12,5 milljarðar króna. Þar af var aflað með
sértekjum um einum milljarði króna og framlag ríkissjóðs því um 11,5
milljarðar.

Tafla 1

Velta í menningarmálum hjá ríki 2005–2009 í millj. kr.

	2005	2006	2007	2008	2009
Eignakaup	105	54	66	79	112
Launakostnaður	1.625	1.745	2.007	2.750	2.822
Annar kostnaður	1.186	1.535	1.611	1.925	2.266
Tilfærslur	4.503	6.287	6.948	6.436	7.323
Velta	7.419	9.621	10.632	11.190	12.523
Sértekjur	627	759	898	1.032	1.035
Framlag ríkissjóðs	6.792	8.862	9.734	10.158	11.488

Nánari útlitun í viðauka 1.

Ársverk í menningarmálum hjá ríki

Tafla 2

Ársverk í menningarmálum hjá ríki 2005–2009

2005	2006	2007	2008	2009
371	347,18	385,36	491,95	490,49

Árið 2009 voru ársverk í menningarmálum hjá ríki um 500 talsins. Þessar tölur
eru ekki tæmandi þó þær gefi góða hugmynd um fjölda ársverka. Til dæmis er
velta Ríkisútvarpsins talin með í gögnunum en í gögnin vantar fjölda ársverka
hjá stofnunni þar sem Ríkisútvarpið er hlutafélag sem sér sjálf um sitt bókhald
(þar á meðal launagreiðslur) og því hefur Fjársýsla ríkisins engar upplýsingar
um ársverk þar.

Velta í menningarmálum hjá sveitarfélögum

Velta í menningarmálum hjá sveitarfélögum (launakostnaður, annar rekstrarkostnaður og útgjöld til tónlistarfræðslu) árið 2009 var um 11 milljarðar króna. Þjónustutekjur og aðrar tekjur voru um einn milljarður og framlög sveitarfélaganna því um tíu milljarðar.

Tafla 3

Velta í menningarmálum hjá sveitarfélögum 2005–2009 í millj. kr.

	2005	2006	2007	2008	2009
Laun og launatengd gjöld	146	1.708	1.849	2.027	2.153
Annar rekstrarkostnaður	3.628	4.259	4.514	5.196	5.196
Útgjöld sveitarfélaga til tónlistarfræðslu	2.514	2.914	3.196	3.447	3.601
Velta	7.603	8.882	9.559	10.671	10.951
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	695	741	867	1.063	1.091
Framlag sveitarfélaga	6.908	8.141	8.692	9.608	9.860

Ársverk í menningarmálum hjá sveitarfélögum

Engar upplýsingar eru um ársverk í menningarmálum hjá sveitarfélögum. Áætla má að sveitarfélög veiti tæplega svipaðan fjölda ársverka og ríkið í menningarmálum þegar litið er til veltu en ekki er þó mögulegt að draga ályktanir af þeirri ágiskun.

Hlutur hins opinbera í veltu

Af þessum tölum má sjá að ríki og sveitarfélög verja mjög sambærilegum upphæðum í listir og menningu – ríkið þó ívið hærri. Hækkunar þær sem orðið hafa á útgjöldunum ná að halda í við verðbólgu en núvirt á verðlagi ársins 2009 hefur veltan staðið í stað, frá 2006, að undanskildu árinu 2007 þar sem veltan var milljarði hærri (sjá mynd 7).

Velta, launakostnaður, fjöldi ársverka og útflutningstekjur

A – Menningar- og náttúruarfleifð

Flokkurinn „Menningar- og náttúruarfleifð“ inniheldur eftirfarandi: söfn, fornleifaskráningu og sögulega staði (þar með talið eru fornminjar og aðrar sögufrægar byggingar), menningarleg landslög og náttúruarfleifð.

Menningararfleifð nær yfir gripi, minnisvarða, byggingar og staði sem einkennast af fjölbreytilegum gildum sem geta haft táknræna, sögulega, listræna, fagurfræðilega, þjóðfræðilega eða mannfræðilega, vísindalega og félagslega þýðingu.

Menningarlandslag (e. *cultural landscape*) tákna sameiginleg verk náttúrunnar og manna. Þau standa fyrir langt og náið samband milli manns og náttúrulegs umhverfi hans (Unesco, 2007).

Náttúruarfleifð samanstendur af náttúrulegum eiginleikum, jarðfræði- og eðlisfræðilegum myndunum lands og afmörkuðum svæðum þar sem heimkynni dýra og plantna eru í útrýmingarhættu og náttúruminja frá sjónarmiði vísinda, náttúruverndar eða náttúrufegurðar. Flokkurinn inniheldur þjóðgarða, dýragarða og grasagarða (Unesco, 1972).

Starfsemi sem tengist menningu og náttúruarfleifð felur í sér umsjón með svæðum og söfnum sem hafa sögulega, fagurfræðilega, vísindalega, umhverfis- og félagslega þýðingu. Varðveisla og starfsemi gagnavörslu sem fer fram í söfnum og bókasöfnum er einnig hluti af þessum flokki.

Safn er ekki rekið í hagnaðarskyni. Það þjónustar samfélagið og þróun þess, er opið almenningi og kaupir, varðveitir, stendur fyrir rannsóknum, á í samskiptum og hefur til sýnis efnislega og óefnislega arfleifð mannkynsins og umhverfi þess í þeim tilgangi að mennta fólk og veita því ánægju (ICOM, 2007). Annars konar söfn sem tilheyra þessum flokki eru lifandi söfn, sem innihalda hluti sem eru enn notaðir við helgisiði eða heilagar vígslur af sveitarfélögum og gagnvirk söfn sem eru í rafrænu formi svo sem á geisladiskum eða á vefsíðum.

91.02.0 Starfsemi safna

Til þessarar greinar telst:

Starfræksla hvers kyns safna annarra en bóka- og skjalasafna, s.s. listasafna, minjasafna, náttúrugripasafna og tæknisafna.

Til þessarar greinar telst ekki:

- Starfsemi listmunahúsa og listverkasala, sjá **47.78.3**
- Viðgerðir á listaverkum og safnmunum, sjá **90.03**
- Starfsemi bókasafna og skjalasafna, sjá **91.01**

	Vigtun	ÍSÁT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	100%	9102	305,7	193,5	277,7	264,1	278,3
Launakostnaður m.kr.	100%	9102	72,6	88,6	117,7	174,9	207,3
Ársverk	100%	9102	53,3	55,8	71,4	90,3	96,3
Útflutningstekjur m.kr.	100%	9102	6,6	4,4	6,6	3,3	6,8

91.03.0 Rekstur sögulegra staða og bygginga og áþekkra ferðamannastaða

Til þessarar greinar telst:

- Rekstur og varðveisla sögulegra staða og bygginga

Til þessarar greinar telst ekki:

- Endurnýjun og viðgerðir á sögulegum stöðum og byggingum, sjá bálk F
- Rekstur þjóðgarða og varðveisla náttúruverndarsvæða, sjá **91.04.**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	100%	9103	4,7	6,4	4,9	6,5	4,8
Launakostnaður m.kr.	100%	9103	2,1	5,3	9,0	9,8	14,4
Ársverk	100%	9103	1,3	3,2	4,0	4,3	5,2
Útflutningstekjur m.kr.	100%	9103	0,0	0,0	0,3	0,2	0,0

91.04.0 Starfsemi grasagarða, dýragarða og þjóðgarða

Til þessarar greinar telst:

- Rekstur grasa- og dýragarða
- Rekstur þjóðgarða, þ.m.t. varðveisla náttúruverndarsvæða

Til þessarar greinar telst ekki:

- Skróðgarðyrkja og garðrækt, sjá **81.30**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	100%	9104	20,8	13,3	15,1	1,2	1,7
Launakostnaður m.kr.	100%	9104	2,2	3,1	0,9	0,5	1,6
Ársverk	100%	9104	1,4	1,6	1,3	0,7	1,2
Útflutningstekjur m.kr.	100%	9104	15,3	9,5	8,4	0,0	0,0

Samantekt á veltu


	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
Starfsemi safna	100%	9102	305,7	193,5	277,7	264,1	278,3
Rekstur sögulegra staða og bygginga og áþekkra ferðamannastaða	100%	9103	4,7	6,4	4,9	6,5	4,8
Starfsemi grasagarða, dýragarða og þjóðgarða	100%	9104	20,8	13,3	15,1	1,2	1,7
Samtals			331,3	213,1	297,8	271,8	284,8

Mikill fjöldi stofnana sem tilheyra menningu og náttúruarfleifð eru fjármögnuð af ríki og sveitarfélögum. Í viðaukum 1 má finna útlístan á útgjöldum ríkis til menningar.

Á mynd 17 má sjá útlístan á fjölda gesta safna og skyldrar starfsemi frá árinu 1995–2006 (tölur frá 2006 eru ekki tiltækar). Tölur eru fengnar af vef Hagstofunnar en þar kemur fram að aðsóknartölur byggja á upplýsingum frá söfnunum sjálfum. Ef söfn skila ekki gögnum um aðsókn til Hagstofunnar vantar þau inn í eftirfarandi mynd. Á myndinni má sjá að aðsókn hefur aukist verulega, sérstaklega á minja- og munasöfn.

Mynd 17

Gestir safna 1995–2006



B – Sviðslistir og hátíðarhöld

Flokkurinn Sviðslistir og hátíðarhöld inniheldur allar tegundir menningarviðburða.

Sviðslistir ná yfir hvorutveggja atvinnu- og áhugamenn í greininni, svo sem leiklist, dans, óperu og brúðuleikhús. Flokkurinn felur einnig í sér menningarviðburði sem fara fram í nærumhverfinu en þeir geta einnig verið óformlegir. Stór hluti þessarar starfsemi er þó undanþeginn virðisaukaskatti og því ekki talinn með, það gerir það að verkum að ef litið væri til heildarveltu væri hluti sviðslista án efa mun stærri.

Tónlist er skilgreind á þessu sviði í heild sinni, óháð sniði hennar. Þar af leiðandi felur hún í sér lifandi flutning og upptökur af tónleikum, samningu tónverka, tónlistarupptökur, stafræna tónlist, þ.á.m. upp- og niðurhal tónlistar, og hljóðfæri.

32.20.0 Hljóðfærasmíði

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á strengjahljóðfærum
- Framleiðsla á strengjahljóðfærum með nótnaborði, þ.m.t. sjálfvirk píanó
- Framleiðsla á hljómborðspíuorgelum, þ.m.t. stofuorgelum og áþekkingum hljómborðshljóðfærum með lausum málmfjöðrum
- Framleiðsla á dragspilum og áþekkingum hljóðfærum, þ.m.t. munnhörpum
- Framleiðsla á blásturshljóðfærum
- Framleiðsla á slaghljóðfæra
- Framleiðsla hljóðfæra, þar sem hljóðið er framkallað á rafrænan hátt
- Framleiðsla á spiladósum, skemmtiorgelum, gufuorgelum o.þ.h.
- Framleiðsla á hlutum og aukabúnaði hljóðfæra, s.s. taktmælum, tónkvíslum, tónflautum, kortum, skífum og keflum fyrir sjálfvirk vélknúin hljóðfæri o.þ.h.
- Framleiðsla á blístrum, gjallarhornum og öðrum hljóðmerkjaáhöldum fyrir blástur

Til þessarar greinar telst ekki:

- Fjölföldun átekinna hljóð- og myndbanda og diska, sjá **18.2**
- Framleiðsla á hljómflytningstækjum, hljóðnemum, mögnurum, hátölurum, heyrnartólum og sambærilegum hlutum, sjá **26.40**
- Framleiðsla á leikfangahljóðfærum, sjá **32.40**
- Lagfæring orgela og annarra sögulegra hljóðfæra, sjá **33.19**
- Útgáfa átekinna hljóð- og myndbanda og diska, sjá **59.20**
- Píanóstillingar, sjá **95.29**

	Vigtun	ÍSÁT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	100%	3220	64,4	56,6	74,5	75,4	73,0
Launakostnaður m.kr.	100%	3220	16,2	17,0	21,7	22,1	16,9
Ársverk	100%	3220	6,5	7,2	8,3	8,3	8,8
Útflutningstekjur m.kr.	100%	3220	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1

47.63.0 Smásala á tónlistar- og myndupptökum í sérverslunum

Til þessarar greinar telst:

- Smásala á tónlistarupptökum, hljóðböndum, geisladiskum og snældum
- Smásala á myndböndum og stafrænum diskum (DVD)
- Til þessarar greinar telst einnig:
- Smásala á óáteknum böndum og diskum

	Vigtun	ÍSÁT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	100%	4763	407,4	205,0	1401,1	1289,3	1101,0
Launakostnaður m.kr.	100%	4763	15,0	13,0	64,3	81,5	135,3
Ársverk	100%	4763	10,6	7,6	40,3	46,8	59,8
Útflutningstekjur m.kr.	100%	4763	2,2	1,4	463,4	416,3	100,7

59.20.0 Hljóðupptaka og tónlistarútgáfa

Til þessarar greinar telst:

Framleiðsla á upprunalegum hljóðupptökum, s.s. segulbönd og geisladiskar. Einnig telst til þessarar greinar útgáfa, kynning og dreifing á hljóðupptökum til heildsala, smásala eða beint til almennings. Til þessarar greinar telst einnig þjónustustarfsemi á sviði hljóðupptöku í hljóðveri eða annars staðar, þ.m.t. framleiðsla á hljóðrituðu útvarpsefni (þ.e. ekki beinar útsendingar). Til þessarar greinar telst einnig starfsemi á sviði tónlistarútgáfu, þ.e. öflun og skráning höfundarréttar að tónverkum, kynning, leyfisveiting og notkun þessara verka í upptökum, útvarpi, sjónvarpi, kvikmyndum, lifandi flutningi, á prenti og í öðrum miðlum. Þær rekstrareiningar sem sjá um þessa starfsemi geta átt höfundarrétt að tónverkunum eða séð um hann fyrir hönd rétthafa. Meðtalin hér er útgáfa tónlistar- og nótnabóka.

	Vigtun	ÍSÁT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	100%	5920	893,9	6057,2	6284,4	959,6	5076,6
Launakostnaður m.kr.	100%	5920	90,1	412,1	404,4	376,4	388,6
Ársverk	100%	5920	53,3	201,4	199,5	196,2	200,1
Útflutningstekjur m.kr.	100%	5920	109,5	689,2	719,2	193,7	544,9

90.01.0 Sviðslistir

Til þessarar greinar teljast uppfærslur á leiksýningum, óperusýningum og listdanssýningum eða tónleikahald og annað sýningahald þar sem listamenn koma fram

- Starfsemi listhópa, fjölleikaflokka eða leikhópa og hljómsveita
- Starfsemi sjálfstætt starfandi listamanna s.s. leikara, dansara, tónlistarmanna og fyrirlesara

Til þessarar greinar telst ekki:

- Starfsemi umboðsmanna eða umboðsskrifstofa á sviði leiklistar eða lista, sjá **74.90**
- Hlutverkaval, sjá **78.10**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	100%	9001	487,4	482,9	456,6	758,0	681,3
Launakostnaður m.kr.	100%	9001	631,0	730,5	858,3	924,4	883,7
Ársverk	100%	9001	375,5	447,8	469,6	474,3	429,6
Útflutningstekjur m.kr.	100%	9001	169,4	96,6	19,3	237,6	232,9

90.02.0 Þjónusta við sviðslistir

Til þessarar greinar telst þjónusta við sviðslistir vegna uppfærslna á leiksýningum, óperusýningum og listdanssýningum eða tónleikahaldi o.þ.h.

- Starfsemi leikstjóra, framleiðenda, sviðshönnuða og leikmyndasmiða, sviðsmanna, ljósamanna o.þ.h.

Til þessarar greinar telst einnig starfsemi framleiðenda eða skipuleggjenda listflutnings.

Til þessarar greinar telst ekki:

- Starfsemi umboðsmanna eða umboðsskrifstofa á sviði leiklistar eða lista, sjá **74.90**
- Hlutverkaval, sjá **78.10**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	100%	9002	294,0	264,6	360,9	292,0	204,3
Launakostnaður m.kr.	100%	9002	81,8	97,5	124,1	132,5	82,5
Ársverk	100%	9002	41,5	51,2	66,5	66,9	53,3
Útflutningstekjur m.kr.	100%	9002	4,3	7,1	2,8	5,4	15,8

90.04.0 Rekstur húsnæðis og aðstöðu fyrir menningarstarfsemi

Til þessarar greinar telst:

- Rekstur tónleika- og leikhúsa og annarrar aðstöðu fyrir menningarstarfsemi

Til þessarar greinar telst ekki:

- Rekstur kvikmyndahúsa, sjá **59.14**
- Starfsemi við miðasölu, sjá **79.90**
- Rekstur safna, sjá **91.02**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	100%	9004	725,4	966,1	1158,1	884,2	1212,6
Launakostnaður m.kr.	100%	9004	86,7	158,7	341,7	295,3	280,1
Ársverk	100%	9004	62,3	80,8	124,3	107,8	95,4
Útflutningstekjur m.kr.	100%	9004	74,8	88,9	105,1	142,8	217,0

Samantekt á veltu

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
Hljóðfærasmíði	100%	3220	64,4	56,6	74,5	75,4	73,0
Smásala á tónlistar- og myndupptökum í sérverslunum	100%	4763	407,4	205,0	1401,1	1289,3	1101,0
Hljóðupptaka og tónlistarútgáfa	100%	5920	893,9	6057,2	6284,4	959,6	5076,6
Sviðslistir	100%	9001	487,4	482,9	456,6	758,0	681,3
Þjónusta við sviðslistir	100%	9002	294,0	264,6	360,9	292,0	204,3
Rekstur húsnæðis og aðstöðu fyrir menningarstarfsemi	100%	9004	725,4	966,1	1158,1	884,2	1212,6
Samtals			2872,5	8032,3	9735,7	4258,6	8348,9

Viðbótargögn

Tónlist


Tónleikahald á Íslandi

Upplýsingar um tónleikahald á Íslandi eru samkvæmt tónleikaumfjöllun dagblaða ásamt tónleikum tónlistarnema. Upplýsingar eru ekki fyllilega samanburðarhæfar milli ára vegna mismunandi aðferða við talningu. Undir klassíska tónleika fellur ljóða- og kórsöngur. Árið 2007 er óvíst um staðsetningu 24 tónleika.

Mynd 18

Tónleikahald eftir tegund og landshlutum 1995–2008

Heimild: Félag íslenskra hljómlistarmanna – FÍH (Talning á tónleikum 2004–2008), Menntamálaráðuneytið (Álitsgerð nefndar um tónlistarhús, 1997) og Tónlistarráð Íslands (Tónleikahald á Íslandi 1999–2000)




Árið 2008 voru samtals haldnir 1940 tónleikar. Þar af voru flestir haldnir á höfuðborgarsvæðinu eða 1390 talsins. Næstflestir tónleikar voru haldnir á Norðurlandi eða 260 tónleikar. Fæstir tónleikar voru haldnir á Vestfjörðum eða 34 talsins.

Mynd 19

Tónleikahald eftir landshlutum 2008

Heimild: Félag íslenskra hljómlistarmanna – FÍH (Talning á tónleikum 2004–2008), Menntamálaráðuneytið (Álitsgerð nefndar um tónlistarhús, 1997) og Tónlistarráð Íslands (Tónleikahald á Íslandi 1999–2000)




Plötusala

Á mynd 20 má sjá söluandvirði allra hljóðrita í heildsölu á árunum 1994–2009. Árið 1999 náði söluandvirði hljóðrita hámarki og var þá um 757 milljónir króna.

Mynd 20

Söluandvirði hljóðrita í heildsölu 1994–2009

Heimild: IFPI (The Recording Industry in Numbers 1998–1999), Félag hljómplötuframleiðenda (Upplageftirlit 1995–2009)




Söluverðmæti er á verðlagi hvers árs. Tölur fyrir 1991–1993 eru áætlun Alþjóðasamtaka hljómplötuframleiðenda (IFPI). Upplýsingar 1994–2009 eiga við sölu hljóðrita á vegum útgefenda og dreifenda sem þátt tóku í upplags- eftirliti Félags hljómplötuframleiðenda. Sveiflur í fjölda seldra eintaka milli ára kunna að stafa að nokkru af fjölda útgefenda og dreifenda sem taka þátt í upplageftirlitinu hverju sinni. Tölur eru námundaðar.

Athyglisvert er að bera saman söluandvirði hljóðrita á mynd 20 við söluandvirði hljóðrita í Svíþjóð á mynd 21. Ef litið er til aldamótanna má sjá að söluandvirði jókst til ársins 2005 en svo dregur úr því. Söluandvirði árið 2009 er litlu lægra en það var árið 2000. Í Svíþjóð hins vegar dregur stöðugt úr söluandvirði hljóðrita frá árinu 2000 jafnvel þótt stafræn sala á hljóðritum sé tekin með.

Mynd 21

Söluandvirði hljóðrita í Svíþjóð 2000–2008




Fjöldi tónlistarmanna

Vísbendingar um fjölda tónlistarmanna er hægt að finna með því að rýna í tölur um fjölda skráðra félaga í tónlistarfélög á Íslandi. Hins vegar má ætla að aðeins hluti tónlistarmanna sé skráður í félög og heildarfjöldinn því meiri en tölurnar gefa til kynna. Þá má einnig gera ráð fyrir að sumir tónlistarmenn séu skráðir í fleiri en eitt félag og því erfitt að henda reiður nákvæmlega á heildarfjölda tónlistarmanna í tónlistarfélögum.

Árið 2009 voru 604 tónlistarmenn skráðir í Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH), 273 skráðir í Félag tónskálda og textahöfunda (FTT), 156 í Félag íslenskra tónlistarmanna (FÍT) og 55 í Tónskáldafélagi Íslands (TÍ). Heildarfjöldi félaga árið 2009 var því 1088. Búast má þó við að hér sé að einhverju leyti um tví- eða þrítalningu að ræða þar sem sami einstaklingur getur verið í fleiri en einu félagi.

Mynd 22

Félög íslenskra tónlistarmanna
Heimild: Upplýsingar félaganna.




Á mynd 23 má sjá hvernig félagar í Félagi íslenskra hljómlistarmanna skiptast í deildir. Flestir (385 tónlistarmenn) eru í klassísku deildinni, 141 tónlistarmaður í djassdeildinni og 78 tónlistarmenn í rokkdeildinni.

Mynd 23

Félagatal Félags íslenskra hljómlistarmanna eftir deildum 1996–2009

Heimild: Félag íslenskra hljómlistarmanna



Efnahagsleg áhrif íslenskra tónleikahátíða

Á Íslandi er mikill fjöldi tónlistarhátíða sem fara fram árlega. Má þar á meðal nefna Iceland Airwaves, Aldrei fór ég suður, Myrka músíkdaga, Við Djúpið, Bræðsluna, Blúshátíð í Reykjavík, Jazzhátíð í Reykjavík og Eistnaflug.⁴

Vitað er um tvær kannanir þar sem efnahagsleg áhrif tónleikahátíða á Íslandi voru mæld. Árið 2005 var framkvæmd samnorræn könnun þar sem kannað var hversu miklu fé erlendir gestir Iceland Airwaves-hátíðarinnar verja á meðan dvöl þeirra stendur. Helstu niðurstöður sýndu að erlendu gestirnir vorðu um 185 milljónum króna (á verðlagi ársins 2006) á höfuðborgarsvæðinu á meðan dvöl þeirra stóð og þá var flugkostnaður til landsins ekki meðtalinn auk annarra útgjalda utan borgarinnar (Angel og Hansen, 2006).

Í október 2010 kom upp sú hugmynd hjá ÚTÓN (Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar) að endurtaka könnunina til að komast að hvort eyðsla erlendra gesta hefði breyst á þeim fimm árum sem liðin voru frá því að könnunin var framkvæmd síðast. Í samstarfi við Höfuðborgarstofu var könnunin gerð á meðan á hátíðinni stóð dagana 13.–17. október.

Samtals svöruðu 250 erlendir gestir Iceland Airwaves könnuninni. Í rannsókninni var stuðst við megindlegar rannsóknaraðferðir sem fólu í sér öflun gagna með því að leggja spurningalista fyrir erlenda gesti hátíðarinnar.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að erlendir gestir verja um 313 m.kr. á meðan dvöl þeirra stendur og þá er flugkostnaður gestanna ekki meðtalinn (Tómas Young, 2010a). Á verðlagi októbermánaðar 2010 vorðu gestirnir um 257 m.kr. árið 2005 og er aukningin því 21,6%. Heildarfjöldi gesta hátíðarinnar jókst um 10% en um 33% fleiri erlendir gestir sóttu hátíðina árið 2010. Rekja má aukningu í veltu erlendra gesta að hluta til aukningar fjölda erlendra gesta.

4 Hér má sjá lista yfir íslenskar tónlistarhátíðir sem ÚTÓN hefur tekið saman: <http://www.icelandmusic.is/Festivals/>

Aðrar niðurstöður sýna að um 73% svarenda sögðu Iceland Airwaves-hátíðina vera aðalástæðuna fyrir komunni. Þá gáfu 97,5% svarenda hátíðinni góða einkunn, þeir sögðust annaðhvort ánægðir eða mjög ánægðir með hátíðina. Um 64% svarenda var að heimsækja hátíðina í fyrsta skipti en 19% aðspurðra voru að heimsækja hátíðina í annað sinn.

Samantekt á helstu tölum á milli ára

Iceland Airwaves	2005	2010	Mismunur
Heildarfjöldi gesta	4200	4650	+10,7%
Erlendir gestir	1663	2215	+33,2%
Hlutfall erl. gesta af heildarfjölda	40%	48%	+20,3%
Meðalaldur	26	28,6	+10,0%
Meðalfjöldi gistinátta	6,6	5,57	-15,6%
Eyðsla millj.kr. (á verðlagi hvers árs)	185	313	+69,2%
Eyðsla millj.kr. (á verðlagi okt. 2010)	257	313	+21,8%
Eyðsla á dag kr. (á verðlagi hvers árs)	16.240	25.372	+56,2%
Eyðsla á dag kr. (á verðlagi okt. 2010)	22.596	25.372	+12,3%
Fjöldi hátíðardaga	5	5	0,0%
Fjöldi sótttra hátíðardaga	4,1	4,33	+5,6%
ÍA aðalástæða heimsóknar	77%	73%	-5,2%
Vísitala neysluverðs	260,6	362,6	+39,1%

Leikhús

Auk opinberu leikhúsanna, Þjóðleikhúss, Borgarleikhúss, Leikfélags Akureyrar og Íslenska dansflokksins, starfa fjöldi sjálfstæðra leikhópa á Íslandi. Aðildarfélag sjálfstæðu leikhúsanna eru til dæmis 57. Aukning hefur orði í fjölda uppfærslna þessa hóps en þær fóru úr 56 (þar af 44 íslenskar) leikárið 2006/2007 í 82 uppfærslur leikárið 2007/2008. Af þessum 82 sýningum voru 70 íslenskar þar af 33 frumsýningar íslenskra verka. Sjálfstæðu leikhúsin eru þannig líflægur vettvangur fyrir íslensk leikritaskáld.

Sjálfstæðu leikhúsin njóta ekki stuðnings hins opinbera á sama hátt og Þjóðleikhús og Borgarleikhús (aðeins 6% af heildarstuðningi við sviðslistir) en á vegum þeirra voru leikárið 2006/2007 að meðaltali sýndar 4,2 sýningar daglega.


Leikhús

Samanlagður fjöldi sýninga í leikhúsum á leikárinu 2009–2010 var 1.196 (Hagstofa Íslands, 2011c) en það er talsverð aukning frá fyrra leikári.

Eftirfarandi tölur um leikhús ná yfir atvinnuleikhópa og áhugaleikfélög. Á mynd 24 má sjá heildarfjöldi leikhússýninga en leikárið 2009–2010 var heildarfjöldi sýninga 1196. Á þessu tímabili voru þær flestar veturinn 2000–2001 þegar þær voru 1527 talsins.

Mynd 24


Fjöldi sýninga í leikhúsum 2000–2010



Samanlagður fjöldi gesta á leiksýningar leikhúsa, atvinnuleikhópa og áhugaleikfélaga innanlands var 416 þúsund á síðasta leikári en flestir voru þeir leikárið 2006–2007 eða 441.560 talsins. Á síðasta leikári, 2009–2010, voru færðar á fjalirnar 236 uppfærslur á vegum leikhúsa, leikhópa og leikfélaga, sem sýndar voru 2.352 sinnum. Heildarfjöldi gesta leikhúsa, leikhópa og félaga á leikárunum 2000/2001– 2009/2010 er sýndur á meðfylgjandi mynd. Inni í tölum um aðsókn eru gestir á sýningar leikhúsa, leikhópa og leikfélaga í skólum og á innlendar og erlendar gestasýningar.

Mynd 25


Fjöldi leikhúsagesta hjá atvinnuleikhópum og áhugaleikfélögum



Á mynd 26 má sjá fjölda leikhúsagesta í leikferðum leikhúsa og atvinnuleikhópa innanlands á árunum 2004–2010.

Mynd 26


Fjöldi leikhúsagesta í leikferðum leikhúsa og atvinnuleikhópa innanlands



Á mynd 27 má sjá fjölda leikhúsagesta í leikferðum leikhúsa og atvinnuleikhópa erlendis. Þessar upplýsingar eru alls ekki tæmandi. Í einhverjum tilfellum vantar töluvert upp á samkvæmt upplýsingum frá fyrrum framkvæmdarstjóra Íslenska dansflokksins.

Mynd 27


Fjöldi leikhúsgesta í leikferðum leikhúsa og atvinnuleikhópa erlendis



Á mynd 28 má sjá fjölda starfsmanna í leikhúsum á Íslandi á árunum 1996–2008. Samtals störfuðu 757 einstaklingar í leikhúsum árið 2010 en þegar mest var störfuðu 914 einstaklingar í leikhúsum. Flestir starfsmenn eru listamenn eða um 420. Áhugavert er að sjá að á sama tíma og leikhúsgestum fjölga á milli leikáranna 2008–2009 og 2009–2010, fækkar starfsfólki.

Mynd 28

Fjöldi leikhússtarfsmanna 1996–2010




Á mynd 29 má sjá tekjur og gjöld leikhúsa á árunum 1996–2008. Eins og sést voru heildartekjur leikhúsa 2.461.588 þús. kr. árið 2008 eða tæplega tveir og hálfur milljarður. Heildargjöld árið 2008 voru 2.344.797 þús.kr. eða um 2,3 milljarður. Á undanförunum árum voru miðasölutekjur rúmlega hálfur milljarður en miðasala er undanþegin virðisaukaskatti og því ekki inni í heildarveltutölum um skapandi greinar.

Í útskýringum segir að tölurnar séu ekki tæmandi. Opinber framlög teljast framlög ríkis og sveitarfélaga. Laun og launatengd gjöld fela einnig í sér verktakagreiðslur. Í öðrum tekjum felst kostun og auglýsingar til ársins 2002.

Mynd 29


Tekjur og gjöld leikhúsa 1996–2008



Á mynd 30 má sjá fjölda félagsmanna í sviðslistum. Flestir flokkar hafa haldist nokkuð stöðugir frá árinu 1997. Hins vegar varð talsverð aukning í Félagi íslenskra leikara á árunum 2003–2007. Þá má einnig gera ráð fyrir að einhverjir einstaklingar séu skráðir í fleiri en eitt félag og því erfitt að henda reiður nákvæmlega á heildarfjölda félagsmanna í sviðslistum.

Mynd 30

Fjöldi félagsmanna í sviðslistum



C – Sjónlistir og handverk

Sjónræn list er form sem leggur áherslu á verk sem eru í eðli sínu sjónræn. Listinni er ætlað að höfða til sjónræns skilningarvits fólks og getur verið af ýmsu tagi. Þó er viðurkennt að sum nútímamyndlist getur talist þverfagleg s.s. sýndarveruleikalist. List af þessu tagi er því talin með í flokki E, eða Hljóð, mynd og gagnvirk miðlun.

Sjónlistir og handverk fela í sér „Fine Arts“, svo sem málverk, teikningar, skúlpútra, handverk og ljósmyndun. Staðir þar sem fyrrnefnd list er til sýnis, svo sem í listagalleríum, teljast einnig til flokksins.

Skilgreining FCS og Unesco á handverki er lýst þannig: „Þau verk sem eru unnin af listamönnum, annaðhvort einungis með höndunum og/eða með aðstoð tækja sem notuð er með höndum eða vélrænum tækjum, svo lengi sem beint framlag listamannsins er enn verulegur hluti af fullunni vöru. Eðli handverks getur verið margvíslegt og það má sjá í sérkennum þess. Handverk getur verið nytsamlegt, fagurfræðilegt, listrænt og skapandi. Þá getur handverk verið menningarlegt, notað sem skreyting, trúarlegs eðlis og félagslega táknrænt“ (Unesco, 1997).

Unesco (1997) flokkar handverk í sex flokka sem grundvallast á því hvaða efni eru notuð; trefjar, leður, málmur, leir, textíl og viður. Í undirflokkum má finna stuðningsflokka við fyrrnefnda flokka en þeir innihalda mjög sérstakan efnisvið sem fyrirfinnst á ákveðnu svæði, sjaldgæfan efnivið eða efnivið sem erfitt er að vinna svo sem stein, gler, bein, skeljar, perlur o.s.frv. Þá eru einnig til flokkar fyrir handverk þar sem mismunandi efniviður og aðferðir eru notaðar samtímis en þar má til dæmis nefna skreytingar, skartgrip, hljóðfærasmíði, leikföng og listaverk af ýmsum toga. Mikið af handverki er fjöldaframleitt, engu að síður álítur FCS vörurnar sem hafa hefðbundin einkenni (munstur, hönnun, tækni eða efnisvið) sem falla innan ramma skapandi greina. Samtímahandverk teljast ekki til sjónrænnar listar og handverk heldur til sviðs F eða Hönnunar og skapandi þjónustugreina.

Samkvæmt reglum um virðisaukaskatt á Íslandi er aðeins lítill hluti þessa flokks virðisaukaskattskyldur. Þannig gefa þær tölur sem hér eru settar fram ekki raunsanna mynd af heildarveltu í flokknum.

13.10.0 Forvinnsla og spuni á textíltrefjum

Til þessarar greinar telst forvinnsla, spuni á textíltrefjum úr ýmsu hráefni, s.s. silki, ull, öðrum dýra-, jurta- eða tilbúnum trefjum, pappír eða gleri, o.þ.h.

- Forvinnsla textíltrefja, s.s. hespun og þvottur á silki, hreinsun fitu og mors úr ull og litun ullarreyfis, kemming á öllum tegundum dýra-, jurta- og tilbúinna trefja
- Spuni og vinnsla á garni og þræði fyrir vefnað eða saumaskap til frekari vinnslu, s.s. að berja hör og að skapa áferð á, snúa, brjóta saman, kaðalbregða og baða garn úr gerviþráðum

Til þessarar greinar telst einnig:

- Framleiðsla á pappírsgarni

Til þessarar greinar telst ekki:

- Forvinnsla sem innt er af hendi í tengslum við landbúnað, sjá **01**
- Að leggja í bleyti plöntur sem gefa af sér textíltrefjar úr jurtaríkinu (ljúta, hör, kókostrefjar), sjá **01.16**

- Hreinsun baðmullar, sjá **01.63**
- Framleiðsla á gervitrefjum og hörrudda, framleiðsla á eingirni (þ.m.t. framleiðsla háþolins þráðar og gólfteppapráðar) úr gervitrefjum, sjá **20.60**
- Framleiðsla á glertrefjum, sjá **23.14**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1310	43,6	29,7	24,8	38,0	59,7
Launakostnaður m.kr.	5%	1310	5,3	5,6	6,0	5,9	7,6
Ársverk	5%	1310	2,1	2,2	2,2	2,0	2,1
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1310	23,8	16,3	13,9	22,1	21,0

13.20.0 Textílvafnaður

Til þessarar greinar telst textílvafnaður úr ýmsu hráefni, s.s. silki, ull, öðrum dýra-, jurta- eða tilbúnum trefjum, pappír eða gleri, o.þ.h.

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á grófofna efni úr bómull, ull, kambgarni eða silki, þ.m.t. úr blöndu gervipráða (pólyprópýlen, o.þ.h.)
- Framleiðsla á öðrum ofnum dúk úr hör, ramí, hampi, jútu, bastspunatrefjum og sérstöku garni

Til þessarar greinar telst einnig:

- Framleiðsla á ofnum flosdúk, handklæðafrottéefni, grisjum, o.þ.h.
- Framleiðsla ofinna dúka úr glertrefjum
- Framleiðsla á ofnum þræði úr kolefni og aramíði
- Framleiðsla á ofnu gerviloðskinni

Til þessarar greinar telst ekki:

- Framleiðsla á prjónuðum og hekluduðum dúk, sjá **13.91**
- Framleiðsla á gólfklæðningu úr textíl, sjá **13.93**
- Framleiðsla á ofnum borðum, sjá **13.96**
- Framleiðsla á óofnum dúk og flóka, sjá **13.99**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1320	0,7	0,2	0,3	0,2	0,3
Launakostnaður m.kr.	5%	1320	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0
Ársverk	5%	1320	0,1	0,0	0,1	0,0	0,0
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1320	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0

13.91.0 Framleiðsla á hekluduðum og prjónuðum dúk

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla og vinnsla á heklaðri og prjónaðri álnavöru; ofinn flosdúkur og handklæðafrottéefni, net, áklæði og gluggatjöld og slík efni gerð á Raschel eða svipaðar vélar, annarri prjón- eða heklvoð, t.d. gerviloðskinni

Til þessarar greinar telst ekki:

- Framleiðsla á neti, áklæðum og gluggatjöldum úr blúnduefni, prjónaðar á Raschel eða svipaðar vélar, sjá **13.99**
- Framleiðsla á prjónuðum og hekluduðum fatnaði, sjá **14.39**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1391	14,1	13,2	16,6	27,0	35,7
Launakostnaður m.kr.	5%	1391	1,8	2,4	3,4	4,4	5,4
Ársverk	5%	1391	1,0	1,2	1,6	1,9	2,3
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1391	1,8	1,5	3,7	7,1	7,5

13.92.0 Framleiðsla á tilbúinni spunavöru annarri en fatnaði

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á tilbúinni vöru úr hvers kyns textílefni, þ.m.t. úr þrjúðu eða hekluðu efni, ábreiður, sængurlín, borðlín, bað- eða eldhúslín, stungnar ábreiður, dúnsængur, púðar, sessur, koddar, svefnpokar, o.þ.h.
- Framleiðsla á tilbúinni vefnaðarvöru til heimilisnota; gluggatjöld, gardínukappar, rúmteppi, hlífðaráklæði á húsgögn eða vélar, o.þ.h., rykklútar, uppþvottastykki og svipaðar vörur, björgunarvesti, fallhlífar, o.þ.h.
- Framleiðsla á annarri tilbúinni vefnaðarvöru; yfirbreiðslur, tjöld, viðlegubúnaður, segl, sóltjöld, lausar yfirbreiðslur fyrir bíla, vélar eða húsgögn, o.þ.h., fánar, auglýsingaborðar, veifur, o.þ.h.

Til þessarar greinar telst einnig:

- Framleiðsla á handofnum veggteppum

Til þessarar greinar telst ekki:

- Framleiðsla á textílvöru til tæknilegra nota, sjá **13.96**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1392	86,3	76,7	88,1	63,9	43,9
Launakostnaður m.kr.	5%	1392	5,6	6,6	8,0	8,7	6,1
Ársverk	5%	1392	3,2	3,4	3,7	3,8	2,8
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1392	0,0	0,0	0,1	0,2	0,1

13.93.0 Framleiðsla á gólfteppum og mottum

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á gólfklæðningu úr textíl, s.s. gólfteppum, mottum, teppaflísum og gólfklæðningu úr stungnum flóka

Til þessarar greinar telst ekki:

- Framleiðsla á mottum úr fléttuefni, sjá **16.29**
- Framleiðsla á gólfklæðningu úr korki, sjá **16.29**
- Framleiðsla á seigri gólfklæðningu, s.s. vínýl, línóleum, sjá **22.23**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1393	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Launakostnaður m.kr.	5%	1393	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Ársverk	5%	1393	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1393	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0

14.11.0 Framleiðsla á leðurfatnaði

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á fatnaði úr leðri eða samsettu leðri, þ.m.t. fylgihlutir úr leðri fyrir iðnað t.d. leðursvuntur fyrir logsuðu

Til þessarar greinar telst ekki:

- Framleiðsla á fatnaði úr loðskinni, sjá **14.20**
- Framleiðsla á íþróttahönskum og -höfuðfötum úr leðri, sjá **32.30**
- Framleiðsla á eldvarnarflíkum og öryggisfatnaði, sjá **32.99**

	Vigtun	ÍSÁT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1411	0,4	0,3	0,3	0,2	0,2
Launakostnaður m.kr.	5%	1411	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Ársverk	5%	1411	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1411	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0

14.12.0 Vinnufatagerð

Til þessarar greinar telst ekki:

- Framleiðsla á skófatnaði, sjá **15.20**
- Framleiðsla á eldvarnarflíkum og öryggisfatnaði, sjá **32.99**

	Vigtun	ÍSÁT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1412	176,9	152,7	168,6	198,5	220,0
Launakostnaður m.kr.	5%	1412	12,4	14,8	15,2	16,8	18,2
Ársverk	5%	1412	4,6	5,1	4,9	5,2	5,2
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1412	22,4	25,8	31,6	40,1	26,3

14.13.0 Framleiðsla á öðrum yfirfatnaði

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á öðrum yfirfatnaði úr ofnu, þrjúnuðu eða hekludu efni, trefjadúk, o.þ.h. fyrir karla, konur og börn, s.s. kápum, jakkafötum og drögtum, jökkum, buxum, pilsu, o.þ.h.

Til þessarar greinar telst einnig:

- Klæðskerapjónusta
- Framleiðsla á hlutum í vörur innan flokksins

Til þessarar greinar telst ekki:

- Framleiðsla á fatnaði úr loðskinnum (að undanskildum höfuðfötum), sjá **14.20**
- Framleiðsla á fatnaði úr gúmmí og plastefnum sem eru ekki samsett með saumi heldur skeytt saman, sjá **22.19, 22.29**
- Framleiðsla á eldvarnarflíkum og öryggisfatnaði, sjá **32.99**

	Vigtun	ÍSÁT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1413	15,7	11,8	12,9	10,1	9,7
Launakostnaður m.kr.	5%	1413	1,3	1,5	1,6	1,5	1,5
Ársverk	5%	1413	0,8	1,0	1,0	0,9	0,9
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1413	0,1	0,4	0,2	0,1	0,1

14.19.0 Framleiðsla á öðrum fatnaði og fylgihlutum

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á ungbarnafatnaði, æfingagöllum, skíðagöllum, sundfötum, o.þ.h.
- Framleiðsla á höttum og húfum
- Framleiðsla á öðrum fylgihlutum fatnaðar, s.s. hönskum, beltum, sjöllum, bindum, hálsklútum, hárneta, o.þ.h.

Til þessarar greinar telst einnig:

- Framleiðsla á höfuðfötum úr loðskinni
- Framleiðsla á ósóluðum skófatnaði úr textílefni
- Framleiðsla á hlutum í vörur innan flokksins

Til þessarar greinar telst ekki:

- Framleiðsla á sokkum og sokkavörum, sjá **14.31**
- Framleiðsla á skófatnaði, sjá **15.20**
- Framleiðsla á höfuðfötum til íþróttaiðkunar, sjá **32.30**
- Framleiðsla á öryggishöfuðfötum, sjá **32.99**
- Framleiðsla á eldvarnarflíkum og öryggisfatnaði, sjá **32.99**

	Vigtun	ÍSÁT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1419	25,7	20,4	24,3	18,3	20,8
Launakostnaður m.kr.	5%	1419	3,5	3,7	4,3	4,0	4,5
Ársverk	5%	1419	2,1	1,9	2,1	1,9	2,0
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1419	0,2	4,6	5,2	0,2	0,2

14.31.0 Framleiðsla á sokkum og sokkavörum

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á sokkavöru, þ.m.t. sokkar og sokkabuxur

	Vigtun	ÍSÁT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1431	5,2	3,6	3,5	4,2	4,3
Launakostnaður m.kr.	5%	1431	1,1	1,0	0,7	0,9	1,0
Ársverk	5%	1431	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1431	0,1	0,4	0,5	0,5	0,3

14.39.0 Framleiðsla á öðrum þrjúnuðum og hekluduðum fatnaði

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á þrjúnuðum eða hekluduðum fatnaði og öðrum vörum sem unnar eru eftir sérstöku sniði, s.s. peysum, vestum og áþekkingum vörum

Til þessarar greinar telst ekki:

- Framleiðsla á þrjúnuðum og hekluduðum textílum, sjá **13.91**
- Framleiðsla á sokkavörum, sjá **14.31**

	Vigtun	ÍSÁT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1439	36,3	25,8	26,7	35,8	52,6
Launakostnaður m.kr.	5%	1439	2,4	2,4	2,5	2,9	3,9
Ársverk	5%	1439	1,0	1,1	1,0	1,1	1,4
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1439	10,4	3,7	3,5	2,6	3,0

15.11.0 Sútun leðurs; sútun og litun á loðskinni

Til þessarar greinar telst:

- Sútun og litun á húðum og skinni
- Framleiðsla á verkuðu þvottaskinni, verkuðu bókfelli, lakkleðri eða málmhúðuðu leðri
- Framleiðsla á samsettu leðri
- Skröpun, sútun, bleiking, rúning og reyting loðskinna og húða

Til þessarar greinar telst ekki:

- Framleiðsla á húðum og skinnum sem hluti af búskap, sjá **01.4**
- Framleiðsla á húðum og skinnum sem hluti af slátrun, sjá **10.11**
- Framleiðsla á leðurfatnaði, sjá **14.11**
- Framleiðsla á gervileðri sem er ekki unnið úr náttúrulegu leðri, sjá **22.19, 22.29**

	Vigtun	ÍSÁT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1511	7,0	16,8	20,3	32,7	36,6
Launakostnaður m.kr.	5%	1511	0,6	1,5	2,2	2,2	2,4
Ársverk	5%	1511	0,3	0,6	0,9	0,7	0,7
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1511	4,9	10,1	11,6	24,3	26,6

15.12.0 Framleiðsla á ferðatöskum, handtöskum og áþeknum vörum; reiðtygjum og skyldum vörum

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á ferðatöskum, handtöskum og áþeknum vörum úr leðri, samsettu leðri eða öðru efni, s.s. plastþynnum, textílefni, súlfuðum trefjum eða pappa þar sem notuð er sama tækni og við leður
- Framleiðsla á reiðtygjum, hnökkum og skyldum vörum
- Framleiðsla á úrólum sem ekki eru úr málm (t.d. úr vefnaði, leðri, plasti)
- Framleiðsla á ýmsum vörum úr leðri eða samsettu leðri, s.s. drifreimum og pakkningum, o.þ.h.
- Framleiðsla á skóreimum úr leðri
- Framleiðsla á svipum og keyrum

Til þessarar greinar telst ekki:

- Framleiðsla á leðurfatnaði, sjá **14.11**
- Framleiðsla á hönskum og höttum úr leðri, sjá **14.19**
- Framleiðsla á skófatnaði, sjá **15.20**
- Framleiðsla á hjólahnökkum, sjá **30.92**
- Framleiðsla á úrólum úr málm, sjá **32.12** og **32.13**
- Framleiðsla á öryggisbeltum fyrir línumenn og önnur belti til nota í sérstökum starfsgreinum, sjá **32.99**

	Vigtun	ÍSÁT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1512	19,0	16,3	16,6	13,6	13,4
Launakostnaður m.kr.	5%	1512	1,3	1,3	1,4	1,4	1,1
Ársverk	5%	1512	0,8	0,8	0,8	0,7	0,6
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1512	1,4	1,0	0,9	0,8	1,1

15.20.0 Framleiðsla á skófatnaði

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á skófatnaði úr hvers kyns efni, með hvers kyns vinnslu, þ.m.t. mótun (sjá undantekningar hér á eftir)
- Framleiðsla á leðurhlutum fyrir skófatnað, s.s. framleiðsla á yfirhlutum og hlutum yfirhluta, ytri og innri sóla, hæla, o.þ.h.
- Framleiðsla á ökklahlífum, legghlífum og áþeknum vörum

Til þessarar greinar telst ekki:

- Framleiðsla á ósóluðum skófatnaði úr textílefni, sjá **14.19**
- Framleiðsla á viðarhlutum fyrir skó (t.d. hælur og skóleistar), sjá **16.29**
- Framleiðsla á hælum, sólum og öðrum gúmmíhlutum fyrir skófatnað, sjá **22.19**
- Framleiðsla á plasthlutum í skófatnað, sjá **22.29**
- Framleiðsla á bæklunarskóm, sjá **32.50**
- Framleiðsla á skíðaskóm, sjá **32.30**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1520	0,6	1,1	0,3	0,3	0,2
Launakostnaður m.kr.	5%	1520	0,1	0,2	0,2	0,1	0,0
Ársverk	5%	1520	0,1	0,1	0,1	0,1	0,0
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1520	0,0	0,7	0,0	0,0	0,0

17.23.0 Framleiðsla á skrifpappír og skrifstofuvörum úr pappír og pappa

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á prent- og skrifpappír
- Framleiðsla á pappír til tölvuútprentunar
- Framleiðsla á sjálfafritunarpappír
- Framleiðsla á fjölrítunarstenslum og kalkipappír
- Framleiðsla á límkenndum eða límbornum pappír
- Framleiðsla á umslögum og bréfkortum
- Framleiðsla á öskjum, pokum og skrifmöppum sem innihalda ýmiss konar bréfsefni
- Framleiðsla á pappírsvörum til nota í kennslu og viðskiptum (glósúbækur, möppur, bókhaldsbækur, eyðublöð, o.þ.h.) þar sem prentaðar upplýsingar eru ekki aðaleinkennið

Til þessarar greinar telst ekki:

- Prentun, sjá **18.1**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	1723	11,7	8,3	8,0	9,6	13,1
Launakostnaður m.kr.	5%	1723	0,6	0,6	0,8	0,9	1,1
Ársverk	5%	1723	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
Útflutningstekjur m.kr.	5%	1723	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0

47.51.0 Smásala á textílvörum í sérverslunum

Til þessarar greinar telst ekki:

- Smásala á fatnaði, sjá **47.71**
- Smásala á gluggatjöldum, sjá **47.53**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5,0%	4751	88,4	64,4	67,2	86,5	132,3
Launakostnaður m.kr.	5%	4751	5,3	6,5	6,7	7,4	9,3
Ársverk	5%	4751	3,5	3,9	3,7	3,8	4,5
Útflutningstekjur m.kr.	100%	4751	26,4	26,6	20,7	52,9	86,8

47.71 Smásala á fatnaði í sérverslunum

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	4771	1732,4	1327,8	1521,6	1629,8	1745,6
Launakostnaður m.kr.	5%	4771	88,3	107,0	119,6	130,8	130,1
Ársverk	5%	4771	54,4	63,3	65,8	68,7	62,5
Útflutningstekjur m.kr.	100%	4771	377,6	636,0	1.167,3	2.729,8	2.381,2

74.20.0 Ljósmyndþjónusta

Til þessarar greinar telst:

- Ljósmyndun í atvinnuskyni; myndatökur af fólki, t.d. fyrir vegabréf, skólamyndir, brúðkaupsmyndir o.þ.h., auglýsingaljósmyndun, myndatökur fyrir útgáfufyrirtæki, tískuljósmyndir, ljósmyndun húsa og mannvirkja, landslagsmyndatökur og aðrar myndatökur fyrir ferðamannakynningu, ljósmyndun úr lofti
- Vinnsla mynda, framköllun, prentun og stækkun negatíva eða kvikmynda fyrir viðskiptavini, filmuframköllunar- og ljósmyndaprentunarstofur, hraðframköllun (ekki hluti af ljósmyndavörverslun), uppsetning á skygnum, eftirmyndun og endurgerð eða lagfæring á ljósmyndum
- Starfsemi blaðaljósmyndara

Til þessarar greinar telst einnig:

- Afritun skjala á örfilmur

Til þessarar greinar telst ekki:

- Vinnsla kvikmyndafilma sem tengjast kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðinum, sjá **59.12**
- Starfsemi á sviði kortagerðar og rúmtaksupplýsinga, sjá **71.12.2**
- Rekstur ljósmyndasjálfsala, sjá **96.09**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	100%	7420	2044,2	1606,6	1775,1	1836,6	1632,4
Launakostnaður m.kr.	100%	7420	208,2	247,2	275,0	286,5	280,1
Ársverk	100%	7420	116,5	135,3	138,8	149,2	159,1
Útflutningstekjur m.kr.	100%	7420	56,8	40,7	45,4	95,5	85,6

Eins og sjá má á flokknum ljósmyndþjónusta hefur velta dregist nokkuð saman á undanförunum árum, jafnvel á verðlagi hvers árs. Velta má fyrir sér hvort að þessi samdráttur sé vegna færslu ljósmyndunar yfir á starfrænt form, hvort kostnaður hafi lækkað, eða hvort eftirspurn eftir ljósmyndþjónustu hafi dregist saman.

90.03.0 Listsköpun

Til þessarar greinar telst:

- Starfsemi listamanna s.s. myndhöggvara, málara, skopmyndateiknara og leturgrafara
- Starfsemi rithöfunda á öllum bókmenntasviðum, þ.m.t. tæknileg skrif
- Starfsemi sjálfstætt starfandi blaðamanna
- Lagfæringar á listaverkum s.s. málverkum

Til þessarar greinar telst ekki:

- Framleiðsla á stytum, öðrum en frumgerðum listaverka, sjá **23.70**
- Lagfæring orgela og annarra sögulegra hljóðfæra, sjá **33.19**
- Framleiðsla kvikmynda og myndbanda, sjá **59.11, 59.12**

	Vigtun	ÍSÁT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	100%	9003	417,8	254,4	420,5	369,5	419,4
Launakostnaður m.kr.	100%	9003	437,6	481,5	553,4	579,7	599,1
Ársverk	100%	9003	293,3	295,7	315,5	340,0	358,0
Útflutningstekjur m.kr.	100%	9003	63,0	9,6	113,7	77,0	108,4

Vert er að vekja aftur athygli á því að listsköpun þar sem aðeins eitt eintak verður til af listmun, er ekki virðisaukaskattsskyld. Þó er virðisaukaskattur lagður á álagningu söluaðila ef hann er annar en listamaðurinn sjálfur. Þessi flokkur fangar því aðeins lítinn hluta þeirrar listsköpunar sem fram fer á Íslandi.

Samantekt á veltu

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
Forvinnsla og spuni á textíltrefjum	5%	1310	43,6	29,7	24,8	38,0	59,7
Textílvafnaður	5%	1320	0,7	0,2	0,3	0,2	0,3
Framl. á hekludum og prjónudum dúkum	5%	1391	14,1	13,2	16,6	27,0	35,7
Framl. á tilbúinni spuna- vöru annarri en fatnaði	5%	1392	86,3	76,7	88,1	63,9	43,9
Framl. á gólfteppum og mottum	5%	1393	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Framl. á leðurfatnaði	5%	1411	0,4	0,3	0,3	0,2	0,2
Vinnufatagerð	5%	1412	176,9	152,7	168,6	198,5	220,0
Framl. á öðrum yfirfatnaði	5%	1413	15,7	11,8	12,9	10,1	9,7
Framl. á öðrum fatnaði og fylgihlutum	5%	1419	25,7	20,4	24,3	18,3	20,8
Framl. á sokkum og sokkavörum	5%	1431	5,2	3,6	3,5	4,2	4,3
Framl. á öðrum prjónudum og hekludum fatnaði	5%	1439	36,3	25,8	26,7	35,8	52,6
Sútun leðurs; sýtun og litun á loðskinni	5%	1511	7,0	16,8	20,3	32,7	36,6
Framl. á ferðatöskum, handtöskum og áþekktum vörum; reiðtygjum og skyldum vörum	5%	1512	19,0	16,3	16,6	13,6	13,4
Framl. á skófatnaði	5%	1520	0,6	1,1	0,3	0,3	0,2
Framl. á skrifpappír og skrifstofuvörum úr pappír og pappa	5%	1723	11,7	8,3	8,0	9,6	13,1
Smásala á textílvörum í sérvörslunum	5%	4751	88,4	64,4	67,2	86,5	132,3
Smásala á fatnaði í sérvörslunum	5%	4771	1732,4	1327,8	1521,6	1629,8	1745,6
Ljósmyndþjónusta	100%	7420	2044,2	1606,6	1775,1	1836,6	1632,4
Listsköpun	100%	9003	417,8	254,4	420,5	369,5	419,4
Samtals			4725,9	3630,0	4195,7	4374,9	4440,3

Í flokki C, handverki og sjónlistum, má sjá að flestir flokkarnir falla innan handverks. Þessi flokkar eru vigtaðir niður í 5% samkvæmt aðferðafræði DCMS en það er gert í ljós þess að velta í framleiðslunni er oft meiri en í sköpunarhlutanum, en fjöldaframleiðsluferli telst ekki til skapandi greina. Veltutölur í mörgum þessara flokka eru lágar fyrir en eftir vigtun verður hluti þeirra í skapandi greinum mjög lítill.

Ljósmyndun er stærsti einstaki flokkurinn, en hann er í mun meira mæli virðisaukaskattskyldur en almenn listsköpun.


Viðbótargögn

Myndlist

Eins og sjá má á mynd 31 hefur orðið veruleg fjölgun í Félagi íslenskra myndlistarmanna frá 2004 en fjölgunin kemur fyrst og fremst til vegna einstaklingsaðildar í félaginu. Búast má þó við að hér sé að einhverju leyti um oftalningu að ræða þar sem sami einstaklingur getur verið í fleiri en einu félagi.

Mynd 31


Félagatal Sambands íslenskra myndlistarmanna eftir aðildarfélögum 1996–2009



Á mynd 32 má sjá þróun sýninga innlendra myndlistarmanna frá 1980–2002. Myndin sýnir að mikil aukning varð til ársins 1995 en frá árinu 2000 hefur sýningum fækkað verulega. Tölur frá árinu 2002 eru ófánlegar.

Mynd 32

Sýningar innlendra myndlistarmanna



D – Bækur og fjölmiðlun

Þetta svið inniheldur mismunandi útgáfuform svo sem bækur, dagblöð og tímarit. Undir þetta svið falla einnig stafræn tímarita-, dagblaða- og bókaútgáfa á vefnum. Þá tilheyra bókasöfn, bæði hefðbundin og stafræn, þessu sviði.

Prentun er venjulega ekki flokkuð með skapandi greinum né í skilgreiningum um menningu þar sem hún er í sjálfu sér ekki menningarstarfsemi. Þegar tekið er tillit til framleiðslulíkansins myndi prentun hins vegar teljast sem hluti framleiðsluferlisins í útgáfuiðnaðinum. Með þessu móti nær FCS prentunarstarfsemi inn í rammann sem tilheyrir aðallega endanlegum vörum sem tilheyra skapandi greinum. Talsvert erfitt er að greina á milli prentunarstarfsemi með þeim hagtöluflokkunarkerfum sem eru til staðar nú til dags. Almennt er prentun sem tengist útgáfuiðnaðinum talin með í sviðinu Bækur og fjölmiðlun sem partur af framleiðsluferli útgáfustarfsemi á meðan „Annað prentað efni“ – prentun vörulista fyrirtækja eða „fljót“-prentun – er haldið utan við hann. FCS mælir með því að setja „Annað prentað efni“ í „Búnað og stuðningsgreinar“.

18.11.0 Prentun dagblaða

Til þessarar greinar telst einnig

- Prentun annarra tímarita sem koma út a.m.k. fjórum sinnum í viku

Til þessarar greinar telst ekki:

- Útgáfa prentaðs máls, sjá **58.1**
- Ljósritun skjala, sjá **82.19**

	Vigtun	ÍSÁT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
Gagnavarsla og viðhald getur átt sér stað í hverjum flokki skapandi greina (handrit höfunda, frumsýning verka, tónleika og sýninga). Í þessum flokki er átt við varðveislu á listum, handverki, hönnun, arkitektúr og útgáfum sem geta nýst sem innblástur fyrir nýja hönnun og framleiðslu. Til dæmis má taka sögufrægt hús sem er varðveitt, byggingarlist, söfn og gallerí sem varðveita (og sýna) málverk, skúlpúr, skartgrip og fjölmarga aðra muni sem bera

hönnunareiginleika (t.d. allt frá húsgögnum upp í bíla), en skjalasöfn varðveita frumrit s.s. handrit, ljósmyndir, bækur, kvikmyndir og útvarpsupptökur, hönnunareiginleika (t.d. allt frá húsgögnum upp í bíla), en skjalasöfn varðveita frumrit s.s. handrit, ljósmyndir, bækur, kvikmyndir og útvarpsupptökur.

74.30.0 Þýðingar- og túlkunarþjónusta

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	100%	7430	699,1	512,7	757,5	917,8	820,0
Launakostnaður m.kr.	100%	7430	204,6	243,8	305,2	327,5	313,7
Ársverk	100%	7430	132,1	143,3	173,8	179,0	179,8

84.12.0 Stjórnsýsla á sviði heilbrigðisþjónustu, mennta- og menningarmála og félagsmála, þó ekki almannatryggingar

Til þessarar greinar telst:

- Stjórn ríkis og sveitarfélaga á heilbrigðismálum, fræðslu- og menningarmálum, íþróttamálum, tómstundastarfi, umhverfismálum, húsnæðismálum og félagsmálum. Til þessarar greinar telst ekki aðeins stjórnsýsla ráðuneytanna heldur einnig þær ríkisstofnanir sem heyra undir þau, svo og stjórnir og ráð o.þ.h., að því marki sem þessar stofnanir hafa stjórnsýslu á hendi. Hins vegar er sjálf þjónustan, sem einstakar stofnanir (sjúkrahús, skólar o.s.frv.) inna af hendi, ekki talin hér heldur með þeim greinum sem viðkomandi starfsemi fellur undir

Til þessarar greinar telst ekki:

- Fráveita, sorphirða og förgun sorps, sjá deildir **37, 38, 39**
- Almannatryggingar, sjá **84.30**
- Fræðslustarfsemi, sjá bálk P
- Heilbrigðisþjónusta, sjá deild **86**
- Söfn og aðrar menningarstofnanir, sjá deild **91**
- Íþróttastarfsemi eða annað tómstundastarf, sjá deild **93**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	25,0%	8412	33,3	25,2	22,6	22,3	18,2
Launakostnaður m.kr.	25%	8412	336,2	330,8	359,7	393,3	632,5
Ársverk	25%	8412	181,6	138,6	139,7	142,6	319,3

Samantekt

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
Þýðingar- og túlkunarþjónusta	100%	7430	699,1	512,7	757,5	917,8	820,0
Stjórnsýsla á sviði heilbrigðisþjónustu, mennta- og menningarmála og félagsmála, þó ekki almannatryggingar	25%	8412	33,3	25,2	22,6	22,3	18,2
Samtals			732,5	537,9	780,1	940,1	838,2

Búnaður og stuðningsvörur

Þessi flokkur inniheldur þau tól og tæki sem notuð eru í skapandi greinum. Menningarvörur og þjónusta eru skilgreind í ákveðnum flokkum en búnaður og stuðningsvörur teljast til stuðnings skapandi greina sem gerir fólki kleift að skapa, framleiða eða dreifa afurðum skapandi greina. Til dæmis er Netið mikilvægt tól til að dreifa, framleiða og miðla afurðum og þjónustu skapandi greina og telst það því til þessa flokks. Tölvur og upplýsingatæknibúnaður telst einnig til flokksins.

Ástæðan þess að flokkurinn er aðgreindur frá öðrum vörum og þjónustu skapandi greina í flokkum A–F er svo hægt sé að gera grein fyrir þeim þáttum sem teljast ekki alfarið til menningar eða skapandi greina en eru þó notaðir í framleiðslu eða dreifingu á afurðum skapandi greina og eru þar af leiðandi ómissandi hluti af tilvist, framleiðslu og dreifingu vara sem tengjast skapandi greinum.

26.30.0 Framleiðsla fjarskiptabúnaðar

Til þessarar deildar telst framleiðsla síma- og gagnasamskiptabúnaðar sem notaður er til að flytja merki rafrænt með vírum eða þráðlaust, s.s. búnaður til útvarps- og sjónvarpsútsendinga og þráðlausra fjarskipta.

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á sínum og símbrefabúnaði
- Framleiðsla á símaskiptibúnaði fyrir fyrirtæki
- Framleiðsla á gagnasamskiptabúnaði, s.s. brúm, beinum og gáttum
- Framleiðsla á útsendingar- og móttökuloftnetum
- Framleiðsla á búnaði fyrir kapalsjónvarp
- Framleiðsla á símboðum
- Framleiðsla á hljóðvera- og útsendingarbúnaði fyrir útvarp og sjónvarp, þ.m.t. sjónvarpsmyndavélar
- Framleiðsla á mótöldum
- Framleiðsla á þjófavarnar- og brunaviðvörðunarkerfum tengd stjórnstöð
- Framleiðsla á útvarps- og sjónvarpssendum
- Framleiðsla á fjarstýringum o.þ.h. sem nota innrætt merki

Til þessarar greinar telst ekki:

- Framleiðsla á rafeindaíhlutum og undireiningum til nota í fjarskiptabúnað, þ.m.t. innri/ytri tölvumótöld, sjá **26.12**
- Framleiðsla á tölvum og jaðarbúnaði fyrir tölvur, sjá **26.20**
- Framleiðsla á hljóð- og myndbandabúnaði til heimilisnota, sjá **26.40**
- Framleiðsla á GPS tækjum, sjá **26.51**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	25%	2630	41,4	11,8	13,9	12,6	7,5
Launakostnaður m.kr.	25%	2630	3,8	3,7	3,4	5,0	0,0
Ársverk	25%	2630	1,6	1,5	1,0	1,2	0,0

46.51.0 Heildverslun með tölvur, jaðartæki fyrir tölvur og hugbúnað

Til þessarar greinar telst:

- Heildverslun með tölvur og jaðarbúnað fyrir tölvur
- Heildverslun með hugbúnað

Til þessarar greinar telst ekki:

- Heildverslun með rafræna íhluti, sjá **46.52**
- Heildverslun með skrifstofuvélar og -búnað, sjá **46.66**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	10%	4651	1533,8	473,3	742,5	1184,1	1318,6
Launakostnaður m.kr.	10%	4651	72,4	83,9	85,3	116,6	108,3
Ársverk	10%	4651	15,1	17,1	16,0	19,9	17,6

46.52.0 Heildverslun með rafeinda- og fjarskiptabúnað og tengda hluti

Til þessarar greinar telst:

- Heildverslun með síma- og fjarskiptabúnað
- Heildverslun með óátekin hljóð- og myndbönd, disklinga, geisladiska (CD) og stafræna diska (DVD)
- Heildverslun með rafeindaloka og -lampa
- Heildverslun með hálfleiðara
- Heildverslun með örflögur og samrásir
- Heildverslun með prentrásir

Til þessarar greinar telst ekki:

- Heildverslun með átekin hljóð- og myndbönd, geisladiska, stafræna diska, sjá **46.43**
- Heildverslun með tölvur og jaðarbúnað í tölvur, sjá **46.51**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	4652	476,3	235,3	488,7	503,6	472,7
Launakostnaður m.kr.	5%	4652	18,7	23,9	31,8	37,1	34,1
Ársverk	5%	4652	4,9	6,2	7,1	7,9	7,2

47.41.0 Smásala á tölvum, jaðarbúnaði og hugbúnaði í sérverslunum

Til þessarar greinar telst:

- Smásala á tölvum, leikjatölvum og jaðartækjum fyrir tölvur
- Smásala á hugbúnaði, þ.m.t. tölvuleikjum

Til þessarar greinar telst ekki:

- Smásala á óáteknum böndum og diskum, sjá **47.63**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	4741	1916,2	1427,3	1734,8	1631,8	1235,8
Launakostnaður m.kr.	5%	4741	105,4	110,4	139,7	150,7	82,5
Ársverk	5%	4741	25,5	25,3	29,5	29,5	17,0

47.42.0 Smásala á fjarskiptabúnaði í sérverslunum

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	5%	4742	2,5	1,9	2,9	5,1	5,7
Launakostnaður m.kr.	5%	4742	0,1	0,1	0,1	0,5	0,7
Ársverk	5%	4742	0,1	0,1	0,1	0,1	0,2

47.43.0 Smásala á hljóð- og myndbandsbúnaði í sérverslunum

Til þessarar greinar telst:

- Smásala á útvarps- og sjónvarpstækjum
- Smásala á hljóð- og myndbandsbúnaði
- Smásala á geisla- og DVD spilurum og upptökutækjum

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	100%	4743	3187,0	2775,2	3081,4	2578,9	2983,7
Launakostnaður m.kr.	100%	4743	111,0	118,9	149,1	161,5	119,7
Ársverk	100%	4743	31,5	36,3	40,0	39,6	30,0

70.21.0 Almannaþengsl

Til þessarar greinar telst ráðgjöf, leiðbeiningar og rekstraraðstoð við fyrirtæki og aðrar stofnanir um almannaþengsl.

Til þessarar greinar telst ekki:

- Auglýsingastofur, sjá **73.1**
- Markaðsrannsóknir og skoðanakannanir, sjá **73.20**

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
VSK-skyld velta m.kr.	10%	7021	144,7	128,3	142,8	130,4	100,8
Launakostnaður m.kr.	10%	7021	17,9	22,6	25,6	24,3	18,8
Ársverk	10%	7021	4,7	5,4	5,8	5,4	4,4

Samantekt á veltu

	Vigtun	ÍSAT nr.	2005	2006	2007	2008	2009
Framleiðsla fjarskiptabúnaðar	25%	2630	41,4	11,8	13,9	12,6	7,5
Heildverslun með tölvur, jaðartæki fyrir tölvur og hugbúnað	10%	4651	1533,8	473,3	742,5	1184,1	1318,6
Heildverslun með rafeinda- og fjarskiptabúnað og tengda hluti	5%	4652	476,3	235,3	488,7	503,6	472,7
Smásala á tölvum, jaðarbúnaði og hugbúnaði í sérverslunum	5%	4741	1916,2	1427,3	1734,8	1631,8	1235,8
Smásala á fjarskiptabúnaði í sérverslunum	5%	4742	2,5	1,9	2,9	5,1	5,7
Smásala á hljóð- og myndbandsbúnaði í sérverslunum	100%	4743	3187,0	2775,2	3081,4	2578,9	2983,7
Almannaþengsl	10%	7021	144,7	128,3	142,8	130,4	100,8
Samtals			7301,9	5053,2	6207,1	6046,5	6124,7

Mynd 41

Samantekt á virðisaukaskattsskyldri veltu skapandi greina árið 2009

Svið skapandi greina						Stoðsvið	
A. Menningar og náttúruarfleið 285 m.kr.	B. Sviðslistir og hátíðarhöld 8.349 m.kr.	C. Sjónræn list og handverk 4.440 m.kr.	D. Bókaútgáfa og fjölmiðlun 69.658 m.kr.	E. Hljóð, mynd og gagnvirk miðlun 42.693 m.kr.	F. Hönnun og aðrar skapandi þjónustugreinar 14.178 m.kr.	G. Ferðaþjónusta 17.869 m.kr.	H. Tímstundir 921 m.kr.
Óáþreifanleg menningararfleið						Óáþreifanleg menningararfleið	
Menntun og þjálfun 73 m.kr.						Menntun og þjálfun	
Gagnvarsla og viðhald 838 m.kr.						Gagnvarsla og viðhald	
Búnaður og stuðningsvörur 6.125 m.kr.						Búnaður og stuðningsvörur	

Styrkir og stuðningsumhverfi

Í eftirfarandi köflum verður fjallað um stuðningsumhverfi skapandi greina. Stiklað er á stóru og fjallað um helstu viðburði skapandi greina, þá sjóði og styrki sem standa listamönnum til boða og kynningarmiðstöðvar skapandi greina.

Viðburðir tengdir skapandi greinum

Mikill fjöldi viðburða, sem tengjast skapandi greinum á einn eða annan hátt, er skipulagður árlega hérlendis. Þessir viðburðir ýta undir starfsemi í greinum og vekja athygli á þeim innanlands og oft einnig erlendis. Sem dæmi um þetta má nefna Listahátíð, Vetrarhátíð, og Menningarnótt í Reykjavík, Ljósanótt í Reykjanesbæ, Hönnunarmars, kvikmyndahátíðina Reykjavík International Film Festival (RIFF), tónlistarhátíðina Iceland Airwaves, Eve Fanfest, Alþjóðlega bókmenntahátíð í Reykjavík, myndlistarhátíðina Sequences, Reykjavík Dance Festival, LOKAL, ráðstefnuna You Are in Control sem er hugsuð fyrir allar skapandi greinar, unglisahátíðina Eldur í Húnaþingi, LungA á Seyðisfirði, heimildarmyndahátíð á Patreksfirði og svo framvegis.

Allar greinar standa að einhvers konar verðlaunaathöfnum sem vekja enn frekar athygli á starfsemi hvernar greinar. Sem dæmi má nefna Grímuna, Edduna, Íslensku tónlistarverðlaunin, Músíktílaunir, Íslensku bókmenntaverðlaunin og svo framvegis.

Kynningarmiðstöðvar skapandi greina

ÚTÓN (Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar)

ÚTÓN – Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar eða Iceland Music Export (IMX) var stofnsett árið 2006 (Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, 2011). Anna Hildur Hildibrandsdóttir er framkvæmdastjóri skrifstofunnar. Á vefsíðu ÚTÓN segir:

Tilgangur Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) er að leita tækifæra til að efla og skapa sóknarfæri til handa réttihöfum íslenskrar tónlistar innanlands sem utan. Markmið skrifstofunnar er að auka möguleika íslenskra fyrirtækja og einstaklinga í tónlistarútrás til að ná árangri í alþjóðlegum viðskiptum. Útflutningsskrifstofan er viðskipta- og markaðs-skrifstofa í víðum skilningi.

Á vefsíðu ÚTÓN eru helstu verkefni skrifstofunnar talin upp:

- Kynna íslenska tónlistarmenn erlendis
- Koma útgáfum með íslenskri tónlist á framfæri erlendis
- Vekja athygli á íslenskum tónlistarhátíðum og tónlistarviðburðum
- Starfrækja heimasíðu og gefa út netfréttabréf
- Efla útflutningshæfni íslenskra tónlistarmanna og fyrirtækja sem starfa í geiranum
- Sinna almennri ráðgjöf og tengslamyndun
- Styrkja samstarf við hliðstæðar útflutningsskrifstofur erlendis, einkum á Norðurlöndum

Íslensk tónverkamiðstöð

Íslensk tónverkamiðstöð, eða ITM, var stofnuð árið 1968 (Íslensk tónverkamiðstöð, 2011). Á vefsíðu ITM segir að meginmarkmið með starfsemi ITM sé að halda til haga og skrá íslenska samtímatónlist og kynna hana heima og erlendis. Tónverkamiðstöðin miðlar ennfremur upplýsingum um íslensk tónskáld og tónlistarlíf.

ITM safnar handritum og útgefnum verkum og inniheldur safnið tónverk eftir fleiri en 250 íslensk tónskáld, alls um 8000 titla. ITM gefur út nótur og geisladiska undir merki miðstöðvarinnar og kemur að þó nokkrum samvinnuverkefnum með öðrum útgefendum. Þeir sem veita miðstöðinni styrki til rekstrar og verkefna eru mennta- og menningarmálaráðuneytið, STEF, Tónskáldasjóður RÚV, Reykjavíkurborg og einkaaðilar. Framkvæmdastjóri ITM er Sigfríður Björnsdóttir.

Kvikmyndamiðstöð

Meðal helstu verkefna Kvikmyndamiðstöðvar Íslands samkvæmt vefsíðu hennar er að styrkja framleiðslu íslenskra kvikmynda, vinna að kynningu og dreifingu þeirra, efla kvikmyndamenningu á Íslandi og stuðla að auknum samskiptum við erlenda aðila (Kvikmyndamiðstöð Íslands, 2011). Tekjur Kvikmyndamiðstöðvar eru árlegt framlag af fjárlögum.

Kvikmyndamiðstöð starfar samkvæmt kvikmyndalögum sem voru samþykkt á Alþingi árið 2001 og tóku gildi í ársbyrjun 2003 (Kvikmyndalög nr. 137/2001).

Kvikmyndamiðstöð hefur átt í samstarfi við íslenskar kvikmyndahátíðir og stendur einnig fyrir námskeiðum og kynningum fyrir þá sem starfa í greininni.

Kvikmyndamiðstöð ræktar tengslanet við helstu hátíðir um allan heim en kynningar á íslenskum myndum fara að mestu fram á þessum hátíðum. Þá kemur miðstöðin að kynningum þar sem íslenskar myndir eru kynntar sérstaklega og þá yfirleitt í samstarfi við fagfólk á hverjum stað fyrir sig. Forstöðumaður er Laufey Guðjónsdóttir.

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar (KÍM) þjónar því hlutverki að vera tengiliður íslensks myndlistarsamfélags við myndlistarvettvanginn erlendis (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011c). Kynningarmiðstöðin stuðlar að samstarfi innlendra og erlendra listamanna með það markmið að leiðarljósi að auka hróður íslenskrar myndlistar utan landsteinanna. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagnar rekstur miðstöðvarinnar auk þess að veita sérstaklega fjármagn í styrki sem fagráð miðstöðvarinnar útdeilir. Framkvæmdastjóri er Dorothee Kirch.

Hönnunarmiðstöð Íslands

Hönnunarmiðstöð Íslands er í eigu Arkitektafélags Íslands, Félags húsgagna- og innanhússarkitekta, Félags íslenskra landslagsarkitekta, Félags vöru- og iðnhönnuða, Leirlistafélags Íslands, Fatahönnunarfélags Íslands, Textílfélagsins, Félags íslenskra gullsmíða og Félags íslenskra teiknara, en er rekin fyrir fjárframlög frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti. Framkvæmdastjóri er Halla Helgadóttir.

Hönnunarmiðstöð Íslands er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis (Hönnunarmiðstöð Íslands, 2011). Á vefsíðu

Hönnunarmiðstöðvarinnar segir að meginhlutverk hennar sé að efla skilning þjóðarinnar á mikilvægi hönnunar fyrir samfélagið og íslenskt efnahagslíf og benda á þá miklu verðmætasköpun sem getur falist í íslenskri hönnun fyrir þjóðfélagið allt. Hönnunarmiðstöð áætla að stuðla að framgangi íslenskra hönnuða erlendis, enda eru þar stór tækifæri fyrir íslenska hönnun og framleiðsluvörur.

Á vefsíðu Hönnunarmiðstöðvarinnar eru helstu verkefni hennar talin upp:

Kynning

- Kynningarmiðstöð hönnunar og arkitektúrs á Íslandi.
- Vekur athygli á framúrskarandi íslenskri hönnun erlendis.
- Rekur öflugan vef á íslensku og ensku um íslenska hönnun og arkitektúr.
- Stuðlar að faglegri umfjöllun um hönnun og arkitektúr.
- Greiðir fyrir markaðssetningu og útflutningi íslenskrar hönnunar.

Ráðgjöf

- Mótar hönnunarstefnu með stjórnvöldum.
- Veitir hönnuðum ráðgjöf um vörubrúun, framleiðslu, ímyndaruppbyggingu og útflutning.
- Styður sprota- og frumkvöðlafyrirtæki, með takmarkað fjármagn og þekkingu til að koma sér áfram.
- Veitir fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf um hönnunartengd verkefni.

Nýsköpun

- Leiðir hönnuði og fyrirtæki saman í nýsköpunar- og vörubrúunarverkefnum.
- Vinnur að því að auka fjármagn til þróunar hönnunarfyrirtækja.

Samstarf

- Myndar tengsl á milli greina og hvetur til samstarfs og umræðu.
- Stuðlar að auknum mælingum og rannsóknarvinnu varðandi umfang og vöxt hönnunargeirans.
- Ýtir undir fræðslu í markaðsmálum, verkefnastjórnun og framleiðslu.

Viðburðir

- Stendur fyrir fyrirlestrum, sýningum, ráðstefnum og HönnunarMars.

Icelandic Gaming Industry

Icelandic Gaming Industry var stofnað árið 2009 af íslenskum tölvuleikjafyrirtækjum (Icelandic Gaming Industry, 2011). Samtökin vinna sameiginlega að því að dreifa þekkingu, deila upplifunum og viðskiptanetum til að hámarka fótspor íslenskra tölvuleikjafyrirtækja á heimsvísu.

Leiklistarsamband Íslands

Leiklistarsamband Íslands (LSÍ) var stofnað árið 1972 og er heildarsamtök sviðslista á Íslandi (Gríman, 2011). Að sambandinu standa öll félög sviðslista ásamt bandalögum og stofnunum innan sviðslista á Íslandi.

Í lýsingu á sambandinu segir meðal annars:

Leiklistarsambandinu er ætlað að vera sameiginlegur vettvangur þeirra starfsgreina og stofnana er starfa innan sviðslista, örva samstarf þeirra og stuðla að kynningu á

Íslenskum sviðsverkum og sviðslistafólki, jafnt innanlands sem utan. Sambandið er aðili að Leiklistarsambandi Norðurlanda (Nordisk Teaterunion) og Alþjóða leikhúsmálastofnuninni (International Theatre Institute – Institute Internationale du Théâtre) og kemur fram fyrir Íslands hönd á þeim vettvangi.

Sambandið starfar samkvæmt samstarfssamningi við menntamálaráðuneytið. Ása Richardsdóttir er forseti og talsmaður sambandsins.

Bókmenntasjóður

Bókmenntasjóður hóf starfsemi sína árið 2007 og sinnir hlutverki Bókmenntakynningarsjóðs, Menningarsjóðs og Þýðingarsjóðs sem hafa verið lagðir niður. Framkvæmdastjóri Bókmenntasjóðs er Þorgerður Agla Magnúsdóttir. Á vefsíðu sjóðsins segir að hlutverk hans sé að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu (Bókmenntasjóður, 2011). Bókmenntasjóður styrkir útgáfu frumsaminna verka og þýðingar bókmennta á íslensku, en jafnframt stuðlar sjóðurinn að markvissri kynningu íslenskra bókmennta hér á landi sem og utan landsteinanna og sinnir öðrum verkefnum sem falla einnig undir verk svið sjóðsins.

Styrkir og sjóðir

Hér á eftir verður fjallað stuttlega um helstu sjóði og styrki sem standa skapandi greinum til boða. Þá fylgir og listi yfir aðra sjóði sem tengjast skapandi greinum á einn eða annan hátt.

Listamannalaun

Listamenn hér á landi geta sótt um starfslaun en þau eru greidd úr ríkissjóði. Starfslaun eru veitt úr sex mismunandi sjóðum:

- Launasjóði hönnuða
- Launasjóði myndlistarmanna
- Launasjóði rithöfunda
- Launasjóði sviðslistafólks
- Launasjóði tónlistarflytjenda
- Launasjóði tónskálda

Á vefsíðu launasjóðanna segir:

Hlutverk sjóðanna er að veita listamönnum starfslaun og styrki samkvæmt lögum um listamannalaun ... Ákvarðanir um veitingu framlaga úr fyrrnefndum sjóðum eiga að gegna því hlutverki að efla listsköpun í landinu (Starfslaun listamanna, 2011).

Yfirumsjón með sjóðunum er í höndum stjórnar listamannalauna sem skipuð er af menntamálaráðherra til þriggja ára í senn. Sérstakar nefndir annast úthlutanir úr sjóðunum (Lög um listamannalaun nr. 57/2009).

Í fjárlögum árið 2009 var ráðgert að verja 362,4 milljónum króna í listamannalaun (Alþingi, 2011a) og í fjárlögum árið 2010 var ráðgert að verja 373,8 milljónum króna (Alþingi, 2011b). Í 4. gr. laga um listamannalaun segir: „Starfslaun skulu nema 266.737 kr. á mánuði á verðlagi fjárlaga 2009. Starfslaun eru veitt til listamanns sem telst sjálfstætt starfandi í listgrein sinni“ (Lög um listamannalaun nr. 57/2009).

Kvikmyndasjóður

Kvikmyndamiðstöð Íslands starfrækir Kvikmyndasjóð en styrkir eru veittir til handritsgerðar, þróunar verkefna og framleiðslu. Sjóðnum er skipt í þrjá flokka: leiknar kvikmyndir í fullri lengd, stutt- og heimildamyndir og leikið sjónvarpsefni.

Styrkir eru veittir kvikmyndaframleiðendum sem hafa kvikmyndagerð að aðalstarfi. Styrkir úr Kvikmyndasjóði fjármagna verkefni aðeins að hluta til og mest 50% af kostnaði. Það fjármagn sem upp á vantar þurfa framleiðendur að afla annars staðar (Kvikmyndalög nr. 137/2001; Kvikmyndamiðstöð Íslands, 2011a).

Árið 2006 var undirritað samkomulag um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð. Undir samkomulagið rituðu menntamálaráðherra, fjármálaráðherra, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Framleiðendafélagið SÍK og Félag kvikmyndagerðarmanna. Í samkomulaginu fólst að árið 2009 yrði 620 milljónum króna varið til kvikmyndagerðar. Fjárhæðin skiptist á Kvikmyndasjóð 380 m.kr., Heimildamyndasjóð 125 m.kr., Sjónvarpssjóð 125 m.kr. og samframleiðslu 30 m.kr. Til stóð að skipta 700 milljónum króna á milli sjóðanna árið 2010 (Kvikmyndamiðstöð Íslands, 2011b).

Áætlað var að verja 77,7 milljónum króna af fjárlögum árið 2009 í almennan rekstur og kynningar Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og 590 milljónum króna í kvikmyndasjóði en fjármögnun er greidd úr ríkissjóði – samtals 667,7 milljónir króna (Alþingi, 2011a). Árið 2010 voru þessi framlög skorin niður og fékk Kvikmyndamiðstöð útdeilt 524 milljónum króna; 74 milljónir króna til reksturs og kynningar Kvikmyndamiðstöðvar og 450 milljónir króna í Kvikmyndasjóði.

Niðurskurðurinn varð til þess að Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna og Samtök kvikmyndaleikstjóra gerðu könnun á meðal fyrirtækja í greininni. Helstu niðurstöður voru að talið var að greinin yrði af fimm milljarða króna tekjum á árunum 2010–2013 með því að skerða framlög íslenskra kvikmyndasjóða um 240 milljónir króna (Samtök kvikmynda-gerðarfélaga, 2010). Þar af leiðandi myndu um 300 störf tapast. Ástæðan er sú að viljrði frá íslenskum kvikmyndasjóðum eru aðgöngumiðar að frekara fjármagni úr erlendum kvikmyndasjóðum.

Endurgreiðslur vegna framleiðslu kvikmyndaefnis

Ríkissjóður styrkir framleiðslu kvikmyndaefnis í formi endurgreiðsla sem iðnaðarráðuneytið sér um. Endurgreiðsla getur að hámarki verið 20% af þeim framleiðslukostnaði sem verður til á Íslandi. Þó má styrkur frá Kvikmyndasjóði og endurgreiðslan ekki fara yfir 50% af heildarframleiðslukostnaði kvikmyndarinnar (Lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010).

Tónlistarsjóður

Tónlistarsjóður mennta- og menningarmálaráðuneytisins var stofnaður árið 2004. Hlutverk hans er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir. Tónlistardeild annars vegar og markaðs- og kynningardeild hins vegar.

Tónlistardeild sjóðsins veitir styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, svo sem flutnings tónlistar, tónlistarhópa, tónlistarhátíða, rannsókna og skráningar á tónlist, varðveislu tónlistar og annarrar tónlistarstarfsemi. Markaðs- og

kynningardeild sjóðsins veitir styrki til markaðssetningar og kynningarverkefna í tengslum við íslenska tónlist og tónlistarmenn og til annarra verkefna sem miða að kynningu á íslenskri tónlist og tónlistarmönnum innanlands og erlendis (Lög um tónlistarsjóð nr. 76/2004; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a). Í sjóðnum voru 54 milljónir króna í fjárlögum árið 2009 (Alþingi, 2011a; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011b) og um 45 milljónir króna í fjárlögum árið 2010 (Alþingi, 2011b).

Reykjavík Loftbrú

Verkefnið Reykjavík Loftbrú var stofnað árið 2003 af Icelandair, Reykjavíkurborg, STEF (Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar) og FÍH (Félagi íslenskra hljómlistarmanna) en Félag hljómplötuframleiðenda er einnig aðili að verkefninu (Reykjavíkurborg, 2011). Í lýsingu á verkefninu segir að því sé ætlað að styðja framsækið tónlistarfólk til að hasla sér völl á erlendri grund og kynna í leiðinni Reykjavík sem nútímalega menningarborg. Reykjavík Loftbrú er ekki sjóður sem slíkur en veitir stuðning sinn í formi flugfarmiða og heimildar til yfirvigtar sem kemur tónlistarfólki að notum. Styrkþegar þurfa sjálfir að standa straum af kostnaði af flugvallarsköttum og öðrum aukakostnaði svo sem breytingum á farmiðum.

Launasjóður fræðirithöfunda

Rannís (Rannsóknarmiðstöð Íslands) starfrækir launasjóð fræðirithöfunda en hlutverk hans er að „auðvelda samningu bóka, og verka í stafrænu formi, til eflingar íslenskri menningu“. Höfundar alþýðlegra fræðiritra, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku hafa rétt á því að sækja um styrk hjá sjóðnum (Rannís, 2011).

Safnasjóður

Í safnalögum nr. 106/2001 er fjallað um Safnasjóð en í þeim segir: „Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starfsemi safna sem heyra undir lög þessi“. Það er Safnaráð sem úthlutar styrkjum úr sjóðnum til safna samkvæmt þeim úthlutunarreglum sem ráðið setur og menntamálaráðherra staðfestir. Þá er kostnaður safnaráðsins greiddur úr safnasjóði (Safnaráð, 2011).

Aðrir sjóðir

Óhætt er að segja að á Íslandi sé ógrynni styrkja og sjóða. Hér á undan var fjallað lítillega um nokkra en það væri viðamikil verk að fjalla um þá alla í þessari skýrslu. Hér á eftir fer listi yfir aðra sjóði sem allir eiga það sameiginlegt að styrkja menningu og skapandi greinar að einhverju leyti.

- A.P. Möller sjóðurinn
- Barnamenningarsjóður
- Borgarsjóður Reykjavíkurborgar
- Borgun
- Byggðastofnun
- Dansk-íslenski samvinnusjóðurinn
- European Cultural Found
- Evrópa unga fólksins
- Evrópusamvinna
- Ferðasjóður Muggs
- Ferðasjóður STEFs
- Ferðastyrkir til félagasamtaka á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum
- Framlag til norsks-íslensks menningarsamstarfs
- Grænlandssjóður

- Hagþenkir
- Haystack listastyrkur
- Hlaðvarpinn
- Hljómdiskasjóður
- Hönnunarsjóður Auroru
- Iðntæknistofnun – Impira
- Kraumur tónlistarsjóður
- Kulturkontakt NORD
- Leonardo – Erasmus
- Letterstedski sjóðurinn
- Listir og önnur menningarmál (mennta- og menningarmálaráðuneyti)
- Menningaráætlun ESB
- Menningarráð Austurlands
- Menningarráð Vesturlands
- Menningarsjóður Félagsheimila
- Menningarsjóður FÍH
- Menningarsjóður IHM
- Menningarsjóður Íslands og Finnlands
- Menningarsjóður Landsbankans
- Menningarsjóður VISA
- Menningarsjóður VÍS
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Menntasjóður LHÍ
- Muggur
- Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar
- Nordisk Kulturfond
- Norðurslóðaáætlunin (Northern Periphery Program)
- Norræna menningargáttin
- Norræna menningargáttin (Kultur Kontakt Nord)
- Norræni menningarsjóðurinn – Nordisk kulturfond
- Norske Kunsthåndverkens stipend
- Nótna og hljóðritasjóður STEFs
- Nótnasjóður FTT
- Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
- Nýsköpunarsjóður tónlistar – Musica Nova
- Pokasjóður
- Rabbasjóður
- Rannsóknarmiðstöð Íslands – Rannís
- Reykjavíkurborg
- Sjóður Clöru Lachmann
- Sjóður fyrir danskt-íslenskt samstarf
- Skeljungur
- Starfsmenntunarsjóður tónlistarkennara FT og FÍH
- Stuðningsverkefni Sjóvá
- Sænsk-íslenski samstarfssjóðurinn
- TM – Tryggingamiðstöðin
- Tónleikar á landsbyggðinni
- Tónskáldasjóður 365
- Tónskáldasjóður Rásar 2
- Upplýsingaþjónusta menningaráætlun Evrópusambandsins
- Vinnumálastofnun
- Þjóðhátíðargjöf Norðmanna
- Þjóðhátíðarsjóður

Viðaukar

Gögn voru fengin frá Fjársýslu ríkisins og Samtökum íslenskra sveitafélaga auk þess sem gögn um virðisaukaskattsskylda veltu voru fengin frá Hagstofu Íslands. Hér á eftir verður rætt stuttlega um gögnin frá þessum þrem aðilum.

Gögnum var safnað eftir atvinnugreinaflokkum sbr. skilgreiningu á skapandi greinum í hluta I.

Með því að byggja á gögnum sem er safnað opinberlega er hægt að fá gögn nokkur ár aftur í tímann auk þess sem auðvelt væri að viðhalda gagnasafni um skapandi greinar í framtíðinni.

Viðauki 1 – Gögn frá Fjársýslu ríkisins

Fjársýsla ríkisins heldur utan um ríkisfjármál. Þar er hægt að nálgast upplýsingar um tekjur og gjöld ríkisins eftir málaflökkum gjalda. Í tengslum við þetta verkefni voru þeir lykjar sem tengdust menningu (0820 og 0830) og listum teknir út og upplýsingar fengnar um veltu á árunum 2005–2009. Gögn frá Fjársýslu ríkisins eru fengin á árlegum grundvelli og eru tiltæk eftir að ríkisreikningur hefur verið birtur; t.d. var ríkisreikningur ársins 2009 birtur 19. júlí 2010. Gögn frá árinu 2010 verða því ekki aðgengileg fyrr en eftir útgáfu þessarar skýrslu.

Fjársýsla ríkisins notast við svokallaðan COFOG-staðal en COFOG stendur fyrir Classification of the Functions of Government og er staðall yfir flokkun á útgjöldum hins opinbera eftir viðfangsefnum. Sameinuðu þjóðirnar gefa staðalinn út en staðallinn er notaður af alþjóðastofnunum svo sem OECD, IMF og Eurostat við flokkun útgjalda hins opinbera eftir málaflökkum.⁷

Í þessari kortlagningu er eingöngu notast við COFOG-flokkanna 08.20.0 (Menning) og 08.30.0 (Fjölmíðlun).

Í COFOG-staðlinum er kostnaðarliðum einnig skipt á milli málaflökka eftir því sem við á. Dæmi um slíka skiptingu kemur frá hjá Landbókasafni Íslands en samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjóra rekstrarsviðs safnsins má skipta starfsemi bókasafnsins í þrennt. Það er þjónustusvið sem sér mest um menntunarhlutann, varðveislusvið sem sér um menninguna og svo rekstrarsvið sem þjónar allri starfsemi safnsins. Að mati sviðsstjórans lætur nærri að skipta megi kostnaði við rekstrarsvið til helminga milli þjónustu- sviðs og varðveislusviðs. Frá og með árinu 2005 var kostnaði við rekstur safnsins skipt á sviðin þrjú en þar til þær tölur liggja fyrir leggur safnið til að kostnaðinum verði skipt til helminga milli þjónustusviðs (menntunar, þ.e. COFOG 09.4.1) og varðveislusviðs (menningar, þ.e. COFOG 08.2.0). Hér er lagt til að þessari skiptingu verði fylgt þar til beinar kostnaðartölur liggja fyrir frá safninu.

Undir liðinn 08.2.0 Menningarmál flokkast stofnanir eins og Íslensk málstöð, fjárlaganúmer 02-207, Örnefnastofnun Íslands, fjárlagnúmer 02-208 og Stofnun Sigurðar Nordals, fjárlaganúmer 02-204. Hér er um að ræða menningarmál en ekki menntamál þótt nefndin sem innleiddi staðalinn telji ekki unnt að draga skýr mörk milli þessara tveggja málaflökka (Hagstofa Íslands, 2011a).

⁷ Hægt er að nálgast útgáfu Sameinuðu þjóðanna á staðlinum á eftirfarandi vefslóð: <http://unstats.un.org/unsd/cr/registry/regcst.asp?Cl=4>

Ásamt útgjöldum og tekjum heldur Fjársýsla ríkisins einnig utan um fjölda ársverka eftir sömu bókhaldslyklum. Hér er byggt á þeim gögnum fyrir sömu ár 2005–2009.

Í eftirfarandi töflum má sjá ársuppgjör hvers fjárlagaviðfangsefnis sem tilheyrir menningu (082) og fjölmiðlun (083) fyrir árið 2009. Í samtals reitnum má sjá heildarútgjöld (veltu) til hvers fjárlagaviðfangsefnis. Einnig má sjá tilgreindan launakostnað, sértekjur, eignakaup og fleira.

Sömu gögn eru fáanleg fyrir árið 2005–2008 en sökum lengdartakmarkanna var ákveðið að birta hér aðeins árið 2009 til að sýna hvernig niðurbrotið lítur út. Hægt er að hafa samband við skýrsluhöfunda til að fá gögnin á rafrænu formi.

Fjárlagaviðfang	Flokkun	Gjöld – sértekjur
082 – MENNING		
01190111 – Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	Tilfærslur	18.000.000
Samtals		18.000.000
01190113 – Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	Annar kostnaður	4.311.299
	Tilfærslur	12.036.505
Samtals		16.347.804
01190123 – Hrafseyri	Tilfærslur	12.900.000
Samtals		12.900.000
01190125 – Vesturfarasetrið á Hofsósi	Tilfærslur	28.000.000
Samtals		28.000.000
01190127 – Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	Tilfærslur	2.000.000
Samtals		2.000.000
011901 – Gjöf Jóns Sigurðssonar	Launakostnaður	484.933
Samtals		484.933
011901 – Undirbúningur að hátíðahöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar	Launakostnaður	403.459
	Annar kostnaður	3.524.439
	Tilfærslur	350.000
Samtals		4.277.898
01190525 – Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	Tilfærslur	3.000.000
Samtals		3.000.000
02209101 – Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	Sértekjur	-76.840.671
	Launakostnaður	265.779.246
	Annar kostnaður	53.354.290
	Eignakaup	1.052.525
	Tilfærslur	39.724.574
Samtals		283.069.964
		436.751.306
02269609 – Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	Annar kostnaður	128.165.578
Samtals		128.165.578
02299173 – Reykjavíkurakademían	Tilfærslur	18.000.000
Samtals		18.000.000
02901101 – Fornleifavernd ríkisins	Sértekjur	-10.055.972
	Launakostnaður	68.550.062
	Annar kostnaður	30.094.918
	Eignakaup	1.048.653
	Tilfærslur	2.520.000
Samtals		92.157.661

02902101 – Þjóðminjasafn Íslands	Sértekjur	-97.587.782
	Launakostnaður	204.852.586
	Annar kostnaður	225.937.537
	Eignakaup	12.683.226
	Tilfærslur	524.314
Samtals		346.409.881
02902110 – Byggða- og minjasöfn	Launakostnaður	1.598.192
	Annar kostnaður	691.385
	Tilfærslur	37.600.000
Samtals		39.889.577
02902521 – Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	Sértekjur	-785.926
	Launakostnaður	5.570.302
	Annar kostnaður	7.325.367
	Eignakaup	47.506
	Tilfærslur	68.700.000
Samtals		80.857.249
02903101 – Þjóðskjalasafn Íslands	Sértekjur	-51.924.640
	Launakostnaður	210.254.734
	Annar kostnaður	195.453.947
	Eignakaup	36.505.891
	Tilfærslur	47.450
Samtals		390.337.382
02903111 – Héraðsskjalasöfn	Annar kostnaður	509.812
	Tilfærslur	24.313.047
Samtals		24.822.859
02904101 – Þjóðmenningarhúsið	Sértekjur	-9.735.499
	Launakostnaður	45.220.127
	Annar kostnaður	72.392.741
	Eignakaup	1.541.530
	Tilfærslur	-173.341
Samtals		109.245.558
02905101 – Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	Sértekjur	-221.395.769
	Launakostnaður	404.474.849
	Annar kostnaður	513.073.788
	Eignakaup	16.828.309
	Tilfærslur	199.583
Samtals		713.180.760
02906101 – Listasafn Einars Jónssonar	Sértekjur	-2.468.036
	Launakostnaður	10.367.030
	Annar kostnaður	10.804.375
	Eignakaup	51.592
	Tilfærslur	-150.889
Samtals		18.604.072
02907101 – Listasafn Íslands	Sértekjur	-30.267.474
	Launakostnaður	96.693.749
	Annar kostnaður	70.234.845
	Eignakaup	19.928.749
	Tilfærslur	3.448.458
Samtals		160.038.327

02907102 – Listasafn Ásgríms Jónssonar	Sértekjur	-14.192
	Launakostnaður	5.811.493
	Annar kostnaður	2.540.220
	Tilfærslur	3.596.362
Samtals		11.933.883
02908101 – Kvikmyndasafn Íslands	Sértekjur	-4.343.152
	Launakostnaður	27.243.031
	Annar kostnaður	21.193.829
	Eignakaup	6.154.601
Samtals		50.248.309
02911101 – Náttúruminjasafn Íslands	Sértekjur	-775.970
	Launakostnaður	13.115.658
	Annar kostnaður	8.751.567
	Eignakaup	2.025.183
Samtals		23.116.438
02913101 – Gljúfrasteinn – Hús skáldsins	Sértekjur	-3.187.553
	Launakostnaður	22.782.714
	Annar kostnaður	9.156.175
	Eignakaup	242.509
Samtals		28.993.845
02913521 – Viðhald	Annar kostnaður	3.912.802
Samtals		3.912.802
02918110 – Safnasjóður	Sértekjur	-441.000
	Launakostnaður	6.235.625
	Annar kostnaður	2.252.561
	Tilfærslur	96.560.000
Samtals		104.607.186
02919110 – Listasafn ASÍ	Tilfærslur	3.000.000
Samtals		3.000.000
02919111 – Nýlistasafn	Tilfærslur	8.900.000
Samtals		8.900.000
02919112 – Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	Tilfærslur	9.400.000
Samtals		9.400.000
02919115 – Hönnunarsafn Íslands	Tilfærslur	10.300.000
Samtals		10.300.000
02919190 – Söfn, ýmis framlög	Tilfærslur	60.500.000
Samtals		60.500.000
02919198 – Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	Annar kostnaður	2.322.674
	Tilfærslur	118.193.531
Samtals		120.516.205
02919645 – Víkinganaust í Reykjanesbæ	Tilfærslur	20.000.000
Samtals		20.000.000
02919690 – Söfn, ýmis stofnkostnaður	Tilfærslur	97.000.000
Samtals		97.000.000
02969603 – Þjóðskjalasafn Íslands	Annar kostnaður	40.505.314
Samtals		40.505.314
02969621 – Endurbætur menningarstofnana	Annar kostnaður	705.600
	Tilfærslur	6.000.000
Samtals		6.705.600

02969623 – Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík	Annar kostnaður	50.000.000
Samtals		50.000.000
02969673 – Þjóðleikhúsið	Annar kostnaður	21.000.000
Samtals		21.000.000
02969682 – Geymsluhúsnæði safna	Annar kostnaður	266.996
Samtals		266.996
02969683 – Lækningaminjasafn Íslands	Tilfærslur	25.000.000
Samtals		25.000.000
02969695 – Menningarhús	Tilfærslur	365.000.000
Samtals		365.000.000
02969696 – Byggðasöfn	Tilfærslur	18.462.667
Samtals		18.462.667
02972101 – Íslenski dansflokkurinn	Sértekjur	-16.681.030
	Launakostnaður	79.579.919
	Annar kostnaður	59.300.065
	Eignakaup	289.434
Samtals		122.488.388
02973101 – Þjóðleikhúsið	Sértekjur	-221.681.447
	Launakostnaður	648.248.643
	Annar kostnaður	280.247.581
	Eignakaup	9.964.507
	Tilfærslur	-602.908
Samtals		716.176.376
02974101 – Sífóníuhljómsveit Íslands	Sértekjur	-109.677.199
	Launakostnaður	548.974.253
	Annar kostnaður	197.887.630
	Eignakaup	1.965.548
	Tilfærslur	29.696.883
Samtals		668.847.115
02977111 – Höfundarréttargjöld til samtaka höfundarréttarféлага	Tilfærslur	43.610.442
Samtals		43.610.442
02977113 – Fylgiréttargjöld í Myndhöfundarsjóð Íslands – Myndstef	Tilfærslur	2.441.891
Samtals		2.441.891
02977114 – Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur	Tilfærslur	1.000.000
Samtals		1.000.000
02977115 – Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	Tilfærslur	6.041.314
Samtals		6.041.314
02978101 – Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	Launakostnaður	4.735.651
	Annar kostnaður	4.572.898
	Tilfærslur	323.580.581
Samtals		332.889.130
02979101 – Húsafriðunarnefnd	Sértekjur	-5.161.125
	Launakostnaður	19.839.289
	Annar kostnaður	14.404.861
	Eignakaup	427.571
	Tilfærslur	59.025
Samtals		29.569.621

02979610 – Húsafriðunarsjóður	Sértekjur	-129.534.374
	Launakostnaður	4.430.371
	Annar kostnaður	75.043.653
	Eignakaup	4.400
	Tilfærslur	178.485.017
Samtals		128.429.067
02980601 – Listskreytingasjóður	Sértekjur	-1.446.964
	Launakostnaður	124.184
	Annar kostnaður	5.081.641
	Tilfærslur	5.900.000
Samtals		9.658.861
02981101 – Kvikmyndamiðstöð Íslands	Sértekjur	-21.342.154
	Launakostnaður	40.486.497
	Annar kostnaður	74.472.716
	Eignakaup	531.696
	Tilfærslur	15.153.182
Samtals		109.301.937
02981110 – Kvikmyndasjóðir	Annar kostnaður	15.298.180
	Tilfærslur	692.882.584
Samtals		708.180.764
02982114 – Bókasafnssjóður höfunda	Tilfærslur	30.000.000
Samtals		30.000.000
02982117 – Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	Tilfærslur	28.000.000
Samtals		28.000.000
02982118 – Bókmenntasjóður	Sértekjur	-13.085.269
	Launakostnaður	7.740.659
	Annar kostnaður	4.514.196
	Eignakaup	170.652
	Tilfærslur	71.006.768
Samtals		70.347.006
02982122 – Starfsemi áhugaleikfélaga	Tilfærslur	28.900.000
Samtals		28.900.000
02982123 – Bandalag íslenskra leikfélaga	Tilfærslur	7.500.000
Samtals		7.500.000
02982124 – Starfsemi atvinnuleikhópa	Launakostnaður	593.379
	Annar kostnaður	176.204
	Tilfærslur	68.200.000
Samtals		68.969.583
02982125 – Tónlistarsjóður	Launakostnaður	460.913
	Annar kostnaður	109.404
	Tilfærslur	51.145.000
Samtals		51.715.317
02982127 – Tónlist fyrir alla	Tilfærslur	7.900.000
Samtals		7.900.000
02982128 – Barnamenningarsjóður	Annar kostnaður	21.611
	Tilfærslur	1.980.000
Samtals		2.001.611
02982129 – Íslensk tónverkamiðstöð	Tilfærslur	12.600.000
Samtals		12.600.000

02982130 – Íslenska óperan	Tilfærslur	175.700.000
Samtals		175.700.000
02982145 – Samningar við sveitarfélög um menningarmál	Tilfærslur	347.000.000
Samtals		347.000.000
02982157 – Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011	Sértekjur	-1.520.000
	Launakostnaður	17.857.570
	Annar kostnaður	32.280.736
	Eignakaup	1.245.328
	Tilfærslur	11.060.975
Samtals		60.924.609
02982170 – Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	Launakostnaður	52.200.000
Samtals		52.200.000
02982176 – Menningarsjóður félagsheimila	Annar kostnaður	24.580
	Tilfærslur	200.000
Samtals		224.580
02982180 – Listahátíð í Reykjavík	Tilfærslur	36.000.000
Samtals		36.000.000
02982190 – Listir	Tilfærslur	49.700.000
Samtals		49.700.000
02983110 – Fræðistörf	Launakostnaður	4.568.685
	Tilfærslur	5.274.000
Samtals		9.842.685
02983111 – Styrkir til útgáfumála	Tilfærslur	40.100.000
Samtals		40.100.000
02983117 – Launasjóður höfunda fræðiritra	Annar kostnaður	511.830
	Tilfærslur	12.240.000
Samtals		12.751.830
02983120 – Iðnsaga Íslands	Annar kostnaður	870.800
Samtals		870.800
02983121 – Tónlistarsaga Íslands	Annar kostnaður	33.786
	Tilfærslur	4.000.000
Samtals		4.033.786
02983123 – Hið íslenska bókmenntafélag	Tilfærslur	10.000.000
Samtals		10.000.000
02983152 – Skriðuklaustur	Annar kostnaður	6.545
	Tilfærslur	23.794.973
Samtals		23.801.518
	Tilfærslur	20.700.000
Samtals		20.700.000
02983154 – Fornleifasjóður	Launakostnaður	576.663
	Annar kostnaður	25.613
	Tilfærslur	24.080.000
Samtals		24.682.276
02999181 – Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Unesco	Annar kostnaður	1.711.854
	Tilfærslur	676.616
Samtals		2.388.470
02999190 – Ýmis framlög	Tilfærslur	142.845.400
Samtals		142.845.400

02999198 – Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	Sértekjur	-5.124.320
	Launakostnaður	528.819
	Annar kostnaður	7.048.450
	Tilfærslur	144.307.487
Samtals		146.760.436
083 – FJÖLMIÐLUN		
02971110 – Ríkisútvarpið, afnotagjöld	Tilfærslur	3.575.000.004
Samtals		3.575.000.004
02999113 – Útvarpsréttarnefnd	Launakostnaður	2.520.374
	Annar kostnaður	14.274.561
	Tilfærslur	2.500.000
Samtals		19.294.935

Viðauki 2 – Gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Líkt og Fjársýsla ríkisins heldur Samband íslenskra sveitarfélaga utan um gjöld og tekjur eftir bókhaldslyklum. Lyklar sveitarfélaganna eru þó ekki þeir sömu og hjá ríki og hugsanlegt er að einhver skörun sé á milli þeirra lykla sem Fjársýsla ríkisins notar og þeirra sem sveitarfélögin byggja á. Samanlagt ættu þó lyklar beggja að ná yfir það sem lýtur að listum og menningu á vegum hins opinbera. Byggt er á gögnum frá árunum 2005–2009 og eru byggð á flokki 05 – Menningarmál.

Til málaflokksins menningarmál heyrir allur kostnaður og framlög sveitarfélags vegna menningarmála, svo sem safna, menningarhúsa, söguritunar, hátíðarhalda o.fl.þ.h. Þá flokkast hér framlög til kirkjubygginga (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2011).

